


PÉTUR ÞÓR RAGNARSSON

*Bílasali sem fer allra sinna ferða á hjóli*

heilsa bækur

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

LH HESTAR

*Uppskeruhátíð hestamanna*

Sérblað frá hestamönnum

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**TIGER**

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. nóvember 2007 — 309. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Gítar Bubba boðinn upp



Gítar Bubba Morthens var boðinn upp til styrktar unglingadeild SÁÁ og fór á 210 þúsund krónur.

FÓLK 34

### Menningarfátækt

„Það er skammarleg menningarfátækt að hér skuli vaxa úr grasi kynslóðir Íslendinga sem varla hafa séð á skjá íslenskan raunveruleika úr samtíð eða sögu,“ skrifar Björn B. Björnsson kvikmyndagerðarmaður.

UMRÆÐAN 18

### Á sex Eddur heima



Ingvar E. Sigurðsson getur stært sig af sex Eddum heima við. Hann mun snúa aftur sem Erlendur í Grafarþögn.

FÓLK 34

### Jónas Guðni í KR



Keflvíkingurinn Jónas Guðni Sævarsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við KR. Hann segist hafa þurft á nýrri áskorun að halda.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**STREKKINGUR** Í dag verður norðvestan strekkingur á austurhluta landsins og með ströndum nyrðra annars hægari. Bjart með köflum sunnan og austan til annars stöku él. Hiti 0-5 stig syðra annars um eða undir frostmarki.

VEÐUR 4

# Sjálfsbjörg úr rekstri íbúða fyrir fatlaða

**Formaður Sjálfsbjargar segir að ákveðið hafi verið að hætta rekstri í húsnæðinu að Hátúni 12. Einkaaðilar vilji kaupa húsið. Fatlaðir eigi ekki að búa í sérstökum blokkum og félagasamtök ekki að sjá um rekstur fyrir velferðarkerfið.**

**VIÐSKIPTI** Félagasamtökin Sjálfsbjörg sem reka leiguíbúðir, endurhæfingarstöð og hjúkrunarheimili fyrir hreyfihamlaða, hafa ákveðið að selja húsnæði sitt í Hátúni 12 en þar búa um 70 manns.

Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar, segir reksturinn hafa þyngst síðustu ár, til að mynda vegna hækkandi fasteignaskatts án þess að hið opinbera hafi komið til móts við félagið. Reksturinn sé nú orðinn of þungur og honum þyki ekki lengur við hæfi að frjáls félagasamtök reki félagslegt úrræði fyrir velferðarkerfið.

„Við gerum okkur grein fyrir að eign okkar er eftirsótt. Einkaaðilar hafa sýnt henni töluverðan áhuga,“ segir hann.

Ragnar ítrekar að íbúum í Hátúni 12 verði ekki vísað burt fyrr en samkomulag náist við stjórnvöld um að fólk sem þar býr fái áfram þjónustu. Ágóði af sölu hússins renni að hluta til hjúkrunarheimilisins sem þá verði rekið annars staðar en í Hátúni og af öðrum aðilum en Sjálfsbjörg.

Fyrstu félagasamtökin innan Sjálfsbjargar voru stofnuð árið 1958 og hefur ýmiss konar rekstur í þágu fatlaðra verið innan samtakanna frá þeim tíma. Ragnar segir að stefnt sé á að öllum rekstri verði hætt og í framtíðinni verði samtökin eingöngu baráttusamtök fyrir bættum kjörum öryrkja.

Ákvörðunina segir Ragnar í takt við framtíðarsýn Öryrkjabandalagsins, sem vill blanda íbúasamsetningu Hátúns 10 með því að leigja þar ófötluðu fólki einnig húsnæði. Aðskilja eigi þjónustu og heimili.

„Við viljum að þjónusta við fatlaða verði stóraukin. Fatlað fólk ætti þó að geta fengið þá þjónustu heim til sín og þarf ekki að búa í sérstakri blokk vegna fötlunar sinnar. Slík starfsemi er gjörsamlega úr takti við tímann og þá þróun sem hefur átt sér stað,“ segir Ragnar.

- kdk / sjá síðu 6



**Á SLYSSTAÐ** Heyrnar- og sjónskertur karl um sextugt varð fyrir bíl á gatnamótum Nýbýlavegs og Valahjalla í Kópavogi síðdegis í gær. Maðurinn gekk í veg fyrir bíl og náði ökumaður ekki að hemla í tæka tíð. Hann var með meðvitund þegar sjúkraflutningamenn bar að garði og var fluttur á slysadeild. Maðurinn er alvarlega slasaður en er ekki talinn í lífshættu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðjón Valur skiptir um félag:

## Vill ná árangri og vinna titla

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson hefur samið við þýska liðið Rhein-Neckar Löwen til ársins 2012. Samningurinn gildir frá og með árinu 2009 en félagið freistar þess að kaupa Guðjón Val þessa dagana svo hann komist til félagsins næsta sumar.




GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON

„Það var alls ekkert auðveld ákvörðun að yfirgefa Gummersbach og Alfreð þjálfara enda hefur mér liðið vel þar. Ég er aftur á móti í þessu til að ná árangri og vinna titla. Þetta félag ætlar sér stóra hluti og ég ákvað að stökkva á þetta spennandi tækifæri,“ sagði Guðjón Valur en samningurinn sem hann gerir er hans stærsti á ferlinum.

- hbg / sjá síðu 30

Framkvæmdastjóri SMÁÍS:

## Rétthafar verða af milljarði

**TÆKNI** **Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, segir að verðmæti þeirra skráa sem skipta um eigendur við ólöglegt niðurhal geti numið rúmlega einum milljarði íslenskra króna á hverju ári. Hann segir til að mynda að meðalvirðið af hverri torrent-skrá sé metið á 1500 krónur og ef miðað sé við að fimmtán til sextán þúsund notendur sæki efnið fáist þessi upphæð. „Ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því hversu mikil verðmæti er hér um að ræða,“ segir Snæbjörn og bendir til að mynda á finnska dómsmálið í garð vefsíðunnar Finn Reactor. Þá voru þeir sem komið höfðu nálægt svipaðri síðu og torrent er, dæmdir til að greiða fimmtíu milljóna króna sekt.**

-fgg/ sjá síðu 34

ESEDRA



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

Ráðist á konu í húsasundi í Reykjavík aðfaranótt laugardags og henni nauðgað:

# Tveir í haldi vegna nauðgunar

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru úrskurðaðir í viku gæsluvarðhald í gær, grunaðir um að hafa nauðgað konu í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt laugardags.

Konan, sem er á fertugsaldri, hlaut töluverða líkamlega áverka.

Hún var ein á ferð; að koma af skemmtistað síðla nætur, þegar mennirnir réðust að henni í húsasundi í miðborginni.

Karlmennirnir, sem báðir eru grunaðir um að hafa nauðgað konunni, voru handteknir skömmu síðar.

Við rannsókn lögreglu er meðal annars stuðst við gögn úr eftirlitsmyndavélum í miðborginni.

Enn er óupplýst tilraun manns til að nauðga konu í húsasundi við Vesturgötu í Reykjavík í febrúar. Íbúi í nágrenninu sem varð árásarinnar var kallaði lögreglu til. Konan var marin, blóðug og óttaslegin.

Tvær nauðgunarkærur bárust lögreglu á seinni hluta síðasta árs. Tvær stúlkur kærðu nauðgun, önnur átti sér stað í húsasundi í miðborginni en hin við Þjóðleikhúsið. Önnur stúlknanna dró kæru sína til baka, hitt málið er enn óupplýst.

- jss

3G (ódýrari en Síminn)

Farsímalagerinn.is

TENGI

MORA INXX BLÖNDUNARTÆKI




www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000

Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050

Virkadaga 8.00 - 18.00 • Laugardaga 10.00 - 15.00

## SPURNING DAGSINS



*Þór, eru öll kurl komin til grafar?*

„Ekki alveg en við erum að vinna í því.“

Þór Þorfinnsson, skógarvörður í Hallormsstaðarskógi, ætlar að gera tilraun til að kynda barnaskólann á Hallormsstað með viðarkurli.

Ákvörðun dómsmálaráðherra um framsal til Litháen var hrundið í Hæstarétti:

# Þjófur frá Litháen fer hvergi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands felldi í gær úr gildi ákvörðun dómsmálaráðherra frá því í október, um framsal á átján ára gömlum karlmanni til Litháen vegna fimm þjófnaðarbrota þar í landi.

Varnaraðili kærði úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í október til Hæstaréttar, þar sem kröfu hans um að ákvörðun dómsmálaráðherra um framsal mannsins til Litháen yrði hrundið.

Samkvæmt gögnum málsins er framsalsbeiðni litháískra dómsmálayfirvalda reist á grun um að maðurinn hafi framið fimm þjófnaðarbrot þar í landi. Hins vegar kemur fram í gögnum málsins að fjögur mál gegn manninum séu til meðferðar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, fyrir þjófnað, eignaspjöll og fíkniefnalagabrot.

Í lögum um framsal segir að framsal á manni sé aðeins heimilt ef verknaður hans getur varðað fangelsi í meira en eitt ár samkvæmt íslenskum lögum. Þá er lagt bann við að framselja mann í 10. grein laganna, ef hér á landi er til meðferðar mál fyrir annan verknað en þann sem hann óskast framseldur fyrir og sem getur varðað minnst tveggja ára fangelsi. Vegna alvarleika brota mannsins hér á landi var því hinn kærði úrskurður felldur úr gildi.

Einn hæstaréttardómari, Hjördís Hákonardóttir, skilaði sératkvæði vegna málsins en hún vildi staðfesta hinn kærða úrskurð. - æþe



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HÆSTIRÉTTUR** Maður sem grunaður er um lögbrot verður ekki framseldur.

Forkólfar fyrirtækis dæmdir:

# Settu meðlögin í reksturinn

**DÓMSMÁL** Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fyrirtækis í Reykjavík hafa verið dæmdir fyrir fjárdrátt og til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga tæpa milljón króna.

Mennirnir héldu eftir rúmlega 700 þúsund krónum af launum tveggja starfsmanna fyrirtækisins, sem áttu að fara upp í meðlagsskuldir starfsmannanna. Hinir dæmdu notuðu peningana hins vegar í rekstur fyrirtækisins.

Mennirnir játuðu brot sín.

Þeir voru, auk greiðslunnar til Innheimtustofnunar, dæmdir í 30 daga fangelsi hvor, skilorðsbundið í tvö ár. - jss

Paul Nikolov kominn á þing:

# Aldrei stoltari

**ALÞINGI Paul Nikolov, varaþingmaður Vinstri grænna, settist í fyrsta skipti á þing í gær í fjarveru Árna Þórs Sigurðssonar. Paul er fyrsti Íslendingurinn sem ekki hefur íslensku að móðurmáli sem tekur sæti á þingi.**



PAUL NIKOLOV

**„Ég hef aldrei verið stoltari af því að vera íslenskur ríkisborgari en í dag,“ segir Paul. Hann reiknar ekki með að tungumálaerfiðleikar muni gera honum lífið erfiðara á þingi, hann skilji íslensku vel og tali ágætlega.**

**Paul ætlar að nota tíma sinn á þingi vel og berjast fyrir rétti innflytjenda. Hann leggur til að lögum um innflytjendur verði breytt þannig að innflytjendur sæki sjálfir um atvinnuleyfi, en í dag sækja vinnuveitendur um atvinnuleyfið.** - bj

Norræna vélarvana í óveðri:

# Rak stjórnlaus í 20 mínútur

**SAMGÖNGUR** Ferjan Norræna varð vélarvana í miklu óveðri í fyrradag á hafinu milli Noregs og Hjaltlands.

Skipið missti afl eftir að skrúfa þess fór upp úr sjónum í miklum öldugangi, en við það sló straumi út. Áhöfninni tókst að koma hjálparvélum skipsins í gang og síðan aðalvélinni sjálfri eftir um tuttugu mínútur.

Auk þessa skemmdist stöðugleikabúnaður skipsins, svo það valt eins og korktappi í ölgusjó og skemmdust bílar á bíladekki í veltingnum. Engan farþeganna 244 sakaði.

Ferjan er væntanleg til Færeyja í dag, þar sem farþegum verður veitt áfallahjálp. -æþe

# Efast um að starfsfólk fáist í netþjónabúin

**Mannekla í upplýsingatækni stendur skipuleggjendum netþjónabúa fyrir dyrum. Við þurfum að gera störfin meira aðlaðandi, segir framkvæmdastjóri Microsoft. Erfitt að manna hvað sem er á Íslandi, segir stjórnarformaður Verne Holding.**

**VINNUMARKAÐUR** Of lítill hluti vinnuafls á Íslandi tengist upplýsingatækni. Erfitt gæti reynst að manna netþjónabú sem byggja á hérlendis vegna þess. Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, segir nauðsynlegt að gera hlutverk í upplýsingatækni meira aðlaðandi.

„Allir sem ég hef rætt við í þessum geira segja mér að það sem hamli þeirra vexti sé skortur á fólki,“ segir Halldór. „Það er hálfgert sjálfsmorð að hefja starfsemi á Íslandi sem er mjög mannaflskrefjandi.“

Halldór flytur erindi á ráðstefnu Skýrslutæknifélags Íslands um hugbúnaðargerð á þriðjudaginn í næstu viku. Fyrirlesturinn fjallar um skort á fagfólki í upplýsingatækni á Íslandi, og hvernig megi bregðast við honum.

Hann segir aðeins um 3,7 prósent vinnuafls hér á landi tengjast upplýsingatækni, en eðlilegra sé að hlutfallið sé í fimm til sex prósentum. Upplýsingatækni sé nýtt í síauknum mæli við rekstur fyrirtækja, en á móti fari framboð fagmenntaðra í upplýsingatækni minnkandi.



HALLDÓR JÖRGENSEN

„Við höfum fundað með forsætisráðherra og rætt um þetta vandamál, en það eru engar áþreifanlegar lausnir í sjónmáli hjá ríkinu þó vilj-inn sé fyrir hendi,“ segir Halldór.

Fram hefur komið í fréttum að Landsvirkjun ræði nú við Verne Holding um sölu á raforku vegna netþjónabúa á Reykjanesi. Aðspurður hvort mannekla í upplýsingatækni valdi honum áhyggjum segir Vilhjálmur Þorsteinsson stjórnarformaður erfitt að manna hvað sem er á Íslandi í dag.

„Við horfum til þess að geta meðal annars fengið vinnuafl af Reykjanessvæðinu, sem hefur verið í skyldum störfum á vallarsvæðinu. Bandaríkjamenn voru til dæmis með rekstur í sambandi við ratsjár- og fjarskiptabúnað, og talsvert af sérfræðingum sem unnu við það. Það verður hugsanlega hægt að nálgast eitthvað af því fólki.“ - sþs



**TÖLVUGÖGN** Fáir vinna í upplýsingatækni á Íslandi og telur framkvæmdastjóri Microsoft mikilvægt að hlutverk greinarinnar verði meira aðlaðandi. NORDICPHOTOS/GETTY

> Allir sem ég hef rætt við í þessum geira segja mér að það sem hamli þeirra vexti sé skortur á fólki. Það er hálfgert sjálfsmorð að hefja starfsemi á Íslandi sem er mjög mannaflskrefjandi.
>
> **HALLÓR JÖRGENSEN**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI MICROSOFT Á ÍSLANDI



**GJAFABRÉF Í JÓLAGJÖF** Grýla og jólasveinarnir keyptu gjafabréf hjá nýrri vefverslun Hjálparstarfs kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjálparstarf kirkjunnar:

# Gjafabréf auðvelda aðstoð

**HJÁLPARSTARF** Hjálparstarf kirkjunnar opnaði í gær nýja vefverslun, www.gjofsemgefur, og komu Grýla og jólasveinarnir færandi hendi og vörðu rúmlega 800 þúsund krónum frá Jólasveinaþjónustu Skygrágms.

„Fólk getur leyst barn úr skuldaánauð á Indlandi og gefið geit í Malaví,“ segir Bjarni Gíslason upplýsingafulltrúi og bætir við að með þessu sé Hjálparstarfið að auðvelda fólki að láta gott af sér leiða.

Boðið er upp á 20 mismunandi gjafabréf sem flest tengjast þróunarverkefnum í Afríku og Indlandi. Þau eru í mismunandi verðflokkum, allt frá 2.000 krónum upp í 150 þúsund krónur. - ghs

## SLÖKKVILIÐ

### Vatnsleki í fjölbýlishúsi

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins barst tilkynning um þrjúleytið í gærdag, um vatnsleka á annarri hæð í fjölbýlishúsi við Dalbraut í Reykjavík, eftir að krani losnaði af blöndunartækjum. Slökkvilið sá um að dæla vatninu úr húsinu, en töluverðar vatnsskemmdir urðu á hæðinni og þeirri fyrir neðan.

## HVERAGERÐI

### 200 þúsund í gufulist

Hvergerðisbær fær 200 þúsund króna styrk úr Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands til að setja upp gufulistaverk eða goshver í bænum.


-2 kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

ÓB ódýrt bensín

www.ob.is

Himinn og haf / SÍA


Guðný Halldórsdóttir leikstjóri fékk Íslensku bjartsýnisverðlaunin í gær:

# Staðfesting á því að fólk fílar mig þótt bransinn geri það ekki

**VERÐLAUN** Íslensku bjartsýnisverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í gær í 27. skiptið, en það var leikstjórinn Guðný Halldórsdóttir sem hlaut þau í ár.

Það var Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem afhenti Guðnýju verðlaunin, en þau eru kennd við danska athafnamanninn Peter Brøste sem veitti þau í fyrsta sinn árið 1981, en verðlaunafé er ein milljón króna.

„Þetta er engin sárabót fyrir Edduna, ég vissi af þessum verðlaunum fyrir löngu. Ég held því bara fram að bransanum finnist ég vera vond, en áhorfendum og gagnrýnendum finnst ég ágæt,“ sagði Guðný spurð um þýðingu verðlaunanna fyrir hana. - æþe

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VERÐLAUNAHAFINN Í FÖGRU FÖRUNEYTI** Frú Vigdís Finnbogadóttir, Rannveig Rist, forstjóri Alcan, sem er bakhjarl Íslensku bjartsýnisverðlaunanna, Guðný Halldórsdóttir verðlaunahafi og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.




N1

**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
**N1** VERSLANIR

WWW.N1.IS

Hvort sem það er rúðuvökvi, frostlögur, lásasprey eða snjóskafa sem þig vantar, þá finnur þú það hjá N1. Veturinn er nefnilega kominn, það er engin spurning.
**N1 - Meira í leiðinni.**

## GENGIÐ 12.11.07

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,47 | 60,75 |
| Sterlingspund | 125,61 | 126,23 |
| Evra | 88,12 | 88,62 |
| Dönsk króna | 11,82 | 11,89 |
| Norsk króna | 11,254 | 11,32 |
| Sænsk króna | 9,466 | 9,522 |
| Japanskt jen | 0,5491 | 0,5523 |
| SDR | 95,75 | 96,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

117,4864

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bæjarstjóri minnir á 70 daga árlega lyktarmengun af Bitruvirkjun í bænum:

# Tekið verði tillit til Hveragerðis

**ORKA** „Ég ætla ekki að trúa því fyrr en ég tek á því að nágrannasveitarfélagið taki ekki tillit til okkar hagsmuna," segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis.

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss, sagði hér í blaðinu á föstudaginn að neikvæð afstaða Hvergerðinga til Bitruvirkjunar hefði ekki úrslitaáhrif á áform sveitarfélagsins um hana. Þetta, segir Aldís, „væri auðvitað mjög sérkennilegt, ef þeir ákveða að hundsa skýran vilja bæjarbúa".

Bæjarráð Hveragerðis ítrekaði í gær andstöðu bæjarbúa og telur að framkvæmdin geti skaðað framtíðarmöguleika bæjarins.



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR** Hefur engan áhuga á stríði við Ölfusinga, en finnst sérkennilegt ef þeir virða vilja Hvergerðinga að vettugi. MYND/EGILL BJARNASON

„Bitruvirkjun er í túnfætinum á okkar sveitarfélagi og við værum aum bæjarstjórn ef við hefðum ekki skoðun á því hvað þar fer niður," segir Aldís og bendir á bein áhrif virkjunarinnar, fýluna:

„Matsaðilarnir telja að hér verði lyktarmengun í allt að sjötíu daga á ári, fyrir utan að gönguleiðirnar og þessi ferðamannaparadís er ofboðslega skemmtilegt svæði. Hengilssvæðið er sett í svo til allar erlendar ferðamannahandbækur og okkur ber skylda til að standa vörð um þessa hagsmuni," segir Aldís.

Hún er því sammála þeim orðum bæjarstjóra að maðurinn lifi ekki á loftinu einu saman, „en það þarf bara að vanda til verka". **- kóþ**

Nítján ára stúlka í Danmörku:

# Innilokuð í níu daga og pyntuð

**DANMÖRK Nítján ára stúlka var innilokuð í skúr við Suðurhöfnina í Kaupmannahöfn í níu daga og þar sætti hún hroðalegri meðferð. Kærasti hennar, jafngamall, hefur verið handtekinn.**

**Stúlkunni tókst að sleppa á sunnudag, brjótast inn í timburverslun og hringja í fjölskyldu sína. Hún hafði mátt þola þungar barsmíðar og var með brunasár eftir heitt vatn auk þess sem hún hafði misst framan af þumalfingri. Þá hafði hún lítið nærst.**

**Stúlkan segir ofbeldið hafa staðið yfir í eitt ár og hafa færst í aukana síðustu mánuðina.** **- gb**



**OLÍUMENGUN** Svona er umhorfs á ströndum Svartahafs eftir skipsskaða á sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

Skipsskaði í Svartahafi:

# Lík skipverja rekur á land

**RÚSSLAND, AP** Lík þriggja skipverja manna á flutningaskipi sem sökk í óveðri á Kerch-sundi við Svartahaf á sunnudag rak á land í gær. Fimm er enn leitað.

Vinna hófst í gær við að meta skaða eftir að um 2.000 tonn af olíu láku úr rússnesku olíuflutningaskipi sem brotnaði í tvennt í veðurofsanum. Byrjað var að reyna að hreinsa upp olíuna sem var farin að setjast á strendur en slæmt veður setti strik í reikninginn.

Tíu skip sukku eða strönduðu í óveðrinu. Tvö skipanna sem sukku voru með 6.500 tonn af brennisteini innanborðs sem einnig lak út í sjóinn. **-sdg**

## KÓPASKER

### Jarðskálftasetur undirbúið

Undirbúningshópur heimamanna auk aðila frá þekkingarsetri Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga er að vinna að að stofnun Jarðskjálftaseturs á Kópaskeri. Þetta kemur fram á vefsetri Norðurþings.

## LEIÐRÉTTING

Í umfjöllun um lyklaborð á föstudag var ranglega sagt að Jóhann Gunnarsson sæti í lyklaborðsnefnd Skýrslutæknifélags Íslands. Hann er formaður lyklaborðsnefndar sem skipuð er af Fagstaðlaráði í upplýsingatækni.

# Dregur í efa lögmæti styrksins frá Björgólfi

**Ögmundur Jónasson alþingismaður segir efast um að framlag Björgólfs Guðmundssonar til dagskrárgerðar fyrir Ríkisútvarpið standist lög. Páll Magnússon útvarpsstjóri segir það misskilning að um styrk sé að ræða til Ríkisútvarpsins.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það vakna alvarlegar spurningar þegar stórefnamenn eru komnir með puttana í framleiðslu fyrir Ríkisútvarpið ohf.," segir Ögmundur Jónasson, alþingismaður Vinstri grænna.

Ögmundur segir fjárframlag Björgólfs til dagskrárgerðar Ríkisúvarpsins geta stangast á við lög um fyrirtækið.

„Þar er settar ákveðnar skorður varðandi auglýsingar og kostun dagskrárefnis og vísað til þess að það eigi ekki að hækka sem hlutfall af rekstrarkostnaði RÚV. Með þessu fjárframlagi Björgólfs vakna spurningar um skilgreiningar," segir Ögmundur sem vill að stjórn Ríkisútvarpsins skoði málið.

Ómar Benediktsson, formaður stjórnar RÚV, vísaði í gær á Pál Magnússon útvarpsstjóra sem segir misskilning að framlag Björgólfs sé styrkur til Ríkisútvarpsins.

„Björgólfur er ekki að láta neitt fé renna í dagskrárgerð eða kostun á dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu. Hann hefur tekið þá ákvörðun að jafna þá upphæð sem Ríkisútvarpið leggur til í framleiðslu á leiknu íslensku efni hjá sjálfstæðum framleiðendum. Í því felst engin styrkur eða velgjörð við Ríkisútvarpið," segir Páll.

Ögmundur kveðst ekki treysta orðum Björgólfs um að hann muni ekki blanda sér í dagskrárgerðina sjálfa. „Ég gef ekkert fyrir slíkar yfirlýsingar þegar menn eru að láta fé af hendi rakna til dagskrárgerðar að þeir láti sig engu varða



**SAMKOMULAGIÐ INNSIGLAÐ** Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri, Björgólfur Guðmundsson og Páll Magnússon útvarpsstjóri gengu frá samkomulagi um að Björgólfur greiði á bilinu 100 til 150 milljónir króna til innlendrar dagskrárgerðar fyrir Ríkisútvarpið á þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hvað við þá fjármuni verður gert," segir hann.

Páll segir óhugsandi að Björgólfur muni hafa áhrif á dagskrárgerðina. „Við erum að reyna að skapa forsendur til að auka framleiðslu á íslensku sjónvarpsefni og höfum með þessu laðað inn nýtt fjármagn algerlega skuldbindingarlaust. Í því felst ekkert afsal á dagskrárvaldi enda erum við ekki að þiggja neinn styrk frá Björgólfi," ítrekar Páll sem neitar því að Ríkisútvarpið muni hagnast fjárhagslega vegna framlags Björgólfs: „Ávinningur okkar er sá að við öðlumst sýningarrétt sem verður til á grundvelli þessa samnings enda erum sjálfir við að leggja fé í þetta."

Stjórn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins mótmælir samkomulaginu. „Það er stórvarhugavert að einn af auðugustu athafnamönnum landsins skuli öðlast ítök í starfsemi Ríkisútvarpsins með þessum hætti," segir í yfirlýsingu stjórnarinnar.

Félag leikskálda og handritshöfunda fagnar hins vegar samningnum.

Benedikt Bogason, formaður útvarpsréttarnefndar, kvaðst í gærkvöld ekkert vilja segja um þetta mál að svo stöddu.

gar@frettabladid.is

Yfirlýsing frá VSÓ-ráðgjöf:

# Skýrslan unnin af heilindum

**ORKUMÁL** VSÓ-ráðgjöf sendi frá sér yfirlýsingu í gær, vegna athugasemda Gísla Más Gíslasonar prófessors í Fréttablaðinu á sunnudag. Þar sakaði Gísli Már fyrirtækið um að halda vísvitandi upplýsingum frá almenningi í nýrri skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna Bitruvirkjunar, en skýrsluna vann fyrirtækið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.

Í yfirlýsingunni segir að skýrslan hafi verið unnin af heilindum og metnaði og að engum gögnum hafi verið stungið undan.

Athugasemdum hans verði svarað á faglegan hátt í endanlegri matskýrslu sem allir munu hafa aðgang að.

Þá er prófessorinn sagður vega harkalega að heiðri starfsmanna VSÓ-ráðgjafar að ósekju, með ummælum sínum. **- æþe**

Samgöngumál í Vogum:

# Mæður hittu bæjarstjórann

**SAMGÖNGUR Fjórar mæður úr Vogunum hittu Róbert Ragnarsson bæjarstjóra að máli á föstudaginn vegna breyttra rútuferða á Suðurnesjum.**

**Allt að tuttugu börn í Vogum taka rútuna í Hafnarfjörð til að æfa íþróttir. Ferðaáætlun SBK-ferða hefur breyst með tilkomu Express-ferða Keilis.**

**„Við ræddum ýmislegt og erum að skoða þetta," segir bæjarstjórinn. Hann hefur ekki tekið ákvörðun um hvernig brugðist skuli við erindinu.**

**Móðir tíu ára stúlku vakti athygli á því hér í blaðinu að dóttir hennar þurfi að hlaupa yfir Reykjanesbrautina til að ná rútunni.**

**-kóþ**




EPSON

FILMU-SKANNAR Í ÚRVALI

- Allt að 4800 punkta upplausn
- 48 bita litadýpt
- 3.2 Dmax
- Skanna filmur og slides
- Litaleiðrétting

Verð frá 15.900 kr.

ÞÓR HF Ármúla 11 • Sími 568 1581 • www.thor.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁFRAM UMHLEYPINGAR**

**Sú rysjótta tíð sem verið hefur þetta haustið heldur áfram um sinn. Eftir því sem líður á daginn losnum við smám saman við lægð sem nú liggur undan norðurströndinni. Á morgun er dálítil bið eftir þeirri næstu sem þó kemur síðdegis með hægt vaxandi suðaustanátt og hlýnandi veðri. Útsynningur verður svo á fimmtudag með vætusömu veðri all víða.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Fremur hæg norðlæg átt. Skýjað með köflum. Hiti 0-3 stig.**




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skúrir | London | 10°C skúrir | Friedrichshafen | 1°C snjóél |
| Billund | 6°C skúrir | París | 8°C skúrir | Lúxemborg | 4°C skýjað |
| Osló | 2°C skúrir | Amsterdam | 10°C skúrir | Alicante | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skúrir | Frankfurt | 7°C skúrir | Róm | 15°C léttskýjað |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 4°C slydduél | Las Palmas | 23°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.







**HOME ART** ER NÚ Í ORMSSON SMÁRALIND

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!

OPIÐ LAUGARDAGA KL. 11–18 OG SUNNUDAGA KL. 13–18



# home art



















Dásamlega fjölbreytt
og falleg vara!




# ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS

**KJÖRKASSINN**



*Fylgdist þú með Edduverðlaununum?*

| | |
|---|---|
| Já | 36% |
| Nei | 64% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú fylgjandi áformum um Bitruvirkjun á Ölkelduhálsi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Ákvörðun Landsvirkjunar um að selja ekki orku til álvera á Suður- og Vesturlandi á næstunni rædd á Alþingi:

# Misvísandi skilaboð um stóriðjustefnu

**ALÞINGI** Misvísandi skilaboð berast frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar um framhald stóriðjustefnunnar, sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, í umræðum á Alþingi í gær.

Steingrímur vísaði til þess að Geir H. Haarde forsætisráðherra hefði sagt að engin stóriðjuáform væru útilokuð og að ákvörðun Landsvirkjunar um að selja orku til annarra en álframleiðenda á Suður- og Vesturlandi væri viðskiptalegs eðlis.

Þetta sagði Steingrímur í mótsögn við það sem Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hefði sagt. Hann hefði lýst ákvörðun Landsvirkjunar þannig að með þessu væru stjórnvöld að hverfa frá blindri stóriðjustefnu.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Geir H. Haarde sagði að með ákvörðun Landsvirkjunar væri fyrirtækið að marka sér stefnu í orkuöflun í þessum landshluta. Ákvörðunin væri skynsamleg, og hefði ekki áhrif á mögulega uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.

Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi ákvörðun Landsvirkjunar, og sagði fyrirtækið ekki eiga að útiloka fyrirtæki í ákveðnum iðnaði frá viðræðum um orkukaup.

**- bj/kóþ**

## ÞÁTTUR SEÐLABANKANS

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, telur að ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar hafi verið „þaulrædd innan stjórnarráðsins og Seðlabankans“.

Hann rifjar upp ummæli Davíðs Oddssonar frá 7. nóvember hér í blaðinu. Þar sagði Davíð að eftirspurn eftir orku yrði líklega enn meiri í framtíðinni. Aðstæður í efnahagslífinu knýi ekki á um framkvæmdir. Hagfellt sé að menn „pústi aðeins í efnahagslífinu“.

Árni kveður ákvörðun Landsvirkjunar að öllum líkindum tekna til að minnka þenslu og til að tryggja markmið ríkisstjórnarinnar um jöfnun búsetuskilyrða með álveri á Húsavík. Síðast en ekki síst rúmist ekki nema „eitt lítið álver“ innan íslenska undanþáguákvæðisins vegna Kyoto-ákvæðisins. Landsvirkjun hafi verið gerð að stjórntæki valdhafa.

**HAFNARFJÖRÐUR**

### Fá ekki lyftustyrk

KFUK fær ekki umbeðinn styrk frá Hafnarfjarðarbæ til að kaupa lyftu sem bæta á aðgengi fatlaðra að æskulýðsmiðstöðinni í Vindáshlíð í Kjós. Lyftan kostar 2,5 milljónir króna.

**HVERAGERÐI**

### Nýtt hótel í Ölfusi

Bæjarstjóra Hveragerðis hefur verið falið af bæjarráði að hefja viðræður við Nýsi hf. um lóð fyrir félagið á Árhólmasvæðinu í Ölfusdal fyrir hótelbyggingu, hótelíbúðir og tengdan rekstur.

# Leiga til ófatlaðra sögð þvert á reglur

**Formaður félags íbúa í Hátúni 10, sem Öryrkjabandalagið á, segir fyrirhugaðar breytingar ekki í samræmi við skipulagsskrá hússjóðsins. Hann segir fólk mjög óttaslegið vegna breytinganna. Lítill áhugi sé á blöndun innan hússins.**

**FÉLAGSMÁL** „Þessar breytingar brjóta algerlega í bága við skipulagsskrá hússjóðs Öryrkjabandalagsins,“ segir Hafþór Baldvinsson, formaður félags íbúa í Hátúni, um hugmyndir innan bandalagsins að leigja ófötluðu fólki íbúðir í Hátúni 10.

Mikill órói er í því fólki sem býr í húsnæði Öryrkjabandalagsins í Hátúni vegna breytinga á rekstri. Magir virðast óttast að Hátún 10 verði selt til einkaaðila en gengið var frá sölu Fannborgar 1, 43 íbúða fjölbýlishúss í eigu bandalagsins, til einkaaðila í gær.

Í 5. grein skipulagsskrár hússjóðs bandalagsins frá árinu 1966 segir: „Hlutverk sjóðsins er að eiga og reka íbúðarhús fyrir öryrkja … Aldrei má sjóðurinn leigja íbúðarhúsnæðið öðrum en öryrkjum og öryrkjastofnunum, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.“

Hafþór segist ekki hafa fengið neinar upplýsingar um að skipulagsskránni eigi að breyta og furðar sig á því að ganga eigi þvert á þá sem nú er í gildi.

Helgi Hjörvar, stjórnarformaður hússjóðsins, segir að samkvæmt gildandi skrá hafi sjóðnum verið heimilt að selja eignir og finna íbúum nýtt húsnæði. Hann ítrekar að ekki verði slitið leigusamningum við neinn til þess að koma ófötluðu fólki að. „Það er túlkunaratriði hvort heimilt sé að leigja íbúðirnar út en við höfum hins vegar ákveðið að gera breytingar á skipulagsskránni til að taka af öll tvímæli áður en ráðist verður í útleigu. Meginatriði málsins er að tekjunum verður varið í að koma upp jafnmörgum íbúðum utan Hátúnsins og leigðar verða innan þess og að hagsmunir öryrkja verði hafðir í fyrirrúmi,“ segir Helgi. Aðalástæða fyrirhugaðs fyrirkomulags sé að blanda íbúasamsetningu þar sem ekki þykir enn við hæfi að hafa sérstakar öryrkjablokkir lengur.

Margir íbúanna furða sig á því hvers vegna ófatlaðir leigjendur munu fá íbúðir í Hátúni þegar um 200 öryrkjar bíði eftir húsnæði. Helgi hefur svarað því þannig til að of veikt fólk hafi fengið húsnæði í Hátúni og yfir því hafi íbúar þess kvartað og önnur og betri úrræði því verið fundin fyrir veikustu skjólstæðinga bandalagsins.

„Sjálfur er ég hlynntur blandaðri byggð en tel ekki vænlegt að hún verði mynduð hér í Hátúni,“ segir Hafþór.

**karen@frettabladid.is**



**ÍBÚAR Í HÁTÚNI 10** Ása Gígja, Þröstur Gunnarsson, Ari Gunnar Ásgrímsson og Júlíus Þórðarson sögðu mikinn ótta meðal íbúa vegna fyrirhugaðra framkvæmda en fjöldi íbúa var samankominn í setustofu hússins í gær og var um fátt annað en yfirvofandi breytingar skrafað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HAFÞÓR BALDVINSSON



HELGI HJÖRVAR

> Hagsmunir öryrkja verði hafðir í fyrirrúmi.
>
> **HELGI HJÖRVAR**
> STJÓRNARFORMAÐUR HÚSSJÓÐS ÖBÍ

Eldur kviknaði í auðri vöruskemmu á svæði þar sem Ólympíuþorpið mun rísa:

# Reykjarmökkur yfir London

**LONDON, AP** Risavaxinn reykjarmökk lagði yfir austurhluta London, höfuðborg Bretlands, eftir að eldur kviknaði í auðri vöruskemmu í hádeginu í gær. Enginn virðist hafa skaðast í eldinum eða af völdum reyksins.

Vöruskemman er á iðnaðarsvæði í um níu kílómetra fjarlægð austur af miðborg London. Miklar framkvæmdir eru á svæðinu þar sem til stendur að reisa mannvirki vegna Ólympíuleikanna árið 2012. Hundruð verkamanna sem voru við vinnu í nálægum byggingum voru fluttir burt.

Fulltrúi undirbúningshóps fyrir Ólympíuleikana á svæðinu sagði að í fyrstu liti út fyrir að eldurinn hefði kviknað af slysni og að ekki væri um íkveikju að ræða. Talsmaður lögreglu sagði enn fremur að ekkert benti til að um hryðjuverk væri að ræða.

Um fimmtán slökkviliðsbílar og yfir 70 slökkviliðsmenn börðust við eldinn. Lögregla sendi út viðvörun til fólks með öndunarfærasjúkdóma í grennd við eldinn að halda sig innandyra vegna hins mikla reyks sem lagði frá honum.

**- sdg**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**DIMMT YFIR LONDON** Reykjarmökkurinn yfir London sást langar leiðir í heiðskíru veðri sem var í gær.








LÍNAN
Ný falleg Lína að Bæjarlind sex
Opið mán. til fös. 10-18
lau. 11-16 og sun. 13-16
Ramos | Verð: 167.400 kr.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Mannréttindastofnun
Málstofa

# Innflytjendur og kynþáttamismunun

Miðvikudaginn 14. nóvember kl. 12:15

Lögberg, stofa 101

## Linos-Alexander Sicilianos

prófessor við Háskólann í Aþenu



Fundarstjóri
Björg Thorarensen
prófessor við lagadeild HÍ



Linos-Alexander Sicilianos er prófessor í þjóðarétti og mannréttindum við lagadeild Háskólans í Aþenu. Hann hefur setið í nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá árinu 2002, en hlutverk hennar er að hafa eftirlit með því að aðildarríki uppfylli skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is

fvh
Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

## Stefnumót við leiðtoga

William Fall, forstjóri Straums

Morgunverðarfundur FVH á Grand Hótel, miðvikudaginn 14. nóvember kl. 8.30-9.30.



William miðlar af viðamikilli reynslu sinni sem stjórnandi í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Hann leiddi m.a. alþjóðlega uppbyggingu eins stærsta banka veraldar, Bank of America.

- *Hvað skiptir mestu máli við stjórn alþjóðlegra fyrirtækja?*
- *Hvernig er best að taka á menningarmun milli landa?*

### Um William Fall

*William var forstjóri alþjóðasviðs Bank of America frá árinu 2001. Þar hafði hann yfirumsjón með og bar ábyrgð á allri starfsemi bankans utan Bandaríkjanna, í alls 18 löndum.*

*Áður en hann hóf þar störf vann William fyrir Westpac Banking Corporation og Kleinwort Benson.*

*Fundarstjóri verður Þröstur Olaf Sigurjónsson, formaður FVH.*

Skráðu þig strax – takmarkað sætaframboð!
Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is, eða í síma 551 1317.
Verð með morgunmat kr. 2.000 fyrir félagsmenn FVH og 3.500 fyrir aðra.

Nýr geislahermir tekinn í notkun á geislameðferðardeild Landspítalans í gær:

# Mun betri hermir en sá gamli

**HEILSA** Geislameðferðardeild Landspítalans tók í notkun nýjan geislahermi í gær. Tækið undirbýr sjúklinga fyrir geislameðferð sem skilar sér í betri líkum á lækningu og færri aukaverkunum, segir Garðar Mýrdal, forstöðumaður geislaeðlisfræðideildar.

„Þetta tæki hermir eftir hreyfingu meðferðartækjanna þannig að við getum undirbúið sjúklingana fyrir geislameðferð með mikilli nákvæmni,“ segir Garðar. „Gamla tækið okkar er orðið 23 ára gamalt þannig að þetta er mikil breyting. Það hefur gríðarlega mikið gerst í þessari tækni á rúmum tveimur áratugum.“

Hann segir herminn kosta eitthvað í kringum 65 milljónir króna með öllum aukabúnaði, og greitt hafi verið fyrir hann úr tækjakaupasjóði spítalans. Féð verði þó vel nýtt því búast megi við um sjö til átta hundruð heimsóknum í tækið á hverju ári.



FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**TÆKIÐ KYNNT** Garðar útskýrir hvernig geislahermirinn virkar við athöfnina á Landspítalanum í gær.

Geislameðferðartæki deildarinnar hafa hlotið nöfnin Eir og Þór, en Garðar segir ekki búið að ákveða hvort geislahermirinn nýi verði nefndur eitthvað sérstakt. „Einhver stakk upp á Hermann en það er ekkert komið á hreint í þeim málum.“ - sþs

# Segjast ætla að leiða sannleikann í ljós

**Lögregluþjónn varð manni að bana við knattspyrnuvöll á Ítalíu. Í kjölfarið brutust út óeirðir víða í borgum Ítalíu. Rannsakað sem manndrápsmál.**

**ÍTALÍA, AP** Óeirðir brutust út víða í borgum Ítalíu á sunnudag eftir að lögregluþjónn varð 26 ára gömlum knattspyrnuáhugamanni að bana í bænum Arezza í Toscana-héraði.

Hinn látni hét Gabriele Sandri og var plötusnúður frá Róm. Hann varð fyrir skoti þar sem hann sat í bifreið á bílastæði við þjóðveginn. Sandri var aðdáandi Lazio og kom frá Róm til Arezza á sunnudaginn til að fylgjast þar með knattspyrnuleik liðsins við Inter frá Mílanó.

Lögreglan sagði dauða hans í fyrstu hörmulegt slys sem varð þegar lögreglan reyndi að stöðva átök sem brutust út milli aðdáendahóps Lazio og fámenns aðdáendahóps Juventus. Síðdegis í gær var hafin rannsókn á málinu og gengið út frá því að lögreglumaðurinn hljóti ákæru fyrir manndráp, eða jafnvel enn alvarlegri ákæru.

„Við ætlum okkur að leiða sannleikann í ljós,“ segir Antonio Manganelli lögreglustjóri.

Skotið kom úr byssu lögreglumanns, sem ekki hefur verið nafngreindur. Í ítalska dagblaðinu Corriere della Sera er þó haft eftir honum að hann hafi ekki miðað á neinn, en skotið tvisvar úr byssu sinni.

„Ég var í 200 metra fjarlægð,“ sagði hann. „Ég skaut fyrst upp í loftið en seinna skotið hljóp úr byssunni meðan ég var að hlaupa.“ Í fyrri yfirlýsingu frá ítölsku lögreglunni segir að báðum skotunum hafi verið skotið upp í loftið.

Fréttir af láti Sandris breiddust hratt út meðan fótboltaáhugamenn voru að safnast saman við knattspyrnuvelli víðs vegar um Ítalíu til að horfa á leiki kvöldsins. Víða kom til óeirða og þurfti að fresta nokkrum leikjum um óákveðinn tíma.

Í Róm stóðu óeirðirnar langt fram á nótt. Ráðist var á lögregluskýli skammt frá Ólympíuleikvanginum í Róm og söluleiðis á skrifstofur ítölsku Ólympíunefndarinnar þar í nágrenninu. Rúður voru brotnar, grjóti kastað í lögreglubíla og kveikt í bæði ruslatunnum og lögreglubifreiðum.

Um 40 lögreglumenn særðust í átökunum í Róm og fjórir menn voru handteknir.

Í febrúar síðastliðnum urðu einnig alvarlegar óeirðir á Ítalíu í tengslum við knattspyrnu. Þau ólæti urðu til þess að einn lögreglumaður beið bana. Í framhaldinu hertu ítölsk stjórnvöld mjög öryggisráðstafanir við knattspyrnuvelli.

Árið 2004 brutust einnig út óeirðir eftir að sögusagnir, sem ekki reyndust á rökum reistar, bárust út á meðal fólks um að lögreglan hafi valdið dauða fjögurra ára drengs fyrir utan fótboltavöll.



**GABREIELE SANDRI** Plötusnúðurinn sem féll fyrir skoti lögreglumanns á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

gudsteinn@frettabladid.is

Bílastæðum norðan við Hafnarhúsið verður lokað í tvær vikur vegna brúðkaups:

# Stæðin leigð á tæp 400 þúsund

**NEYTENDUR** Vegna brúðkaups Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, starfandi stjórnarformanns Baugs, og Ingibjargar Pálmadóttur um næstu helgi þarf að loka tuttugu bílastæðum við Hafnarhúsið í tvær vikur.

Þar hefur verið reist viðbygging vegna 300 manna veislu sem brúðhjónin tilvonandi hafa boðað til að lokinni athöfn.

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar, segir kostnað við að leigja stæðin í tvær vikur vera tæplega fjögur hundruð þúsund krónur. Hvert stæði kosti sextán hundruð krónur á dag, en leiga sé ekki innheimt á sunnudögum, enda gjaldfrjálst að leggja í stæðin þá.

Kolbrún segir engar kvartanir hafa borist Bílastæðasjóði vegna þessa fyrirkomulags og segir að Faxaflóahafnir hafi opnað sinn hluta bílastæða á Miðbakka Reykjavíkurhafnar á meðan Kolaportið hafi verið opið til að anna eftirspurn eftir stæðum á háannatíma.

Að sögn Kolbrúnar verða stæðin aftur opnuð almenningi mánudaginn 19. nóvember, um leið og viðbyggingin vegna brúðkaupsins hefur verið tekin niður. - æþe



**VIÐBYGGINGIN VIÐ HAFNARHÚSIÐ** Ökumenn verða að leita annað til að leggja bílum sínum næstu vikuna eða svo en þeir geta huggað sig við það að Bílastæðasjóður Reykjavíkur tapar ekki peningum á meðan.

KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR
MARGAR STÆRÐIR

Sér TILBOÐ!

# Handklæða-ofnar





## HVÍTIR OFNAR Í BOGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hvítur boginn | 700x450 mm | 7.400,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 700x500 mm | 7.800,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 760x550 mm | 9.700,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 800x500 mm | 9.800,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 970x450 mm | 10.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1320x500 mm | 13.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1450x450 mm | 13.700,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1450x500 mm | 13.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1760x450 mm | 16.400,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1760x500 mm | 17.200,- | stgr. |

## KRÓMAÐIR OFNAR Í BOGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Króm boginn | 700x450 mm | 14.700,- | stgr. |
| Króm boginn | 700x500 mm | 15.400,- | stgr. |
| Króm boginn | 760x550 mm | 16.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 970x450 mm | 21.800,- | stgr. |
| Króm boginn | 1120x550 mm | 23.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1200x550 mm | 25.400,- | stgr. |
| Króm boginn | 1320x500 mm | 32.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1450x500 mm | 34.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1760x500 mm | 43.900,- | stgr. |

Verð sem kemur á óvart!







www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




Mikil flóð hafa verið í Víetnam frá því í byrjun október:

# Tugir látnir í flóðum á tólf dögum

**VÍETNAM, AP** Átján manns létust í Víetnam um helgina vegna mikilla flóða sem voru þau fimmtu í röðinni frá októberbyrjun. Alls hafa 69 manns látist vegna flóðanna það sem af er nóvember.

„Ástandið er mjög hættulegt. Efst á forgangslistanum okkar nú er að koma fólki burt,“ sagði Le Can Giang, bæjarstjóri í sögulega bænum Hoi An, sem er á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. Fimm hundruð hús í bænum voru umflotin vatni upp að 1,5 metra hæð.

Hundruðum krókódíla skolaði frá ríkisreknu krókódílabýli og ferðamannastað þegar girðing sem lokaði svæðið af brast í flóðunum um helgina, að sögn ríkisstjóra Khanh Hoa-héraðs, Vo Lam Phi.

Hermenn og lögreglumenn leituðu vopnaðir að krókódílunum í gær og náðu að skjóta ellefu þeirra þegar þeir skriðu upp á árbakka nærri þorpum.


**KRÓKÓDÍLAR SLUPPU** Hundruð krókódíla sluppu af býli í flóðunum um helgina og er þeirra nú leitað af her og lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við höfum sagt þorpsbúunum að fara varlega og að láta yfirvöld vita ef þeir koma auga á krókódíla,“ sagði Phi.

Talið er að það taki allt að tíu daga að finna alla krókódílana sem sluppu. **- sdg**

# Stálu heilum gámi um hábjartan dag

**Gámi fullum af verkfærum var stolið af byggingasvæði Viðhaldsvirkni á fimmtudag. Tjónið nemur milljónum, segir Árni Mars Friðgeirsson eigandi. Þjófurinn hafi komið á stórum vörubíl með krana, híft gáminn upp og farið.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er svo mikill brandari að það hálfa væri nóg. Maður er hálf skömmustulegur yfir því hvað sé eiginlega í gangi á þessu blessaða landi okkar,“ segir Árni Mars Friðgeirsson, eigandi fyrirtækisins Viðhaldsvirkni. Sex metra löngum verkfæragámi fyrirtækisins var stolið í heilu lagi um hábjartan dag í síðustu viku.

„Við fórum inn í gáminn klukkan þrjú til að ná í regngalla handa mannskapnum, og þegar við komum aftur klukkan korter í fimm var hann horfinn. Þetta er alveg ótrúlegt,“ segir Árni. „Eina leiðin til að stela svona gámi er að koma á stórum vörubíl með öflugum krana, hífa gáminn upp á og keyra í burtu. Það hefur greinilega einhver verið að fylgjast með og notað tækifærið þegar við fórum að vinna.“

Árni segir mikið af tækjum og búnaði hafa verið í gámnum, og tjónið nemi milljónum króna. „Gámurinn er kannski hálf milljón, og svo erum við með slípirokka, höggbrotvélar, háþrýstidælur og fleira sem kostar samtals nokkrar milljónir. Við vorum að raða inn í gáminn fyrir veturinn þegar honum var stolið.“


**GÁMURINN** Hér má sjá hvernig gámurinn sem stolið var lítur út. Hann er sex metra langur og var fullur af verkfærum þegar hann hvarf.


**Á VETTVANGI GLÆPS** Árni Mars Friðgeirsson, eigandi Viðhaldsvirkni, segir ekki koma til greina að gámnum hafi verið stolið án þess nokkur hafi orðið þess var. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ómar Smári Ármannsson, yfirmaður auðgunarbrota hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir þjófnaðinn í rannsókn hjá rannsóknardeild lögreglunnar, en hún hafi ekki borið árangur hingað til. „Það er vonandi að einhver reki augun í þennan gám eftir að myndir af honum hafa birst í fjölmiðlum. Betur sjá augu en auga.“

„Það bara kemur ekki til greina að vörubíll geti komið, híft upp svona gám og keyrt í burtu án þess að nokkur verði þess var,“ segir Árni. „Ef það er komið til að vera að einhverjir keyri um borgina og hirði gáma, þá bara veit ég ekki hvað.“

**salvar@frettabladid.is**



Fangabúðirnar í Guantánamo:

## Fjórtán Sádum sleppt úr haldi

**SÁDI-ARABÍA, AP** Fjórtán Sádi-Arabar eru komnir til síns heima eftir að hafa verið í haldi í Guantánamo-fangabúðunum á Kúbu. Alls eru því 22 Sádi-Arabar enn í haldi í fangabúðunum. Mennirnir þurfa að svara til saka fyrir dómstólum í heimalandinu en ekki hefur verið greint frá því hvað þeir eru grunaðir um.

Enn eru 305 fangar í Guantánamo en alls hafa 759 menn þurft að dúsa þar undir eftirliti Bandaríkjamanna. 136 þeirra hafa verið Sádi-Arabar og aðeins Afganar hafa verið fjölmennari í fangabúðunum.

- fb

Sextán ára Finni handtekinn:

## Líkt eftir myndbandi Auvinens

**FINNLAND, AP Finnska lögreglan handtók sextán ára dreng fyrir að setja myndband á netið sem svipar til myndbandsins sem Pekka-Eric Auvinen setti á netið degi áður en hann skaut átta manns til bana í skólanum sínum miðvikudaginn síðastliðna.**



PEKKA-ERIC AUVINEN

**Drengurinn tjáði lögreglu að myndbandið sem sýndi mynd af skólanum hans í bænum Maaninka væri gert í gríni. Auvinen bjó til myndband sem hann kallaði Blóðbaðið í Jokelemiðskólanum. Það sýndi mynd af skólanum hans og mynd af honum beina byssu að myndavélinni.**

- sdg

Hlaut nánast öll talin atkvæði:

## Danilo Tuerk forseti Slóveníu

**SLÓVENÍA, AP** Danilo Tuerk er sigurvegari forsetakosninganna í Slóveníu sem fram fóru á sunnudaginn.



DANILO TUERK

Tuerk, sem hefur verið stjórnarerindreki til margra ára, vann yfirburðasigur með 68 prósent atkvæða þegar nánast öll atkvæði höfðu verið talin. Andstæðingur hans var íhaldsmaðurinn og fyrrverandi forsætisráðherra Lojze Peterle.

Slóvenskir fjölmiðlar sögðu í gær sigur Tuerks einkum endurspegla óvinsældir forsætisráðherrans Janez Jansa sem studdi Peterle.

- sdg


Þú hefur meira val

Með Vaxtareikningi færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

Vaxtareikningur er óverðtryggður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélaga 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.

Landsbankinn

GOTT FÓLK



„13.301.556 kr. fyrir hálftíma fyrirhöfn. Myndir þú ekki kalla það gott tímakaup?"*

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlag vinnuveitanda sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Komdu þér í samband við mótframlagið þitt með því að hringja í 410 4000 eða kynntu þér málið á landsbanki.is.

Landsbankinn

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 200.000 kr. í mánaðarlaun.

GOTT FÓLK



**PÓLITÍSKIR PEZ-KARLAR** Baráttan um forsetaembættið í Bandaríkjunum teygir sig á ýmis svið þjóðlífsins og er sælgætisiðnaðurinn þar ekki undanskilinn. Sérstakir pez-karlar hafa verið búnir til og eru frambjóðendurnir í hvorum flokki fyrirmyndirnar, Hillary Clinton hjá Demókrataflokknum og Rudy Giuliani hjá Repúblikanaflokknum. NORDICPHOTOS/AFP

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, um kjaraviðræður:

# Spáir heiftarlegum átökum

**VINNUMARKAÐUR** Rafiðnaðarmenn lögðu síðustu hönd á kröfugerð sína á félagsfundi í gærkvöldi og kynna hana Samtökum atvinnulífsins í dag. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að meginkrafan sé hækkun lágmarkstaxta.

„Það er veruleg hækkun á lægstu töxtum af því að það eru svo fáir á þeim, helst útlendingarnir,“ segir Guðmundur og telur það staðreynd að fyrirtæki setji útlendingana á lægstu taxtana. „Það leiðir til þess að launaskrið hjá rafiðnaðarmönnum á byggingamarkaði er tíu prósentum minna en hjá öðrum rafiðnaðarmönnum. Aðalslagsmálin gagnvart vinnuveitendum verður að takast á við þetta vandamál og við verðum ekki einir í þeim slag. Iðnaðarmannablokkin mun takast heiftarlega á við fyrirtæki í byggingariðnaði í þessum samningum,“ segir hann.



VILHJÁLMUR EGILSSON



GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að samningaviðræðurnar séu í réttum farvegi. „Við erum kannski aðeins á eftir fyrir minn smekk en höfum verið að ræða meginlínurnar. Við erum að fá betri upplýsingar um vinnumarkaðinn til að geta áttað okkur á stöðunni. Svo verður best að geta þróað sig áfram á þessum forsendum og þá sjáum við hvort þetta getur gerst hratt eða hvort það tekur langan tíma.“ - ghs

Atvinnuleyfi í Danmörku:

# Pólverjar til Danmerkur

**DANMÖRK Síðustu mánuði hefur útlendingum, sem fá atvinnuleyfi í Danmörku, fjölgað mjög. Stærstur hluti þeirra sem nú streyma til landsins er Pólverjar. Þetta kemur fram á fréttavef dagblaðsins Politiken.**

**Á þriðja fjórðungi ársins fengu 7.695 útlendingar atvinnuleyfi í Danmörku, sem er 84 prósenta fjölgun frá öðrum ársfjórðungi en 58 prósenta fjölgun frá sama tímabili síðasta árs.**

**Nærri 40 prósent hópsins eru Pólverjar, en næst koma Kínverjar, Litháar, Indverjar og Rúmenar.** - gb




## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með ólöglega byssu á veiðum

Lögreglan á Húsavík stöðvaði á laugardag rjúpnaskyttu á Bláskógaheiði ofan Kelduhverfis. Sá var með ólöglega byssu og án veiðikorts í þokkabót. Lögreglan heldur úti öflugu eftirliti með rjúpnaveiðum víða um land um þessar mundir.

## BÚRMA

### Mannréttindafulltrúi inn

Paulo Sergio Pinheiro, sérlegur mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna fyrir Búrma, fékk að fara til Búrma eftir nærri fjögurra ára bann. Hann fékk meðal annars að skoða alræmt fangelsi fyrir pólitíska fanga.

## KAMBÓDÍA

### Rauður kmeri handtekinn

Leng Sari, fyrrverandi utanríkisráðherra ógnarstjórnar Rauðu kmeranna í Kambódíu, var handtekinn í gær ásamt eiginkonu sinni. Þau voru færð fyrir stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Kambódíu.



**HNUPL** Rúmur helmingur rýrnunar er óþekktur.

# Hnupl er lítill hluti vandans

## Fyrirtæki geta aukið hagnað sinn um allt að 62 prósent með aðgerðum sem lágmarka rýrnun.

**VIÐSKIPTI** „Það er mikill munur á því hvað fyrirtæki halda að valdi rýrnun og hvert hið raunverulega vandamál er,“ sagði Adrian Beck, einn fremsti sérfræðingur um afbrot á vinnustöðum og rýrnun á ráðstefnu Samtaka verslunar og þjónustu og öryggisfyrirtækisins VSI í gær. Adrian lagði í fyrirlestri sínum mikla áherslu á að þjófnaður sé aðeins lítill hluti af vandamálinu. Rýrnun sé að finna í allri framleiðslukeðjunni frá verksmiðju til verslunar.

Á ráðstefnunni var farið yfir helstu öryggisatriði og deildu framkvæmdastjóri Samkaupa og öryggisstjóri Árdegis reynslu sinni á því sviði.

„Rýrnun fyrirtækja um allan heim mælist milli 1,5 til 2 prósent, en þar af er 51 prósent óþekkt. Sé komið í veg fyrir rýrnun má auka hagnað fyrirtækja um allt að 62 prósent. Fyrirtækjum hættir til að skrifa óþekkta rýrnun á þjófnað, en það er sjaldnast vandamálið,“ sagði Beck.

Kjartan Már Kjartansson, framkvæmdastjóri Samkaupa, sagði helstu ástæður þekktrar rýrnunar fyrirtækisins liggja í vörumóttöku, vörumeðhöndlun. Alltaf megi búast við að vörur verði fyrir hnaski eða að rangt magn vöru berist.

Óþekkta rýrnun taldi hann felast í smærri hlutum sem starfsmenn, viðskiptavinir og samstarfsmenn fyrirtækisins steli. Þá sagði hann augljós tengsl vera milli aldurs starfsmanna og rýrnunar, þar sem ungur aldur og stuttur starfsaldur eykur rýrnun.

„Það er öllum ljóst og þarf ekki að draga dul á það að 50 prósent starfsfólks okkar er yngra en tvítugt og sama hlutfall hefur minna en eins árs starfsreynslu.“

Rúnar Örn Rafnsson rekstrarstjóri BT og öryggisstjóri Árdegis sagði sitt helsta vandamál vera meðferð mála gagnvart dómstólum og nefndi hann nýlegt dæmi um þjóf sem var sýknaður þrátt fyrir að verslunin hafi lagt fram upptöku af atburðinum máli sínu til stuðnings.

Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, Sigurður Jónsson, tók í sama streng. Samtökunum berist árlega fjöldi kvartana frá fyrirtækjum yfir seinagangi lögreglu og yfir því að dómsmálayfirvöld standi sig ekki.

eva@frettabladid.is

## AUKIN ÞJÓNUSTA OG SNYRTIMENNSKA KEMUR Í VEG FYRIR ÞJÓFNAÐ

Það sem kemur í veg fyrir þjófnað í verslunum er aukin þjónusta og snyrtimennska,“ segir Eyþór Víðisson, sviðstjóri fræðslusviðs VSÍ. „Það snýst um ímynd fyrirtækisins. Á ráðstefnunni vildum við ræða lausnir til þess að koma í veg fyrir rýrnun fyrirtækja og er þjófnaður einn hluti vandamálsins. Við þekkjum vandann og hann er alltaf sá sami hjá öllum fyrirtækjum um allan heim. Mikilvægast er þó að horfa heildstætt á fyrirtæki. Til dæmis reynist oft erfitt að fá sölustjóra fyrirtækja til þess að sækja fundi um öryggismál. Þeir skilja ekki hvernig rýrnun getur komið þeim við. Málið er að ef þú spyrð öryggisstjóra fyrirtækis hvað orsaki rýrnun mun hann segja þér að það sé þjófnaður, ef þú spyrð innkaupastjóra mun hann segja þér að vöruflutningarnir séu vandamálið og sölustjórinn mun kvarta yfir því að vörurnar séu ekki rétt staðsettar í versluninni.“



EYÞÓR VÍÐISSON

Eyþór segir sífellt lægri aldur starfsfólks í þjónustu vissulega hafa áhrif.

„Það er vitað að yngra starfsfólk stelur frekar. Langflestir eru auðvitað heiðarlegir en þegar starfsmenn stela, stela þeir venjulega mjög miklu. Það sem skiptir mestu máli varðandi heiðarleika starfsfólks er menningin inni í fyrirtækinu og hvort það sé skipulagt út frá öryggissjónarmiðum.“



Fundur Loftslagsnefndar SÞ:

## Vegvísir um loftslagsmál

**SPÁNN, AP** Fulltrúar frá 145 ríkjum og vísindamenn hófu í gær vikulanga ráðstefnu Loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna í Valencia á Spáni þar sem markmiðið er að útbúa hnitmiðaðan vegvísi um stöðu hnattrænnar hlýnunar og hvernig koma megi í veg fyrir að jörðin ofhitni.

Farið verður vandlega í gegnum 25 blaðsíðna samantekt næstu daga og verður afraksturinn kynntur næstkomandi laugardag. Búist er við skörpum umræðum um endanlegt innihald skýrslunnar.

- sdg

Ríkisstjóri Kaliforníu:

## Neyðarástand vegna olíuleka

**SAN FRANSISCO, AP** **Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, hefur lýst yfir neyðarástandi í ríkinu vegna mikillar olíu sem lak í San Fransisco-flóa úr kínversku skipi.**



ARNOLD SCHWARZENEGGER

**Stjórnvöld telja að ekki verði hægt að hreinsa upp nema lítinn hluta olíunnar sem lak í flóann. Meirihluti hennar muni fara beint í vistkerfið og valda þar skaða. „Þetta hefur skaðað umhverfi okkar og dýraríkið gríðarlega,“ sagði Schwarzenegger. „Við verðum að hreinsa þetta upp eins hratt og mögulegt er.“ Bandaríska strandgæslan hefur verið gagnrýnd fyrir seinagang í hreinsun olíunnar skömmu eftir að óhappið átti sér stað á miðvikudag.**

- fb

Bandarískir vísindamenn:

## Mjaðmastærð ræður greind

**BANDARÍKIN** Tveir bandarískir vísindamenn segjast hafa fundið það út að mjaðmastórar en mittisgrannar konur eignist að jafnaði greindari börn en þær konur sem hafa vöxt tískusýningarkvenna.

William Lassek frá Pittsburgh-háskóla og Steven Gaulin frá Kaliforníuháskóla komust að þessari niðurstöðu eftir að hafa grandskoðað bandarískar heilbrigðisskýrslur. Frá þessu er skýrt í vísindatímaritinu New Scientist.

Þeir segja mjaðmafituna innihalda fjölómettaðar fitusýrur sem hafi góð áhrif á þroska heila barna í móðurkviði.

- gb

STÓRÚTSALA
- eins og þær gerast bestar
að Fosshálsi 9-11

30-90% afsláttur
af öllum húsgögnum til laugardagsins 17. nóv




Þú hefur sjaldan séð eins frábært verð á jafn góðri vöru

Renndu við og gerðu frábær kaup
- leiðin er greið að Fosshálsi 9-11
Opið frá 13-18

Penninn
- auðveldar vinnuna



LEGACY



# ÖRUGGU

| Subaru Legacy | SUBARU |
|---|---|
| Sport Sedan, beinsk. | **2.550.000 kr.** |
| Sport Sedan, sjálfsk. | **2.680.000 kr.** |

**BÍLL ÁRSINS 2008**
**Subaru Impreza #1**
Citroen C4 Grand Picasso
Honda Civic Hybrid
Honda Civic Type R
Kia Carens
Kia cee'd
Toyota Auris
Toyota Corolla
Volkswagen Golf GT Sport
Volkswagen Golf Variant
Volvo C30





## Subaru í fyrsta sæti!

Á Íslandi eru árlega veitt verðlaun þeim bílum sem þykja skara fram úr. Það er Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) sem stendur að vali á „Bíl ársins“ en bandalagið samanstendur af blaðamönnum sem fjalla um bíla og bílatengd málefni í íslenskum fjölmiðlum.

Subaru Impreza var valinn „Bíll ársins“ í sínum flokki, þ.e. flokki millistærðarbíla. Það er gríðarleg viðurkenning og stendur bíllinn fyllilega undir því lofi.
Samkeppnin í þessum flokki er mikil en alls komu 11 bílar til greina. Tekið var tillit til aksturseiginleika, notkunarsviðs, búnaðar, hönnunar og verðs við valið og þótti Subaru Impreza ótvíræður sigurvegari.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

ENNEMM / SIA / NM30800

SYMMETRICAL AWD

SUBARU




Nýr Subaru Impreza var nýlega frumsýndur og hafa viðtökurnar verið frábærar. Bíllinn er gjörbreyttur í alla staði. Sem fyrr er hann búinn fullkomnu fjórhjóladrifi sem eykur öryggi allra farþega til muna. Í boði eru tvær vélarstærðir: 1.5 lítra 107 hestafla vél og svo kraftmikil 2.0 lítra 150 hestafla vél sem nýtur sín frábærlega við allar aðstæður.

Rúsínan í pylsuendanum er svo frábært verð en nýr Impreza koastar frá kr. 1.990.000 sem er ótrúlegt verð fyrir bíl í þessum stærðarflokki.

IH
INGVAR HELGASON

**Svona erum við**

> Fjöldi póstsendinga innanlands.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** EDDUVERÐLAUNIN

# *Uppskeruhátíð kvikmynda- og sjónvarpsfólks*

Edduverðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn á sunnudagskvöld. Kvikmyndin Foreldrar var sigurvegari kvöldsins með sex verðlaun.

**Hverjir veita verðlaunin?**
Edduverðlaunin eru veitt af Íslensku sjónvarps- og kvikmyndaakademíunni, sem er fyrirtæki í eigu Félags kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagsins SÍK og Samtaka kvikmyndaleikstjóra. Akademían var stofnuð árið 1999 sem vettvangur hagsmunasamtaka kvikmyndagerðarfólks og sjónvarpsfólks á Íslandi. Fyrstu Edduverðlaunin voru veitt sama ár, og hafa verið veitt árlega síðan.

**Í hvaða flokkum eru verðlaunin veitt?**
Verðlaunaflokkarnir á Edduverðlaununum hafa tekið breytingum frá ári til árs, en upphaflega voru þeir átta. Á verðlaunahátíðinni á sunnudaginn voru veitt verðlaun í sextán flokkum; kvikmynd, leikstjóri, leikari í aðalhlutverki, leikkona í aðalhlutverki, leikari eða leikkona í aukahlutverki, sjónvarpsmaður, heimildarmynd, stuttmynd, leikið sjónvarpsefni, frétta- og viðtalsþáttur, menningar- og/eða lífsstílsþáttur, skemmtiþáttur, handrit, útlit myndar, myndataka og klipping og hljóð og tónlist. Auk þess voru veitt heiðursverðlaun akademíunnar, og kosið um vinsælasta sjónvarpsþátt ársins.




**Hvernig eru verðlaunahafar valdir?**
Áður en hátíðin fer fram velur nefnd Íslensku sjónvarps- og kvikmyndaakademíunnar þau verk eða þær manneskjur sem eru tilnefndar í hverjum flokki. Því næst er sigurvegarinn innan hvers flokks kosinn, og hafa þeir kosningarétt sem eru meðlimir í akademíunni. Tveir flokkar voru undanskildir þessu fyrirkomulagi í ár; heiðursverðlaunahafi var valinn af stjórn akademíunnar og vinsælasti sjónvarpsþáttur ársins var valinn með símkosningu meðan á útsendingu hátíðarinnar stóð.

**SPURT OG SVARAÐ**
**SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN FLYTUR**

## *Sakna ekki Háskólabíós*

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Austurhöfn hafa undirritað samning um aðsetur hljómsveitarinnar í Tónlistarhúsinu sem nú rís við Reykjavíkurhöfn. Þröstur Ólafsson er framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.


ÞRÖSTUR ÓLAFSSON

**Mun starfsemin breytast með flutningnum?**
Já, hún mun gera það. Við fáum miklum meiri möguleika á að þróa hljómsveitina áfram, miklu betri aðstöðu og umgjörðin verður miklu betri. Við getum tekist á við ný verk og skilað þeim betur en ella.
**Hversu mikilvægur er samningurinn?**
Hann er mjög mikilvægur. Við höfum beðið í fjörutíu ár eftir húsi þar sem hljómsveitin getur spilað verk eins og þeim var ætlað að hljóma. Þó Háskólabíó hafi ýmsa kosti hefur það ekki góðan hljómburð.
**Munuð þið sakna Háskólabíós?**
Við munum ekki sakna þess sem tónlistarhúss, en við munum sakna margra góðra stunda sem við höfum átt þar, enda er það búið að vera heimili okkar í 49 ár.

# Kosningabarátta kúvendinganna

**Hin snarpa, þriggja vikna skamma kosningabarátta fyrir þingkosningarnar í Danmörku í dag einkenndist af kúvendingum á stefnu margra flokka í hinum ýmsu málum. Þetta er mat dansks kosningarýnis.**


**FOGH OG HELLE** Ríkisstjórnarleiðtogaefnin tvö, Anders Fogh Rasmussen úr frjálslynda hægriflokknum Venstre og Helle Thorning-Schmidt úr Jafnaðarmannaflokknum í sjónvarpskappræðum á dögunum. Þau þykja bæði hafa staðið sig vel í kosningabaráttunni, án þess þó að hafa auðnast að afla flokkum sínum nýs fylgis. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnmálafræðingurinn Roger Buch við danska blaðamannaháskólann í Árósum segir dæmi um slíka kúvendingu vera ákvörðun ríkisstjórnarinnar síðastliðinn fimmtudag, fimm dögum fyrir kosningar, að falla frá því að krefjast þess að sveitarfélögin í landinu endurskoðuðu fjárhagsáætlanir sínar fyrir næsta ár þannig að þær héldust í heild innan þess rammasamnings sem í gildi er milli ríkisins og sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafa hækkað útsvar og aðra tekjustofna sína meira en sem nemur því svigrúmi sem samið hafði verið um.

Tilraun ríkisstjórnarinnar til að minnka pólitískan núning á endaspretti kosningabaráttunnar er hins vegar bara nýjasta dæmið í langri röð pólitískra aðlagana og kúvendinga hjá hinum ýmsu flokkum. „Mér sýnist að í þessari baráttu hafi verið fleiri kúvendingar en vanalega, líka í nokkuð stórum málum,“ hefur Politiken.dk eftir Buch.

Til slíkra vendinga má líka telja orð Nasers Khader, leiðtoga miðjuflokksins Nýs bandalags (Ny Alliance), frá því á sunnudag um að Anders Fogh Rasmussen, núverandi forsætisráðherra og leiðtogi Venstre, væri það forsætisráðherraefni sem hann hallaðist helzt að því að styðja.

„Þetta er undanhald af hálfu Nýs bandalags, sem áður lagði sig fram um að skapa sér stöðu á miðju danskra stjórnmála án þess að nefna forsætisráðherraefni,“ hefur Politiken.dk eftir stjórnmálafræðingnum Robert Klemmensen við Institut for Statskundskab við Suður-danska háskólann. „Nú viðurkenna þeir hreint út, að þeir séu borgaralegur flokkur,“ segir hann.

### Khader spáð oddaaðstöðu

Athygli fjölmiðla hefur að miklu leyti hvílt á Naser Khader og hinum nýja flokki hans, þar sem skoðanakannanir hafa sýnt allt frá því boðað var til kosninga í lok október að Nýtt bandalag gæti haft úrslitaáhrif á það hvort mynduð yrði hægri- eða vinstristjórn.


NASER KHADER

Jafnvel í síðustu könnununum, sem birtar voru í gær, var þessi staða enn uppi á teningnum og það þrátt fyrir að fylgi Nýs bandalags hefði farið minnkandi eftir því sem nær dró kosningum.

Samkvæmt niðurstöðum Ramboell Management-stofnunarinnar fyrir Jótlandspóstinn var hægriflokkunum – Venstre, Íhaldsflokknum og Danska þjóðarflokknum sem stutt hefur stjórnina síðastliðin tvö kjörtímabil – spáð saman 86 þingsætum af 179 en vinstriflokkunum undir forystu jafnaðarmanna 83. Minnsti mögulegi þingmeirihluti er 90 sæti, svo að ef þetta yrðu úrslitin þá þyrftu núverandi stjórnarflokkar að fá þingmenn Nýs bandalags til liðs við sig. Í könnuninni er því spáð að þeir verði sex.

En jafnvel þótt Khader hafi nefnt Fogh Rasmussen frekar en jafnaðarmannaleiðtogann Helle Thorning-Schmidt sem forsætisráðherraefni er ekki þar með sagt að hægt sé að bóka að stjórnarmynstrið verði á þessa leið. Því veldur óbeit Khaders – araba sem fæddur er í Sýrlandi – á því að Danski þjóðarflokkurinn hafi þau áhrif á stjórnarstefnuna sem hann hefur verið í aðstöðu til að gera síðan Fogh komst fyrst til valda árið 2001. Hann mun því eflaust vilja selja sig dýrt, ef hann á að verða þriðja hjólið undir vagni þriðju ríkisstjórnar Foghs.

### Gott efnahagsástand

Fogh ákvað að boða til kosninga nú, fimmtán mánuðum fyrir lok kjörtímabilsins, til að freista þess að sækja sér nýtt umboð til kjósenda til að hrinda í framkvæmd þeim umbótum á skatta- og velferðarkerfinu sem hann hefur boðað. Það átti tvímælalaust þátt í ákvörðun hans að efnahagsástand í landinu er með bezta móti um þessar mundir – atvinnuleysi hefur ekki verið minna í áratugi og hagvöxtur er góður – og skoðanakannanir síðustu mánuði bentu til að stjórnarflokkarnir stæðu betur að vígi en stjórnarandstöðuflokkarnir.

Nú á eftir að koma í ljós hvort Fogh verði kápa úr því klæðinu.

Áskorandinn Helle Thorning-Schmidt hefur verið í baráttuham. Hún hefur aðallega gert út á gagnrýni á skattalækkunar- og velferðarstefnu stjórnarflokkanna.

Samkvæmt könnun sem Greens Analyseinstitut gerði fyrir dagblaðið Börsen á frammistöðu flokksleiðtoganna í kosningabaráttunni kom Thorning-Schmidt jafn vel út og Fogh Rasmussen. Þau fengu bæði einkunnina 8,6. Hana fékk líka Villy Sövndal, formaður Sósíalíska alþýðuflokksins.

Verstu einkunnina, aðeins 6,5, fékk aftur á móti Naser Khader. Þykir hún endurspegla ósamstæða kosningabaráttu Nýs bandalags. Enda mælist fylgi Nýs bandalags í síðustu könnunum fyrir kosningar innan við fjögur prósent, en var nærri átta prósentum í lok október.

### Úrslitaatkvæði Færeyinga?

Það er reyndar fleira en hugsanleg oddaaðstaða Nýs bandalags sem veldur spennu fyrir kosningarnar. Þegar eins mjótt er á munum milli höfuðflokkafylkinganna tveggja og kannanir bera vitni um gætu jafnvel þingsætin fjögur sem Færeyingar og Grænlendingar kjósa í haft úrslitaáhrif. „Það ber vott um lýðræðishalla, ef það verður undir færeyskum fulltrúa komið hver verður forsætisráðherra í Danmörku,“ hefur Politiken.dk eftir Högna Hoydal, færeyska lýðveldissinnanum sem er annar tveggja fulltrúa Færeyinga á þinginu í Kaupmannahöfn. „Komi til þess að mitt atkvæði ráði úrslitum verður það háð samningum um það hver geti uppfyllt flestar krafna minna um meira sjálfstæði til handa Færeyingum.“


FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

**DANSKA FLOKKAFLÓRAN**

Nú eiga sjö flokkar fulltrúa á Danska þjóðþinginu í Kristjánsborgarhöll. Talið frá vinstri til hægri eru það Einingarlistinn (Enhedslisten, EL), Sósíalíski alþýðuflokkurinn (Sosialistisk Folkeparti, SF), Jafnaðarmannaflokkurinn (Socialdemokraterne, S), miðju-vinstriflokkurinn Radikale Venstre (RV), frjálslyndi hægriflokkurinn Venstre (V), Íhaldsflokkurinn (Det konservative folkeparti, K) og loks Danski þjóðarflokkurinn (Dansk folkeparti, DF). Þar að auki eiga tveir fulltrúar frá Færeyjum og tveir frá Grænlandi sæti á þinginu.

Í kosningunum nú hefur áttundi flokkurinn bætzt við, Nýtt bandalag undir forystu Nasers Khader. Sá flokkur var stofnaður í vor eftir að Khader og nokkrir aðrir þingmenn gengu úr Radikale Venstre. Síðan gengu nokkrir þingmenn úr öðrum flokkum líka til liðs við Nýtt bandalag.

Til að fá fulltrúa kjörna á þing þurfa framboðslistar að fá minnst tvö prósent atkvæða á landsvísu.





Háfar með 25% afslætti
LG
379.900
GR-L218SSKA
Tvöfaldur ísskápur
137.900
FRS-U20
Daewoo Tvöfaldur ísskápur
79.900
NFR34X
Ísskápur
79.900
NARDI
Helluborð og ofn
26.900
MV23XL
Combi örbylgjuofn
(Rammi seldur sér)
44.900
KSW348
Vínkælir
38.900
L-1036
Edesa þvottavél
6kg 1000 snúninga
LG
164.900
WD14376FD
LG Gufuþvottavél
8kg 1400 snúninga
39.900
1LE-21S
Uppþvottavél
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
Life's Good LG

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Styrkir, nefskattur og auglýsingatekjur:

## Aðstoð Björgólfs

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þegar Sólveig Arnardóttir leikkona steig á svið til að afhenda verðlaun á Edduhátíðinni, notaði hún tækifærið og auglýsti eftir tilnefningum til Ríkissjónvarpsins í flokki leikins efnis. Enda full ástæða til. Fjarvera RÚV á þeim vettvangi var átakanlega vandræðaleg fyrir stofnun sem starfar í því eina skjóli að hún hafi menningarhlutverki að gegna í samfélagi okkar. Einkareknu sjónvarpsstöðvarnar, Skjár 1 og Stöð 2, stóðu hins vegar sína vakt og áttu tilnefningarnar í leikna flokknum algjörlega út af fyrir sig.

Þetta er þó ekki beinlínis ný staða. RÚV hefur í seinni tíð ekki lagt mikla rækt við leikið efni. Nú er stofnunin þó búin að finna leið til að sinna því lögbundna hlutverki sínu að framleiða fjölbreytt innlent dagskrárefni. Björgólfur Guðmundsson athafnamaður ætlar að hlaupa undir bagga og fjármagna á móti henni gerð á leiknum sjónvarpsmyndum næstu þrjú ár. Báðir aðilar ætla að leggja fram jafnan hlut, allt að 150 milljónum hvor, á samningstímanum.

Páll Magnússon útvarpsstjóri hefur hyllt samninginn og sagt að með honum tvöfaldist sú upphæð sem RÚV hefði annars getað varið til framleiðslu á innlendu efni. Til að setja þá upphæð í samhengi er rétt að rifja upp að RÚV keypti fyrr á þessu ári sýningarréttinn að Evrópukeppninni í fótbolta 2008 fyrir um 100 milljónir króna. Þar yfirbauð RÚV sjónvarpsstöðvarnar Sýn og Skjásport, sem hefðu þó þurft að sýna meginþorra leikjanna í opinni dagskrá. Kostnaðurinn við eitt Evrópumót í fótbolta jafngildir þannig því sem RÚV telur sig geta varið til leikins innlends efnis á tveggja ára tímabili. Þetta varpar ágætu ljósi á forgangsröð verkefna í Efstaleitinu þessi misserin.

Það kemur ekki á óvart að samningur RÚV og Björgólfs hefur kallað fram gagnrýni af ýmsum toga. Meðal annars hefur Þorgrímur Gestsson, formaður Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins, lýst því yfir að hann óttist að samningurinn geti haft þau áhrif að fréttamenn RÚV muni hér eftir taka á Björgólfi með silkihönskum. Þetta er ósanngjörn gagnrýni og enn ein birtingarmynd þeirrar leiðu umræðu að blaðamenn séu svo miklar heybrækur að þeir séu tilbúnir til að leggja á hilluna prinsip sín og trúnað við lesendur og hlustendur til að þjóna auðmönnum sem kunna að tengjast miðlum þeirra. Það er ekki ástæða til að ætla að fréttamönnum á fréttastofu RÚV sé ekki treystandi til að fjalla um Björgólf með sama hætti og annað fólk. Hann á hvorki að njóta né gjalda fjárhagsaðstoðarinnar sem hann ætlar að reiða fram af hendi til vinnustaðar þeirra.

Um leið er algjör óþarfi að fara mörgum orðum um einlægan áhuga Björgólfs á gerð innlends efnis eins og útvarpsstjóri hefur gert. Ef sá áhugi væri einlægur hefði Björgólfur lagt féð í sjóð sem allar sjónvarpsstöðvar hefðu getað sótt í. Fjárhagsaðstoð Björgólfs við RÚV á auðvitað að skoða í því ljósi að hann á nú þegar í grimmri samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Hann er aðaleigandi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins og 24 stunda, keppinauta Fréttablaðsins, sem er hluti af fyrirtækinu 365 sem aftur rekur Stöð 2 og fleiri sjónvarpsstöðvar. Björgólfur á hins vegar ekki sjónvarpsstöð en getur með þessum hætti lagt hönd á plóginn í samkeppni við fyrirtæki sem hann keppir við á dagblaðamarkaði.

Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, hefur bent á að vafi sé á því hvort samningurinn standist lög um tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf. Burtséð frá þeim vafa og hvað mönnum finnst um samstarf aðaleiganda Árvakurs og RÚV þá sýnir þessi nýjasti kafli í sögu ríkisfjölmiðilsins að samkeppnisstaða hans á auglýsingamarkaði er fullkomlega óleyst. Hvað á þessi geiri atvinnulífsins að þola þetta ástand lengi?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

# Skólagjöld?



**Ungir jafnaðarmann í Reykjavík og Samfylkingarfélagið í Reykjavík standa fyrir fundi um skólagjöld við opinbera háskóla, miðvikudaginn 14. nóvember, kl. 20.30–22.00 á Hallveigarstíg 1.**

Húsið verður opnað kl. 20.00.



*Gestir fundarins eru:*

**Ásgeir Runólfsson**, stjórnarmaður í UJR og fyrrv. framkvæmdastjóri Stúdentaráðs HÍ

**Einar Már Sigurðarson**, varaformaður menntamálanefndar Alþingis



og **Valgerður Bjarnadóttir**, fulltrúi í Háskólaráði Háskóla Íslands.

*Fundarstjóri:*

**Guðrún Birna le Sage de Fontenay**, varaformaður UJR.

*Kaffi og meðlæti*
Allir velkomnir

Ungir jafnaðarmenn í Reykjavík

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Framsóknarofsóknir?

Þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra flutti Alþingi fyrstu skýrslu sína um utanríkismál síðastliðinn fimmtudag kvaddi Siv Friðleifsdóttir, alþingismaður Framsóknarflokksins, sér hljóðs í umræðunni um skýrsluna. Þar gerði hún það helst að umtalsefni að Ólafur Örn Haraldsson, fyrrverandi alþingismaður Framsóknarflokksins, hefði misst stöðu sína sem forstjóri Ratsjárstofnunar. Setti Siv það í samhengi við að Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, hefði misst stöðu sína sem formaður nefndar um byggingu nýs háskólasjúkrahúss. Vændi hún ráðherra núverandi ríkisstjórnar, sem um þetta véluðu, um pólitískar ofsóknir. Þótti öðrum þingmönnum, þar á meðal Árna Páli Árnasyni úr Samfylkingu og Bjarna Benediktssyni úr Sjálfstæðisflokki, þetta undarlegt innlegg í umræðu um utanríkisstefnu Íslands.

### Brosið hvarf

Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði eru ráðnir upp á fínasta mat í mötuneyti álversins en dráttur hefur orðið á því að mötuneytið hefji starfsemi. Sú saga er sögð af einum starfsmanninum að hann hafi komið til frúar sinnar sem hafi tekið fagnandi á móti honum og tilkynnt að hún hafi keypt tilbúinn mat í búðinni handa þeim þann daginn. Maðurinn brást glaður við en fölnaði þegar maturinn var á borð borinn: Sómasamlokur. Þær hafa verið daglega á borðum í álverinu nú í nokkra mánuði.





### Ekki langt að leita

Björn Karlsson brunamálastjóri er óánægður með tilfærslu almannavarna úr höndum sveitarfélaga til ríkislögreglustjóra, eins og frumvarp Björns Bjarnasonar gerir ráð fyrir. Gagnrýnir brunamálastjóri að Ríkislögreglustjóri eigi einnig að sjá um forvarnir, undirbúning, viðbragðsáætlanir og fleira. Hann getur þó huggað sig við það að Ríkislögreglustjóri þarf ekki að leita langt eftir ráðgjöf ef í nauðir rekur. Bæði Brunamálastofnun og Ríkislögreglustjóri eru til húsa við Skúlagötu 21.

audunn@frettabladid.is
ghs@frettabladid.is

# Virðing sprettur af virðingu



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Þjónustulund

Þegar mér var sagt frá því að víðast hvar í Þýskalandi væri gerð krafa um starfsmenntun, „ausbildung" til að fá starf við afgreiðslu í stórmörkuðum og öðrum verslunum þótti mér það nánast spaugilegt. Bæði vegna þess að þjónustulund er ekki það fyrsta sem maður tekur eftir þar í landi, og líka vegna hins, að mér hefur alltaf þótt sjálfgefið að allir gætu afgreitt í búð. Til þess þyrfti ekkert annað en almenna mannasiði, viðunandi þekkingu á því sem maður er að selja og hafa gaman af starfinu. Venjulegt fólk allt frá unglingum til öldunga hefur sinnt því með prýði gegnum tíðina. Svo er enn í mörgum fyrirtækjum, en allt of víða mætir maður nú orðið viðmóti sem endurspeglar algjört áhugaleysi á viðskiptavininum og þörfum hans, sem og skort á ratvísi um eigin vinnustað.

Síðustu misseri hefur nokkur umræða átt sér stað um vaxandi fjölda fólks í þjónustustörfum sem ekki hefur vald á íslenskri tungu. Um leið og það er mikill fengur fyrir okkur Íslendinga að fá inn í landið fjölbreytta menningu og vinnufúsar hendur, þá segir sig sjálft að það er ekki viðunandi að fólk á umönnunarstofnunum sem á erfitt með að sjá um sig geti ekki borið sig upp við starfsfólkið. Einnig er bagalegt ef börn og unglingar og aðrir sem nota strætisvagna geta ekki fengið neinar upplýsingar hjá vagnstjóranum vegna þess að hann skilur ekki tungumálið.

Íslendingar sem vinna þjónustustörf eiga ekki í vandræðum með að skilja eigin tungu og tjá sig á henni, en ótrúlega margir eru ólæsir á þarfir viðskiptavina og virðist skorta skilning á því að þeim komi þær yfirleitt við. Ekki er við þetta starfsfólk að sakast, heldur yfirmenn þess. Á sama hátt og sagt er að börn beri foreldrum sínum vitni, vitnar þjónusta fyrirtækja fyrst og fremst um stjórnendur þess eða stjórnanda.

**Þetta er í hillunni**

Varla líður sá dagur að maður heyri ekki um áhugaleysi fólks í þjónustustörfum í samskiptum við viðskiptavini. Þetta á ekki bara við um verslanir, heldur veitingastaði, opinberar stofnanir og fleira. Mörgum finnst nánast eins og þeim sé gerður greiði þegar þeir fá góða afgreiðslu.

Maður sem ætlaði að fara greiða fyrir vöru í stórmarkaði og var að ná í veskið sitt í innri vasa, spurði afgreiðslupiltinn „Seturðu ekki í pokann fyrir mig á meðan?"

- Nei ég get það ekki, það er svo mikið að gera," svaraði pilturinn um leið og hann hallaði sér aftur í stólnum og beið eftir að fá afhent greiðslukortið.

Annar maður beið í langri röð eftir afgreiðslu á annatíma í lágvöru-stórmarkaði. Röðin mjakaðist áfram og hann var að brjóta heilann um ástæðuna. Þegar hann kom loks að kassanum, sá hann að starfsmaðurinn var með farsímann sinn á hillu undir afgreiðsluborðinu og var að senda SMS skilaboð um leið og hann var að taka við peningum og greiðslukortum viðskiptavinanna.

Og fyrir nokkru kom virtur menningarfrömuður í bókaverslun í Reykjavík og spurði um fágæta útgáfu af tilteknu verki. Afgreiðslustúlkan sagði honum að leita í hillum þar sem slík verk væri að finna. Hann spurði hvort hún vildi vera svo góð að liðsinna honum við leitina. Það var hún ekki og benti aftur á hillurnar.

„Ef verkið er ekki þarna, þá er það ekki til," sagði hún. Manninum ofbauð, fór án þess að leita að verkinu og verslunin varð af þrjátíu þúsund króna viðskiptum.

**Þjónusta eða greiði**

Maður veltir fyrir sér hvort þessi samskiptamáti endurspegli þjóðfélagsbreytingar síðustu ára. Þessi skortur á virðingu í samskiptum og áhugaleysi um annað en eigin þarfir og áhugamál. Í daglegu lífi eru fréttir af peningastofnunum, fjárfestingum og vísitölum efst á baugi við hliðina á veðurfréttum og íþróttum. Þetta eru skýr skilaboð um gildismat. Fyrirvaralausar uppsagnir þegar fyrirtæki skipta um hendur eru ekki til þess fallnar að fólk yfirleitt bindi tryggð við sinn vinnustað.

Lipurt fólk og ljúft í viðmóti hefur meiri og betri áhrif á almenna vellíðan viðskiptavina í dagsins önn en það gerir sér grein fyrir. Unglingar geta verið lifandi, duglegir og áhugasamir starfsmenn, en það á við um þá eins og aðra nýja starfsmenn að það þarf að sýna þeim þá virðingu að kenna þeim á fleira en kassann. Það þarf ekki að kenna fólki í þessum störfum utanaðlærða tilgerðarfrasa, heldur hitt, að vera ekki sama um samborgara sína, því að virðingin sprettur af virðingu.

# Helvíti gott

**UMRÆÐAN**

Íslenskt sjónvarpsefni



BJÖRN B. BJÖRNSSON

Samningur sá sem Björgólfur Guðmundsson gerði við Sjónvarpið á dögunum hefur vakið mikla athygli og umræður. Í samningnum felst að Björgólfur tvöfaldar það fé sem Sjónvarpið hyggst verja til framleiðslu á leiknu innlendu sjónvarpsefni á næstu þremur árum.

Framleiðsla leikins sjónvarpsefnis hefur verið heldur lítil undanfarin ár, sérstaklega hjá Sjónvarpinu sem þó ætti að vera í fararbroddi. Það hefur verið sérstakt baráttumál félaga kvikmyndagerðarmanna að efla þessa framleiðslu og Bandalag íslenskra listamanna hefur tekið virkan þátt í þeirri baráttu.

Rökin fyrir því að nauðsynlegt er að sýna leikið íslenskt efni í sjónvarpi eru fyrst og fremst menningarleg. Það er skammarleg menningarfátækt að hér skuli vaxa úr grasi kynslóðir Íslendinga sem varla hafa séð á skjá íslenskan raunveruleika úr samtíð eða sögu.

Sjónvarp er öflugasti fjölmiðill okkar tíma. Á hverjum degi horfa mun fleiri Íslendingar á sjónvarp en lesa blöð og bækur eða fara í bíó eða leikhús. Erlendir sjónvarpsþættir sem sýndir eru á íslenskum sjónvarpsstöðvum hvert kvöld skipta tugum. Hér vantar íslenska rödd, íslenskan raunveruleika.

Þeir peningar sem Björgólfur og Sjónvarpið leggja saman verða eingöngu notaðir til að kaupa efni af sjálfstæðum framleiðendum og munu þannig hafa góð áhrif á íslenskan kvikmyndaiðnað. Sá iðnaður hefur vaxið á undanförnum árum og hefur alla burði til að eflast enn frekar. Við eigum mikið af hæfileikaríku og vel menntuðu fólki á því sviði en verkefni hefur skort. Eða réttara sagt; fjármagn hefur skort til að hrinda verkum í framkvæmd.

Kvikmyndaiðnaður er þekkingariðnaður sem byggist fyrst og fremst á hugviti og listrænum hæfileikum. Sjónvarpsrásir heimsins sýna gríðarlegt magn efnis á degi hverjum og það er ekkert því til fyrirstöðu að við Íslendingar framleiðum hluta þess.

Samningur Sjónvarpsins við Björgólf felur í sér að báðir aðilar eignast hlut í þeim kvikmyndaverkum sem þeir leggja fé til. Þannig geta þeir fengið til baka fjárfestingu sína ef verkin seljast víða um heim. Samningurinn mun því efla íslenska menningu, styrkja kvikmyndaiðnaðinn og skapa ný viðskiptatækifæri með sölu á íslenskum menningarafurðum. Sem sagt; helvíti gott.

*Höfundur er kvikmyndagerðarmaður.*










HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI
LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900
HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000
HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið




Pétur hjólar 6-7 kílómetra á dag í vinnuna hjá Brimborg.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ferðamáti sem kemst mjög fljótt upp í vana

***Þótt Pétur Þór Ragnarsson sé bílasali að atvinnu þá er hann sjálfur bíllaus og fer allra sinna ferða á hjóli. Enda formaður Fjallahjólaklúbbsins.***

„Ég hef átt bíl en hann var ofsalega lítið notaður og stóð oftast fyrir utan heimilið,“ segir Pétur Þór, sem er í sambúð og á 11 mánaða son. „Við erum bara búin að vera bíllaus í tvo mánuði. Þetta er svona tilraunaverkefni hjá okkur. Ég hef samt nánast ekkert notað bíl innan borgarmarkanna í um það bil tvö ár, nema brýn nauðsyn hafi borið til.“ Pétur Þór segir soninn ferðast um í þar til gerðri hjólakerru sem tengd er aftan í hjólin. „Hann er dúðaður í fínan poka og er í veðurheldri kerru. Það væsir ekkert um hann,“ segir Pétur.

Pétur Þór býr í Norðlingaholti og vinnur niðri á Höfða. Þar á milli eru 6-7 kílómetrar. Hann kveðst vera korter að fara það á hjólinu. Hluta leiðarinnar á útivistarstíg og hluta hennar á götunni. „Þessi ferðamáti er fljótur að komast upp í vana,“ segir hann og bendir á að veturnir séu yfirleitt mildir þótt stundum sé ausandi rigning og rok með og segir hægt að kaupa ótrúlega mikið af góðum fötum fyrir bensínkostnað bara í einum mánuði. „Fólk heldur að það sé eitthvert þrekvirki að hjóla í vinnuna en meðalmanninum, sem hríslast í vinnuna á bílnum eftir að hafa skafið rúðurnar, er yfirleitt kaldara en mér þegar ég mæti,“ segir hann hlæjandi.

Nafnið Fjallahjólaklúbburinn bendir til að félagar hans séu ekki bara á götum þéttbýlisins enda var hann upphaflega ferðaklúbbur að sögn Péturs Þórs og enn eru farnar nokkrar skipulagðar ferðir út fyrir bæinn á hverju sumri. „Hitt aðalstarf klúbbsins er að auka virðingu reiðhjólsins á Íslandi og vekja athygli á hjólreiðum sem alvöru samgöngumáta,“ segir Pétur Þór og fer greinilega á undan með góðu fordæmi. „Ég veit að bíllinn verður ekki leystur af hólmi en menn mættu líta á aðra kosti,“ eru lokaorð hans.

gun@frettabladid.is





**Te** getur haft mismunandi eiginleika eftir því hvaða jurt er notuð í það. Birkite sem útbúið er úr birkilaufum er til dæmis vatnslosandi og hentar vel fyrir þá sem kljást við bjúg.

# Tengslanet ungra mæðra

***Meðganga, móðir og barn er heiti á nýju verkefni fyrir ungar verðandi einstæðar mæður á vegum Félags einstæðra foreldra.***


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Oktavía Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og Guðrún Sigríður Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, eru hópstjórar verkefnisins Meðganga, móðir, barn á vegum Félags einstæðra foreldra.

„Verkefnið Meðganga, móðir og barn snýst um fræðslu og stuðning við mæður að tuttugu og fimm ára aldri sem eru ekki í sambúð,“ segir Oktavía Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Félagi einstæðra foreldra, en hún er hópstjóri verkefnisins ásamt Guðrúnu Sigríði Ólafsdóttur, hjúkrunarfræðingi og ljósmóður.

Verkefnið er að danskri fyrirmynd þar sem stuðningur við einstæðar verðandi mæður er mjög öflugur. „Ég komst í kynni við dönsku mæðrahjálpina og fannst mjög athyglisverð verkefni þar í gangi. Í kjölfarið kynnti ég mér starfsemina betur ásamt Guðrúnu Sigríði og þannig kviknaði hugmyndin að þessu verkefni,“ útskýrir Oktavía sem segir að miðað sé við að konurnar séu komnar þrjá til sex mánuði á leið þegar hópstarfið hefst.

„Hópurinn mun hittast vikulega í um það bil ár en einnig er boðið upp á einstaklingsráðgjöf eftir þörfum. Fram að fæðingu er áherslan á meðgöngu og fæðingarfræðslu en þegar barnið er komið leggjum við áherslu á uppeldishlutverkið og tengslamyndun móður og barns. Síðan geta konurnar sjálfar óskað eftir ákveðnum málefnum sem þær vilja fjalla um,“ segir Guðrún Sigríður og tekur undir með Oktavíu sem segir þá fagaðila sem haft var samband við á einu máli um að verkefnið sé þarft framtak.

Oktavía hefur starfað um nokkurt skeið sem félagsráðgjafi fyrir Félag einstæðra foreldra og segir að margar ungar einstæðar mæður leiti þangað en verðandi einstæðar mæður aðeins í undantekningartilfellum. „Ég held að þörfin fyrir þennan stuðning hafi lengi verið til staðar og með þessu verkefni erum við að reyna ná til þessa hóps,“ segir Oktavía. „Það eru forréttindi að eignast barn og oft mikil hamingja sem fylgir því. Samt er uppeldishlutverkið bæði vandsamt og krefjandi. Sérstaklega fyrir ungar mæður sem eru að eignast sitt fyrsta barn og sér í lagi einstæðar þar sem rannsóknir hafa sýnt að bæði fjárhagslegt og félagslegt öryggi ásamt góðri andlegri og líkamlegri líðan skiptir sköpum fyrir mæður og börn.

Að sögn Guðrúnar er verkefnið einnig ákveðinn vettvangur til tengslamyndunar fyrir konurnar og miðað er að því að flestar þeirra verði komnar með framtíðaráætlun, annaðhvort með nám eða atvinnu að loknu fæðingarorlofi. Sjá www.fef.is.

*rh@frettabladid.is*





**Heilunarskóli Skógarsetursins**
Grensásvegi 50

**Næsta námskeið og viðburðir**

**Hugleiðslu og draumanámskeið**
helgarnámskeið 17 og 18.nóv.

**Centering prayer:**
nýr bænahringur byrjar 12.nóv nk. og verður fyrsta kvöldið kynning á Centering prayer. Hringurinn verður bæði hefðbundin bænahringur og Centering prayer.

**Heilunarstundir:**
Heilunarstundir verða alla sunnudagsmorgna kl. 11 í Skógarsetrinu, í jóla annríkinu í desember.


Sigrún Gunnarsdóttir
*Læknamiðill*

Skráning og uppl. um Heilunarskólann og starfsemi Skógarsetursins eru í síma 555 1727 og á heimasíðu Skógarsetursins www.skogarsetrid.is







- mæðgur saman í leik!

Námskeið fyrir mæðgur á öllum aldri til þess að leika sér saman, efla tengsl og auka gleðileg samskipti.

Námskeið
laugardaginn 24. nóvember kl. 13:00
Gerðubergi Reykjavík

Skráning í síma 848 5366 - www.pulsinn.is

Púlsinn námskeið




**Íslenskir karlmenn verða nú langlífastir!**




Japanir hafa sushi

Við höfum bitafisk og harðfisk í hæsta gæðaflokki

Fæst í Bónus og Inspired (Flugstöðinni)

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

**Heilsuvörumarkaður**
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

14. nóvember
**Heilbrigði og hamingja**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

15. nóvember
**Heilsukostur Kökur og eftirréttir**
*Auður Konráðsdóttir desertadrottning*

20. nóvember
**Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir*

22. nóvember
**Ann Wigmore og lifandi fæði**
*Sólveig Eiríksdóttir og Eiríkur Hermannsson*

# Súrefniskútur fylgihlutur

***Þeir sem berjast við nikótínfíknina í formi reykinga bera gjarnan fyrir sig ýmsum ástæðum fyrir því að hætta ekki. Hér eru taldar upp fimm mýtur sem reykingafólk notar til að réttlæta það að hætta ekki að reykja. Guðbjörg Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri á lungnasviði á Reykjalundi, svarar þessum mýtum og hrekur hverja fyrir sig.***

*1. Mýta: Það er kúl að reykja.*
„Þessu svara ég þannig að það er kúl að reykja ef fólk vill borga fyrir það með lungnasjúkdómum og eða langvinnri lungnateppu með aldrinum. Það er líka kúl að reykja ef fólk langar til að hafa fylginaut sem heitir súrefniskútur þegar það eldist.“

*2. Mýta: Ef ég hætti að reykja þyngist ég of mikið.*
„Þá segi ég að ef maður hættir að reykja þá nýtir maður fæðuna betur. Í raun fitna allir sem eru án hreyfingar. Maður þarf alltaf að hreyfa sig til að halda sér í formi. Svarið við þyngdaraukningu við að hætta að reykja er að hreyfa sig reglulega og borða hollan mat.“

*3. Mýta: Ég er ungur og hætti bara seinna.*
„Strax og maður byrjar að reykja þá byrjar maður að eyðileggja bifhárin, hreinsunartæki lungnanna. Þegar maður byrjar að reykja þá fer maður að draga ofan í sig um 4.000 efnasambönd og fleiri en fjörutíu þeirra geta valdið krabbameini. Þannig að frá fyrstu sígarettu byrjar þú að skemma líkama þinn.“

*4. Mýta: Ég reyki „light“-sígarettur og það getur varla verið svo slæmt.*
„Light-sígarettur þýðir bara örlítið minna nikótín en öll sömu eiturefnin dregurðu ofan í þig. Það er sama skemmdin sem á sér stað.“

*5. Mýta: Fleiri konur deyja úr brjóstakrabbameini en lungnakrabbameini svo hlutfallið er ekkert svo hátt á lungnakrabba í konum.*
„Það er ekkert hægt að fullyrða um hvort sé tíðara, brjóstakrabbamein eða lungnakrabbamein. Öll líffæri líkamans verða fyrir skaðlegum áhrifum reykinga. Konur eru með smærri lungu og grennri berkjur og því eru þær í frekari áhættuhópi og útsettari fyrir skaðlegum áhrifum reykinga og þola þær verr en karlar.“


Guðbjörg segir best að byrja aldrei að reykja. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Að lokum bendir Guðbjörg á að sígarettureykingar eru algengasta orsök langvinnrar lungnateppu. „Um það bil 80-90 prósent lungnatepputilfella má rekja til reykinga,“ segir Guðbjörg og bætir því við að fyrir utan beinar sígarettureykingar þá eru meðal annarra áhættuþátta að vera innan um fólk sem reykir, það er að segja óbeinar reykingar. „Eins ef greinst hefur lungnateppa hjá öðrum í fjölskyldunni, þá er fólk í enn meiri hættu ef það reykir eða er innan um reykingar.

Ef þú ert reykingamaður og ert mæðinn þá gætu lungun verið að segja þér eitthvað, eins og til dæmis að biðja þig um að hætta að reykja,“ segir Guðbjörg og hvetur fólk þar með til að drepa í sígarettunni fyrir fullt og allt.

sigridurh@frettabladid.is


Mývatnssveit býður upp á íslenska náttúru og jarðhita til að endurhlaða batteríin.

# Úr iðrum jarðar

***Jarðböðin í Mývatnssveit eru eitt best geymda leyndarmál Norðurlands.***

Slökun og dekur endrum og eins eru forsenda fyrir andlegri og líkamlegri vellíðan. Stress hversdagsleikans getur leitt af sér marga kvilla og því nauðsynlegt að búa til rými í hinu daglega amstri fyrir ró og næði.

Jarðböðin í Mývatnssveit eru tilvalin fyrir þá sem vilja leggja land undir fót, taka helgarfrí til að slappa af í fallegri náttúru og njóta sín í náttúrulegri heilsulind. Láta þreytuna líða úr sér og endurnýja batteríin.

Sérstaklega áður en jólahasarinn hefst.

Jarðböðin eru opin alla daga í vetur frá kl. 12.00-22.00. *- rh*

# Lyfjagjöf ekki svarið

***Ný rannsókn bendir til þess að lyf við athyglisbresti með ofvirkni séu ekki lausn til framtíðar.***

Algengt er að börn með athyglisbrest með ofvirkni séu meðhöndluð með örvandi lyfjum eins og rítalíni og concerta. Til að byrja með sýndu rannsóknir að betri árangur náðist með því að gefa lyf í eitt ár heldur en með atferlismeðferð. Þetta hafði mikil áhrif á lyfjagjöf og jókst notkun þeirra.

Nú eru hins vegar komnar nýjar niðurstöður langtímarannsókna sem benda til þess að áhrif lyfjagjafar hafi verið ýkt. Umfangsmikil rannsókn var gerð í Bandaríkjunum þar sem fylgst var með meðferð barna með athyglisbrest með ofvirkni frá því snemma á tíunda áratugnum. Í ljós kom að lyfin virtust ekki hafa meiri áhrif en annars konar meðferð til lengri tíma auk þess sem þau gátu hægt á vexti barna. *- hs*



Rítalín er ekki endilega svarið við athyglisbresti með ofvirkni til lengri tíma litið.

NÝJAR PAKKNINGAR
BETRA VERÐ

Nicotinell®

TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA
Á AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



CLASSIC NIKÓTÍN BRAGÐ
MINTU BRAGÐ
LAKKRÍS BRAGÐ
ÁVAXTA BRAGÐ

TYGGÍGÚMMÍ

KOMDU VIÐ Í NÆSTA APÓTEKI OG FÁÐU FRÍAR NICOTINELL BRAGÐPRUFUR*

*NICOTINELL BRAGÐPRUFUR ERU LYFLEYSA OG INNIHALDA ÞVÍ HVORKI NIKÓTÍN NÉ ÖNNUR VIRK EFNI

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.



**Bókamerki** er gott að hafa við hendina við lestur svo einfalt sé að merkja hvar maður er staddur hverju sinni. Auðvelt er að útbúa sér bókamerki sjálfur en síðan má líka kaupa falleg bókamerki sem geta verið hvernig sem er.

# Lesið á móðurmálinu

***Á árunum 2003-2006 var unnið að samstarfsverkefni um að safna, skrá og dreifa bókum á erlendum málum til grunn- og framhaldsskólanema með annað móðurmál en íslensku.***



Hulda Björk Þorkelsdóttir vonast til að verkefnið Bækur og móðurmál muni halda áfram og hljóta meiri hljómgrunn. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Verkefnið kallaðist „Bækur og móðurmál“ og var markmiðið að koma til móts við þarfir barna og unglinga á Íslandi með annað móðurmál en íslensku. Hulda Björk Þorkelsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar, var fulltrúi almenningsbókasafna í stýrihópi verkefnisins. „Það er erfitt fyrir lítil söfn úti á landi að koma sér upp gagnlegum bókasöfnum á mörgum tungumálum og auðveldara er að ráða við að hugsa um eitt tungumál. Þörfin er til staðar um allt land,“ segir Hulda Björk.

„Að verkefninu komu Fræðslumiðstöð Reykjavíkurborgar, Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur, Alþjóðahús, Alþjóðastofa á Akureyri og Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum. Á sínum tíma mótaðist þetta í kringum þá flóttamannahópa sem voru að koma. Nú erum við þó farin að kaupa inn mikið af pólskum bókum því það er mikið af Pólverjum um land allt og það getur ekki bara eitt bókasafn séð um að vera móðursafn fyrir pólsku,“ segir Hulda Björk.

Misjafnt er hvernig hefur til tekist og stundum er erfitt að eiga við framandi tungumál. „Stundum skiljum við ekki mikið og má sem dæmi nefna austurlensku málin. Við höfum því verið að leita okkur að tengiliðum meðal innflytjenda og það hefur gengið misvel þannig að móðursöfnin eru mislangt á veg komin,“ segir Hulda Björk og bætir við: „Við upplifðum að yfirleitt væri ekki mikill skilningur á verkefninu og eini sjóðurinn sem styrkti okkur var Velferðarsjóður barna. Fólk sá því ekki ljósið þá en sér það kannski í dag.“

Nú er komið innflytjendaráð og ríkisstjórnin hefur mótað stefnu í málefnum innflytjenda. „Á Norðurlöndunum er algengt að sérstakt bókasafn sé fyrir innflytjendur sem sér um að þjóna öðrum bókasöfnum vítt og breitt um landið og þá fær maður til dæmis lánaðan kassa með bókum á indversku ef það er þörfin í það skiptið,“ útskýrir Hulda Björk.

„Þó verkefninu sé formlega lokið erum við enn að safna bókum og sendum á milli okkar það sem til er. Ég hef ekki trú á öðru en að þetta haldi áfram þó ekki sé alveg ljóst í hvaða formi. Við væntum þess að ríkið sýni okkur skilning í þessum málum og styrki okkur þótt almenningsbókasöfnin séu rekin af sveitarfélögunum,“ segir Hulda Björk vongóð um framtíð verkefnisins enda mikilvægt málefni hér á ferð. *hrefna@frettabladid.is*

Gerðu námið léttara!
**Minnistækni** - Lærðu að muna ótrúlegt magn upplýsinga!
**Hraðlestur** - Þú getur lært að lesa hraðar!
**Öðruvísi stærðfræði** - Margfaldaðu, án þess að muna margföldunartöfluna!
**Upplýsingar og skráning:**
Kolbeinn Sigurjónsson (kolbeinn@lesblindusetrid.is)
www.lesblindusetrid.is undir "námstækni"
Námskeiðin henta 10-20 ára nemendum og er foreldri boðið frítt með.
Mörg verkalýðsfélög endurgreiða allt að helming kostnaðar.
**Verð aðeins kr. 20.000.- s: 5666664**



Lestu um nýju bækurnar á bokmenntir.is
Bókmenntavefurinn
Borgarbókasafn. Sími 563 1717. www.borgarbokasafn.is

FJÖLSKYLDUBÓKIN Í ÁR!




ÞÚ ERT FRÁBÆR - bók sem byggir upp sjálfstraust barna - og allra hinna
Bókaútgáfan Hólar - holar@simnet.is




„ÉG HEITI DARRI!
ÞEGAR KÆRASTAN MÍN VARÐ ÓLÉTT SETTIST ÉG NIÐUR OG BYRJAÐI AÐ SKRIFA DAGBÓK. VEIT EIGINLEGA EKKI AF HVERJU. ÉG BYRJAÐI BARA.“
Einlæg og skemmtileg dagbók úr íslenskum veruleika. Tilvalin fyrir verðandi pabba – og mömmur.
Salka
www.salka.is
Salka/GBÓ

Allt sem þú þarft…
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.




…alla daga
Fíton/SÍA

lh hestar
ÍÞRÓTT ● MENNING ● LÍFSSTÍLL



Heimsmeistari í Austurríki

**Jarl skiptir um eigendur**

**BLS. 4**

**ÞRIÐJUDAGUR 13. NÓVEMBER 2007**

# Borði skiptir um knapa

Stóðhesturinn Borði frá Fellskoti hefur fengið nýjan knapa. Brynjar Jón Stefánsson, sem tamdi og sýndi hestinn og átti helming í honum, hefur selt Sigursteini Sumarliðasyni, heimsmeistara í gæðingaskeiði, og Jóhanni Helga Hlöðverssyni sinn hlut. Borði er hátt dæmdur klárhestur, með 9,5 fyrir tölt og margar níur að auki. Sigursteinn segir að stefnan hafi verið tekin á B-flokkinn á landsmótinu á næsta ári.



**Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.** MYND/JENS EINARSSON

# Frjálst framtak í hrossarækt

„Það hefur orðið hrossaræktinni til gæfu að hún hefur notið minni styrkja en aðrar búgreinar. Fyrir vikið hefur frjáls framtaksandi dafnað í greininni," sagði Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, á aðalfundi Félags hrossabænda. „Ég vil í störfum mínum sem ráðherra stuðla að því að vegur íslenska hestsins verði meiri en nokkru sinni í krafti þessa anda. Besta leiðin til þess er að þið sem hestinum unnið og kunnið með hann að fara fáið sem mest svigrúm og tækifæri til að sinna verkum ykkar og þær aðstæður vil ég taka þátt í að skapa," sagði Einar.



**Flugar á fljúgandi skeiði á HM-07. Knapi Sigurður Sigurðarson.** MYND/ÖRN KARLSSON

# Anna Skúlason fær Flugar

**Hrossaræktarbúið Askagården í Svíþjóð hefur keypt stóðhestinn Flugar frá Holtsmúla sem var keppnishestur Sigurðar Sigurðarsonar á HM nú í sumar. Sigurður keppti á Flugari á skeiðmeistaramótinu í Þýskalandi í haust og vann 100 m skeiðið á 7,67 sekúndum. Anna Skúlason á Brösarpsgården verður þjálfari og knapi á Flugari, en hún varð heimsmeistari í 250 m skeiði á Mjölni frá Dalbæ á HM-2003 í Austurríki.**



**Þórarinn Eymundsson í hásæti hjá félögum sínum. Aðrir eru: Þórður Þorgeirsson, Viðar Ingólfsson, Sigurður Sigurðarson, Bergþór Eggertsson og Valdimar Bergstað.** MYND/JENS EINARSSON

# Þórarinn knapi ársins

**Mikið var um dýrðir á uppskeruhátíð hestamanna á Broadway.**

**ÞÓRARINN EYMUNDSSON** frá Saurbæ í Skagafirði er knapi ársins og íþróttaknapi ársins 2007. Þórarinn varð heimsmeistari í fimmgangi, annar í tölti á HM-07 og Íslandsmeistari í fimmgangi og tölti annað árið í röð á Krafti frá Bringu. Hann er eini knapinn sem hefur unnið báðar þessar greinar á Íslandsmóti á sama hestinum. Auk þess þreytti Þórarinn meistarapróf Félags tamningamanna á árinu og stóðst það með glæsibrag, einnig á Krafti.

**GÆÐINGAKNAPI ÁRSINS** er Viðar Ingólfsson. Hann varð efstur í B-flokki á gæðingamóti Fáks á Takti frá Tjarnarlandi og efstur á Fjórðungsmóti Austurlands í sömu grein á sama hesti. Hann náði einnig frábærum árangri í mörgum öðrum greinum og varð meðal annars sigurvegari í Meistaradeild VÍS síðastliðinn vetur.

**SKEIÐKNAPAR ÁRSINS** eru tveir, Sigurður Sigurðarson og Bergþór Eggertsson. Sigurður setti í sumar heimsmet í 100 metra skeiði á Drífu frá Hafsteinsstöðum. Drífa var nær ósigrandi í greininni á keppnistímabilinu. Sigurður vann einnig gull í 100 metra skeiði á skeiðmeistaramótinu í Þýskalandi á Flugari frá Holtsmúla. Bergþór er tvöfaldur heimsmeistari frá því í sumar; í 250 metra skeiði og 100 metra skeiði á hestinum Lótusi frá Aldenghoor. Reiðmennska Bergþórs á skeiði þótti til mikillar fyrirmyndar.

**KYNBÓTAKNAPI ÁRSINS** er Þórður Þorgeirsson og það ekki í fyrsta sinn. Afköst Þórðar eru mikil í þessari grein. Hann sýndi hátt í hundrað hross og nærri helmingur þeirra hlaut 8,0 eða hærra í meðaleinkunn. Helsta skrautfjöður hans á árinu er 10 í einkunn fyrir tölt á stóðhestinum Garra frá Reykjavík á heimsmeistaramótinu í Hollandi.

**EFNILEGASTI KNAPI ÁRSINS** er Valdimar Bergstað (yngri). Valdimar bar höfuð og herðar yfir aðra í ungmennaflokki á árinu. Ekki bara vegna þess hve hár hann er í loftinu, heldur vegna frábærs árangurs í keppni. Þulur gat þess einnig að Valdimar hefði vaxið sem íþróttamaður, hefði gert mistök en vaxið af þeim og væri nú fyrirmynd annarra.

# Brynjar kveður með stæl

**Brynjar Vilmundarson á Feti er hrossaræktarmaður ársins 2007.**

Brynjar Vilmundarson á Feti er hrossaræktarmaður ársins 2007. Er þetta í þriðja sinn sem Brynjar hlýtur þennan titil og í tólfta sinn sem hann er tilnefndur. Ekkert annað hrossabú hefur verið tilnefnt svo oft.

Upphaf hrossaræktar Brynjars má rekja til þess er hann keypti stóðhestinn Merkúr frá Miðsitju 1984. Vendipunktur varð í ræktuninni þegar hann keypti hluti í Orra frá Þúfu en undan og út af honum hefur Brynjar að miklu leyti byggt sína ræktun, ásamt stóðhestinum Kraflari frá Miðsitju.

Brynjar kom inn í hrossaræktina með gusti á miðjum aldri. Hross frá Feti hafa oftar en ekki staðið á toppnum á landsmótum. Má þar nefna Vigdísi og Lokkadísi frá Feti á LM-1998, Bringu frá Feti á LM-2000, og Vilmund frá Feti á LM-2006. Að jafnaði hafa komið um fimm til sjö fyrstu-verðlauna hross frá búinu á ári.



**Hrossaræktarmaður ársins 2007, Brynjar Vilmundarson á Feti, ásamt konu sinni Kristínu Torfadóttur.** MYND/JENS EINARSSON

Fyrr á þessu ári seldi Brynjar Fet með öllu tilheyrandi: landi, húsakosti og hrossum, og á hann núna aðeins eitt hross, folald frá því í vor. Það má því segja að Brynjar hafi komið inn í hrossaræktina með stæl og kveðji nú með stæl.

# Hestar, byssur og bílar á Akureyri

Hestamenn á Akureyri óttast að fyrirhugað akstursíþrótta- og skotsvæði í Glerárdal, mitt á milli hesthúsahverfanna, muni hafa mjög spillandi áhrif á útvistarsvæðið í heild og valda slysahættu. Ásta Ásmundsdóttir, formaður hestamannafélagsins Léttis, segir enga skynsemi í umræðunni og svo virðist sem búið sé að ákveða það pólitískt að svæðið verði að veruleika. Akureyrarbær hefur auglýst eftir athugasemdum við deiluskipulag.

*Sjá bls. 2*

# Hestar í Vetrargarðinum

Föstudaginn 16. nóvember mun hestatímaritið Eiðfaxi standa fyrir dagskrá í Vetrargarðinum í Smáralind. Hugmyndin er að bjóða upp á spennandi dagskrá fyrir hestamenn og aðra sem hafa áhuga á að kynna sér hestasportið. Meðal annars verður sýnikennsla í ábendingum og hægatöltskeppni. Það verður nýstárlegt að sjá hesta í þessu umhverfi og spennandi að sjá hvernig til tekst. Það er Meistaradeild VÍS sem útvegar knapa og hesta, þannig að víst er að þeir þættir verða í lagi. Einnig verður kynning á hestatengdum vörum.



**Rosmarie og Sigfús í Geldingaholti.** MYND/JENS EINARSSON

# Rosmarie hlýtur heiðursverðlaun

**Rosemarie Þorleifsdóttir hlaut heiðursverðlaun ársins á Uppskeruhátíð hestamanna 2007 á Broadway. Rosemarie er brautryðjandi í hestamennsku og hefur innt af hendi mikið starf á sviði æskulýðsmála, bæði hér á landi og innan FEIF, alþjóðasamtaka íslenska hestsins.**

**Hún var fyrst íslenskra knapa til að afla sér menntunar í reiðmennsku, þegar hún fór til Þýskalands 1960. Hún flutti nýjungar heim með sér, meðal annars þýska reiðmúlinn (nasamúlinn) sem lengi vel var kallaður Rosemarie-múllinn og er nú staðalbúnaður í íslenskri hestamennsku. Hún stofnaði Reiðskólann í Geldingaholti 1964 ásamt manni sínum Sigfúsi Guðmundssyni, sem var fyrsti reiðskólinn á Íslandi í einkaeign og er hann starfræktur ennþá.**

lh hestar
ÍÞRÓTT . MENNING . LÍFSSTÍLL

Málgagn Landssambands hestamannafélaga

**Útgefandi:** Landssamband hestamannafélaga
**Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
**Netfang:** lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Jens Einarsson
**Netfang:** jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
sími: 512-5435 gsm. 822-5062

**HELSTU SAMSTARFSAÐILAR LH ERU:**

VÍS GLITNIR LÍFLAND

# Bílar og hestar fara ekki saman

Við hestamenn og forustumenn hestamannafélaga höfum á undangengnum árum átt í æ ríkara samstarfi við sveitastjórnarstigið og er það vel. Skipulagsmál, heilbrigðismál og öryggismál eru málaflokkar sem hafa skapað samstarfsgrundvöll sveitarstjórna og hestamanna. Hefur þessi samvinna skilað miklum og góðum árangri og í dag eru hesthúsahverfi og útivistarsvæði hestamanna hluti af heild þegar skipulagsmál sveitarfélaga eru kynnt. Þó eru á þessu undantekningar, til dæmis á Akureyri.

Þar í bæ er nú í lögboðnu kynningarferli tillaga sem að mati undirritaðs er gjörsamlega glórulaus og úr öllum takti við það sem er að gerast annars staðar á landinu. Hesthúsahverfi á Akureyri eru tvö og á milli þeirra er um það bil 500 til 1000 metra loftlína. Á því svæði er nú búið að skipuleggja athafnasvæði Bílaklúbbs Akureyrar með öllu því sem þeirri starfsemi fylgir: Go kart-braut, akstursgerði, torfærubraut. Og þótt fallið hafi verið frá um stund að skipuleggja þar kvartmílubraut er það trú okkar hestamanna að sá frestur sé bara tímabundinn.

Formaður Hestamannafélagsins Léttis sýndi nú um liðna helgi á formannafundi LH teikningu af þessum herlegheitum og vakti hún hlátur meðal fundarmanna. Okkur hestamönnum á Akureyri er ekki hlátur í huga. Hér er um beina aðför að hestamennsku á Akureyri að ræða gangi þessar hugmyndir bæjaryfirvalda eftir, sem eru algjörlega í mótsögn við allar samþykktir og ályktanir undangenginna landsþinga hestamanna. Bílar og hestar eiga ekki samleið.

Hér er svo mikil vá fyrir dyrum að hestamenn með sterka og öfluga stjórn LH verða að koma hér að málum og reyndar má nefna hér ÍSÍ líka til sögunnar. Framtíð hestamennsku á Akureyri stendur og fellur með því hvort þessar fyrirætlanir bæjarins nái fram að ganga. Hér á bæ vantar vit í ráðamenn. Bílar og hestar eiga enga samleið.



**MEÐ KVEÐJU FRÁ AKUREYRI**
**Sigfús Helgason, stjórnarmaður LH og fyrrverandi formaður hestamannfélagsins Léttis.**



Regína Gunnarsdóttir frá LH, Magnús Kristinsson frá Toyota og Jóna Fanney Friðriksdóttir frá Landsmóti ehf. handsala samninginn. MYND/JENS EINARSSON

# Toyota í hestamennskuna

Toyota á Íslandi hefur gert þriggja ára samstarfssamning við LH og Landsmót ehf. Toyota er þar með komið í hóp þeirra fyrirtækja sem styrkja starfssemi LH og Landsmóts ehf. og líklegt að Toyota bílar verði áberandi á næstu tveimur landsmótum. Magnús Kristinsson, stjórnarformaður Toyota, vonast til að samningurinn verði góður fyrir báða aðila, enda hafi báðir gott fram að færa, bestu hesta í heimi og bestu bíla í heimi.

# Hestar, byssur og tryllitæki

**Akstursíþrótta- og skotsvæði hefur verið skipulagt í Glerárdal á Akureyri, mitt á milli hestahúsahverfanna í Breiðholti og Hlíðarholti. Hestamenn á Akureyri eru afar ósáttir.**



Afstöðumynd af fyrirhuguðu aksturs- og skotsvæði í Glerárdal. Hesthúsahverfin Breiðholt og Hlíðarholt eru hvort sínum megin við. Mynd tekin af vef Akureyrarbæjar.

Akstursíþrótta- og skotsvæði hefur verið skipulagt í Glerárdal á Akureyri, mitt á milli hestahúsahverfanna í Breiðholti og Hlíðarholti. Fyrirhugað svæði er í aðeins nokkur hundruð metra fjarlægð frá hesthúsahverfunum. Útvistarsvæði fyrir göngufólk er einnig á sömu slóðum. Auglýst hefur verið eftir athugasemdum við deiliskipulag að svæðinu og frestur til að skila inn athugasemdum er til 21. nóvember.

**SLYSAHÆTTA OG HLJÓÐMENGUN**

Hestamenn á Akureyri eru uðvonum rasandi yfir þessum áformum, ekki síst með tilliti til þess að nýbúið er að reisa reiðhöll í Hlíðarholti og skipuleggja þar nýtt keppnissvæði. Þeir telja augljóst að hávaðinn frá akstursíþrótta- og skotsvæðinu muni hafa slysahættu í för með sér og rýra gæði útivistarsvæðisins til mikilla muna. Hestamannafélagið Léttir hefur sent formlegar athugasemdir til Akureyrarbæjar vegna málsins. Svar bæjarins er að samkvæmt mati Línuhönnunar séu hávaðamörk og fjarlægðir frá skotstefnu innan marka sem farið er eftir á hinum Norðurlöndunum við hönnun sams konar svæða.

**VERULEGIR ANNMARKAR**

Ólafur Hjálmarsson, verkfræðingur hjá Trivium ráðgjöf, hefur gert athugasemdir við mat Línuhönnunar að beiðni Léttis. Hann telur á því verulega annmarka. Bendir hann meðal annars á að rétt hefði verið að nýta sér reynslu Hafnfirðinga af skotæfingasvæði sem er tvo til þrjá kílómetra frá íbúðabyggð í Hvaleyrarholti. Íbúar hafi þegar sent kvartanir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði.

Ólafur segir einnig að svæðið í Glerárdal geti vart verið óheppilegra með tilliti til ríkjandi vindátta, sem annaðhvort beini hávaðanum í átt að Breiðholti eða Hlíðarholti.

**EYÐILEGGJA ÚTIVISTARPARADÍS**

Ásta Ásmundsdóttir, formaður Léttis, óttast að þær forsendur sem menn gefi sér varðandi hljóðmælingar séu ekki raunhæfar, veruleikinn muni verða allt annar þegar til kastanna kemur. Hún sér ekki fyrir sér að eftirlit verði haft með því hvers konar bílar og skotvopn verði notuð þar í reynd.

„Glerárdalur er útivistarparadís. Og hún er ekki bara fyrir hestamenn heldur eru gönguleiðir og skíðasvæði þar fyrir ofan. Það er alveg augljóst frá mínum bæjardyrum séð að akstursíþrótta- og skotsvæði mun hafa þarna veruleg neikvæð áhrif. Við í Létti erum búin að gera allt sem við hugsanlega getum til að benda á hversu fáránleg þessi hugmynd er; byrjuðum á því fyrir einu og hálfu ári meðan málið var ennþá á undirbúningsstigi. Þær athugasemdir hafa lítinn árangur borið," segir Ásta.

Við trúum því ekki að Akureyringar séu tilbúnir til að eyðileggja þetta svæði með því að hrúga þar saman svona ólíkum áhugamálum. En því miður hef ég ekki komið auga á neina skynsemi í þessari umræðu. Svo virðist sem það sé pólitískt búið að ákveða að þetta verði og ekkert fái haggað því. En við ætlum ekki að gefast upp og munum halda áfram að gera athugasemdir í því lögformlega ferli sem nú er í gangi."

**AFMARKAÐ SVÆÐI**

„Þarna hefur verið skotsvæði og torfærubraut í mörg ár, þannig að þetta er ekki nýtt fyrir hestamönnum," segir Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri. „Það hafa komið upp atvik þar sem legið hefur við slysum þegar hross hafa fælst við torfæruhjól, sem hafa farið út fyrir svæðið.

Með því að afmarka svæðið, setja upp hljóðmanir og girða það með trjám, ætlum við einmitt að reyna að koma í veg fyrir slíkt. Skotsvæðið er lengra í burtu og ég veit ekki til þess að það hafi valdið truflun.

Við höfum tekið athugasemdir frá hestamönnum til greina og gert breytingar á upphaflegum hugmyndum. Til dæmis hefur kvartmílubraut verið stytt og hún verður niðurgrafin til að minnka hávaða frá henni.

Það hefur alltaf verið töluverð umferð bíla um þetta svæði. Aðalvandamálið er kannski að hesthúsahverfin eru tvö, þannig að það er erfiðara að aðgreina umferð hesta og bíla. Við eigum því miður ekki annað hentugt svæði innan bæjarmarka Akureyrar og verðum því að reyna að koma þessu þannig fyrir að allir geti unað sáttir," segir Sigrún.

# Vakurstaðir á Netið

**Ný heimasíða fyrir hestamenn tekin í gagnið.**

**Hrossaræktarbúið Vakurstaðir, sem eru í eigu Valdimars og Halldóru Bergstað, hefur opnað heimasíðu á Netinu: www.vakurstadir.is. Hrossaræktin á Vakurstöðum er ung að árum en státar þó af landsfrægum hrossum. Þekktust þeirra eru systkinin List og Leiknir frá Vakurstöðum, sem bæði eru afburðagæðingar, undan Lyftingu frá Ysta-Mó, Hervarsdóttur frá Sauðárkróki. Það er veffyrirtækið IceSoft sem hannaði síðuna en það sérhæfir sig í vefsíðum fyrir hestamenn og hrossaræktarbú og má þar nefna Oddhól (www.diddi.is), Auðsholtshjáleigu (www.horseexport.is), hestamannafélagið Hörð (www.hordur.is) og fleiri.**



List frá Vakurstöðum, knapi Árni Björn Pálsson. MYND/JENS EINARSSON

Vinnustofan | nóvember 2007

## CHRYSLER C300
Vél V-6 3,5l/ Bensín/248 HÖ

**Tilboðsverð/staðgreitt**
**4.290.000 kr.**
Fullt verð: 4.890.000 kr.





## DODGE NITRO
Vél V-6 4,0 l / Bensín/ 260 HÖ

**Tilboðsverð/staðgreitt**
**4.590.000 kr.**
Fullt verð: 4.990.000 kr.

# TILBOÐSDAGAR

BJÓÐUM FRÁBÆR VERÐ Á NÝJUM BÍLUM TIL AFGREIÐSLU STRAX
ERUM EINNIG MEÐ LÍTIÐ EKNA REYNSLUAKSTURSBÍLA TIL SÖLU

**KÍKTU VIÐ OG REYNSLUAKTU!**



## JEEP COMMANDER LIMITED
Vél V-6 3,0 / Dísel / 218 HÖ / 510 NM.

**Tilboðsverð/staðgreitt**
**5.290.000 kr.**
Fullt verð: 6.185.000 kr.



## JEEP GRAND CHEROKEE
Vél V-6 3,0 / Dísel / 218 HÖ / 510 NM.

**Tilboðsverð/staðgreitt**
**5.490.000 kr.**
Fullt verð: 5.985.000 kr.




Opnunartími:

**Mánudaga - föstudaga**
**10 - 18**

**Laugardaga**
**10 - 14**

JDC bílar hf.
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 540 6700
jdc@jdc.is
www.jdc.is

JDC bílar

## Hafrar & bygg

Um aldir var almennt viðhorf í íslensku samfélagi að algjört bann væri við því að leggja sér hrossakjöt til munns. Þetta bann var tengt túlkun á Biblíunni, sem fól í sér að einungis mætti borða kjöt af klaufdýrum. Í fyrstu íslensku kristnilögunum er hrossakjötsát lagt að jöfnu við barnaútburð og skurðgoðadýrkun. Staða hestsins sem mikilvægs atvinnu- og samgöngutækis hefur að líkindum enn frekar styrkt bannið gegn hrossakjötsátinu.

Í einum ákafasta harðindakafla 18. aldar, sem stóð yfir á árunum 1754-1758, neyddust sumir landsmenn til að leggja sér hrossakjöt til munns. Þrátt fyrir neyð almennings, var andúðin á hrossakjötsáti það sterk að mörgum prestum landsins stóð ekki á sama. Þeim bar að halda guðsorði og góðum siðum að almenningi og þó að neyðin væri mikil var hrossakjötsátið svo alvarlegt afbrot að það var ekki látið óátalið.

Um miðja 18. öldina fóru yfirvöld trúmála í danska konungsveldinu, sem Ísland var hluti af, að sýna merki um tilslakanir á banni við neyslu hrosskjöts. Kirkjustjórnarráðið í Kaupmannahöfn gaf út þá yfirlýsingu árið 1757 að hrossakjötsát í neyð væri ekki brot og því ekki refsivert.

Árið 1775 setti Magnús Ketilsson, sýslumaður í Dalasýslu, fram þá skoðun, á síðum tímaritsins Islandske Maanedestidende, að rétt væri að landsmenn hagnýttu sér sláturafurðir af hrossum. Hann vildi þó ekki að menn legðu sér hrosskjöt til munns heldur nýttu fituna sem ljósmeti.

Árið 1808 gekk Magnús Stephensen dómstjóri og mælti opinberlega með hrossakjötsáti og gerði einnig um það tillögur. Þær miðuðu aðallega að því að „troða" hrossakjötinu í fanga og ómaga, en einnig vildi Magnús vekja athygli almennings á því. Á þessum tíma voru harðindi á Íslandi og siglingateppa en þrátt fyrir það mæltust þessar hugmyndir illa fyrir og uppskar hann fyrirlitningu. Óbeit á hrossakjöti lifði fram eftir 19. öldinni og jafnvel lengur.

# Verðum að breyta viðhorfi okkar

**Benedikt Líndal tamningameistari segir ástæðu til að taka umfjöllun Cavallo um heimsmeistaramótið í Hollandi alvarlega.**

Margir íslenskir hestamenn móðguðust þegar þýska hestatímaritið Cavallo fjallaði um grófa reiðmennsku á íslenskum hestum og birti vondar myndir af hestum og knöpum frá heimsmeistaramóti íslenskra hesta í Hollandi síðastliðið sumar.

Myndirnar eru flestar af hestum sem verið er að taka niður á skeið í fimmgangskeppni á hringvelli og sýna gróf taumtök og skældan höfuðburð. Benedikt Líndal tamningameistari segir hins vegar að full ástæða sé fyrir knapa, dómara og landsliðsþjálfara að taka þetta sem mjög þarfa ábendingu.


Mynd af Rúnu Einarsdóttur sem birtist í tímaritinu Cavallo. Það skal tekið fram að Rúna hefur jafnan verið fyrirmynd annarra knapa fyrir prúða reiðmennsku og góða meðferð á hestum. MYND/CAVALLO

„Það hefur alltaf verið mín skoðun að fimmgangskeppni á 200 til 250 m hringvelli sé vanvirðing við alhliða gæðing. Niðurtaka á hringvelli getur vel verið falleg og fumlaus ef hesturinn er vel taminn og þjálfaður, en skeiðfærið er allt of stutt og niðurhægingin, sem oftast fer fram í beygju, er mjög ósanngjörn fyrir hestinn," segir Benedikt.

Hann bætir því við að fimmtán ár séu síðan hann flutti tillögu innan Félags tamningamanna um að fimmgangskeppninni yrði breytt og skeiðið fært á beina braut. Sú skoðun hans hafi ekkert breyst, en ekki vellirnir heldur.

„Það er líka mín skoðun að við megum ekki þjálfa alhliða hrossin þannig, að það sé á kostnað skeiðsins. Um leið og við förum að leggja of mikla áherslu á töltið og fótaburðinn bitnar það á skeiðinu, bæði niðurtökunni og skeiðsniðinu," segir Benedikt.

„Það geta allir gert mistök og ég skil vel að knapi geti fyllst örvæntingu í keppni þegar hesturinn vill ekki fara niður á skeið. En það réttlætir ekki grófa reiðmennsku. Í þessu tilfelli erum við heldur ekki að tala um neina viðvaninga, heldur úrslit á heimsmeistaramóti. Við verðum einfaldlega að breyta viðhorfum okkar," segir Benedikt.


Benedikt Líndal segir að keppni í fimmgangi á hringvelli sé vanvirðing við alhliða gæðing. MYND/JENS EINARSSON

# Vætutíð og holdhnjúskar

**Holdhnjúskar í hrossum eru með meira móti þetta haustið. Dýralæknar hvetja hestamenn til að huga vel að hrossum sínum, ekki síst veturgömlum trippum og fylfullum hryssum.**

Holdhnjúskar eru fituhnúðar sem myndast í ysta lagi húðarinnar vegna bakteríusýkingar einkum í mikilli vætutíð. Rok og rigning hefur verið nær eina veðrið í boði á Suðurlandi frá því í byrjun september og tíð hefur einnig verið leiðinleg annars staðar á landinu. Hross halda sig síður að áti við þær aðstæður og mikil orka fer í að halda uppi líkamshita. Fitan í feldinum minnkar og hrossið verður óvarðara fyrir vætu og meiri hætta verður á holdhnjúskum.

Páll Stefánsson, dýralæknir á Stuðlum, segir að einkum séu það brúkunarhross sem ekki hafi fengið nægan fitunartíma til að búa sig undir haustið sem séu hnjúskuð. Einnig trippi sem hafi tekið út mikinn vöxt og safnað minni fituforða fyrir vikið. „Hross á Suðurlandi eru þó almennt í góðum holdum, en menn þurfa að huga betur að ormahreinsun á trippum. Það er lágmark að gefa þeim inn tvisvar á ári og helst þrisvar," segir Páll.


Nú gengur vetur í garð og hross misjafnlega undirbúin eftir vætusamt haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

Höskuldur Jensson, dýralæknir á Nautabúi í Skagafirði, segir að dálítið sé um hnjúska í hrossum þar, sem sé óvenjulegt. „Vegna mikilla þurrka í vor og sumar er úthagi með lakara móti og það hefur sums staðar bitnað á holdafari útgönguhrossa. Ég tel vissara fyrir hrossabændur að gá að sér og byrja ekki of seint að gefa út," segir Höskuldur.


## TENNANT S12

Tekur grasið, hárið, taðið og umfram allt rykið án þess að þeyta því upp í loftið.
Þar sem tækið er rafmagnsknúið þá heyrist ekkert í því þegar það er í gangi.
Hestarnir sýndu tækinu áhuga en þeim brá ekkert þegar hliðarburstinn sópaði undan og frá hurðinni á þeirra stalli.




PON
PON Pétur O. Nikulásson ehf
Melabraut 23. 220 HAFNARFJÖRÐUR
www.pon.is • Sími: 552 0110


# Jarl í Austurríki

Hinn tvöfaldi heimsmeistari frá HM-07, Jarl frá Miðkrika, hefur skipt um eigendur. Kaupandi hans er austurríska hestakonan Lucia Koch, en hún hefur um skeið verið að fóta sig sem knapi á íslenskum hestum í Austurríki.

Koch á meðal annarra hrossa stóðhestana Funa frá Stóra-Hofi og Fork frá Auðsholtshjáleigu, sem verið hafa hennar helstu keppnishestar, báðir alhliða hestar.

Stian Pedersen, eigandi, þjálfari og knapi á Jarli til margra ára, sagði á heimsmeistaramótinu í sumar að hann myndi aldrei selja Jarl og að hann myndi mæta Jóhanni Skúlasyni og Hvini frá Holtsmúla að tveimur árum liðnum og vinna þá í tölti. En aldrei að segja aldrei.

Tilboðið frá Koch var of gott til að hægt væri að hafna því. Jarl mun því halda áfram göngu sinni suður eftir hnettinum og án efa munu austurrískir ræktunarmenn taka á móti honum fegins hendi.


Lucia Koch hér með Fork frá Auðsholtshjáleigu sem hefur verið hennar keppnishestur um hríð. MYND/MARKOVSKY

Jarl er nú á þrettánda vetri. Hann á 137 skráð afkvæmi og þar af eru tólf dæmd, þrjú með 8,0 eða hærra í aðaleinkunn.

HESTAR & MENN

Ögurhvarf 1, sími 567-3300

# Stórútsala á Top Reiter vörum
# 10-90% afsláttur

## Kuldagallar
verð áður ~~19,900~~ kr. Verð nú **9900** kr

## Reiðbuxur
verð áður ~~17,900~~ kr. Verð nú **9900** kr

## Magic boots hófhlífar
verð áður ~~9900~~ kr. Verð nú **6900** kr

## Reiðdýna
verð áður ~~86,900~~ kr. Verð nú **39,900** kr

**Hnakkar** frá **89,900** kr

**Höfuðleður** og **múlar** frá **1000** Kr

**Bolir** og **peysur** á **500** kr

*Verslunin hættir með Top Reiter og útsalan*
*verður í gangi á meðan birgðir endast*

## Hestamenn á netinu

**FRÉTTAMIÐLAR:**
www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is

**STOFNANIR:**
www.lhhestar.is
www.holar.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

**HROSSABÚ (SÝNISHORN):**
www.icelandic-horses.is/
www.vorsabae2.com/
www.vatnsleysa.com/
www.torfunes.is
http://frontpage.simnet.is/inga.toni/



**Guðbergur Reynisson hampar æskulýðsbikar LH.** MYND/JENS EINARSSON

# Máni fær æskulýðsbikar LH

Hestamannafélagið Máni í Keflavík hlaut æskulýðsbikar LH fyrir árið 2007. Er þetta í annað sinn sem félagið hlýtur bikarinn, fyrra skiptið var árið 2001.

Mikið og öflugt æskulýðsstarf hefur verið í Mána síðastliðin tvö ár og að sögn Guðbergs Reynissonar, formanns félagsins, hefur það skilað sér í aukinni þátttöku og betri árangri.

„Við settum á laggirnar sérstakt vetrarmót fyrir börn og unglinga, sem hefur vakið mikla lukku. Við erum einnig viss um að nýja reiðhöllin mun verða önnur vítamínsprauta, en hún verður væntanlega tekin í notkun í febrúar á næsta ári,“ segir Guðbergur.

# Eini íslenski sjálfboðaliðinn

**Sigrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri LH, var á dögunum stödd á HM-07 þar sem hún tók þátt í starfi fjögur hundruð sjálfboðaliða hvaðanæva að úr heiminum.**



**Sigrún Ögmundsdóttir var sjálfboðaliði á HM 2007 í Hollandi.** MYND/JENS EINARSSON

Það hefur vakið athygli hve sjálfboðaliðar á heimsmeistaramótum eru margir, en æ erfiðara er að fá þá til starfa á hestamótum hér landi.

Hollendingar eyddu töluverðu púðri í að auglýsa eftir sjálfboðaliðum. Það var hins vegar ekki mikið í boði: Frítt inn á mótið, sértjaldsvæði og frítt að borða þá daga sem þeir voru í vinnu. Samt sem áður skráðu sig um fjögur hundruð manns. Sigrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri LH, var ein þeirra.

*Hvernig bar það til að þú gerðist sjálfboðaliði á HM?*

„Landsmót 2006 bauð Sytske Casimir, einum af skipuleggjendum HM, að koma og kynnast vinnunni og skipulaginu á LM,“ segir Sigrún. „Hún var með okkur alla landsmótsvikuna. Við unnum mjög vel saman, urðum góðar vinkonur og í framhaldinu fórum við að vinna saman að verkefnum hjá FEIF.

Sytske bauð síðan mér og Sólveigu Ásgeirsóttur að koma og vinna á sport-skrifstofunni á HM. Þannig að við fórum aðra leið en flestir hinna.“

*Hvernig upplifun var þetta?*

„Það besta við þetta var að kynnast öllu þessu yndislega fólki. Hollendingar eru sérstaklega gestrisnir og hjálpsamir. Sport-skrifstofan var mjög alþjóðleg en auk Hollendinga var einn starfsmaður frá Danmörku, Austurríki, Sviss, Þýskalandi og svo ég frá Íslandi; allt konur enda gekk þetta allt eins og smurð vél,“ segir Sigrún og brosir til blaðamannsins, sem er karlmaður!

*Heldur þú að útlendingar væru til í að gerast sjálfboðaliðar á Landsmóti upp á þessi býtti?*

„Ég veit um nokkra sem eru tilbúnir til þess, en hve margir þeir yrðu veit ég ekki. En það má ekki gleyma því að á Landsmót koma sjálfboðaliðar frá hestamannafélögunum sem standa að mótinu og félögin fá greitt fyrir það. En þeir skipta ekki mörgum hundruðum,“ segir Sigrún.

# Brekkan lætur sér ekki segjast

Góð frammistaða í kynbótadómum er engin trygging fyrir því að stóðhestar verði vinsælir og fái notkun. Svokallaðir brekkudómar vega þar oft þyngra og hefur svo verið allt frá því að skipulegar kynbótasýningar hófust um miðja síðustu öld.

Þetta sannaðist enn eina ferðina í sumar þegar hinn fjögurra vetra Klerkur frá Bjarnanesi heillaði áhorfendur á FM07 upp úr skónum en hafði stuttu áður fengið slaklega útreið í kynbótadómi, 7,52 fyrir sköpulag og 7,55 fyrir kosti. Samanlagt gerir það 7,54 í aðaleinkunn, sem strangt til tekið hlýtur að teljast geldingardómur á graðhesti.

En þrátt fyrir þennan slaka dóm fékk Klerkur góða notkun í sumar. Til hans voru leiddar á milli 40 og 50 hryssur, þar af 31 í Skagafirði, þar sem hann var í girðingu eftir Fjórðungsmót Austurlands.



**Klerkur frá Bjarnanesi, knapi Lára Magnúsdóttir.** MYND/SONJA KREBBS

Meðal þeirra sem komu með hryssu undir Klerk var hinn þekkti ræktunarmaður Guðmundur Sveinsson á Sauðárkróki.

Það sem einkum heillar í fari Klerks er gríðarlega hár og frampgripsmikill fótaburður og mál manna að sjaldan eða aldrei hafi annað eins sést á íslensku hrossi. Kemur þessi mikli fótaburður samt sem áður ekki á óvart því foreldrar Klerks eru báðir frægir fyrir þennan eiginleika, þau Glampi frá Vatnsleysu og Snælda frá Bjarnanesi, hvort tveggja hátt dæmd kynbótahross.




# Léttir lundina og nærir sálina

Um nokkurra ára skeið hefur verið starfræktur söngkór hestamanna á höfuðborgarsvæðinu. Kór þessi heitir Brokkkórinn og upphaf hans má rekja til þess að nokkrir sönglaðir meðlimir í hestamannafélaginu Andvara tóku lagið saman fyrir sjö árum.

Síðan þá hefur hópurinn þroskast og dafnað og telja virkir félagar nú um hálft hundrað á aldrinum 19 til 83 ára. Mikið líf er í kórnum um þessar mundir og hefur hann sungið við ýmis tækifæri undanfarin misseri.

Æfingar hjá Brokkkórnum standa jafnan yfir frá því að farfuglarnir yfirgefa landið á haustin og þar til þeir koma aftur á vorin. Nú er vetrarstarfið hafið og að sögn Dagnýjar Bjarnadóttur, ritara kórsins, eru áhugasamir söngmenn í hópi hestamanna á höfuðborgarsvæðinu velkomnir í hópinn.

Þess má geta að fyrir utan að syngja saman gera kórfélagar sér ýmislegt annað til skemmtunar.

Á hverju ári er til dæmis farið í sameiginlegan reiðtúr, síðastliðið vor á Löngufjörur. En aðalatriðið er, eins og félagar Brokkkórsins segja, að „söngurinn léttir lundina og nærir sálina“.



**Brokkkórinn kemur fram við nokkur tækifæri á hverju ári.**

Allar upplýsingar um Brokkkórinn má finna á bloggsíðunni www.123.is/brokk

www.byggdarhorn.is

# Deiliskipulag

## BÚGARÐABYGGÐAR Í LANDI BYGGÐARHORNS

### Þjónusta sveitarfélagsins Árborg

Sveitarfélagið Árborg mun sjá um alla almenna þjónustu við Byggðarhorn á sama hátt og aðra skipulagða byggð í sveitarfélaginu. Þar á meðal er skólaakstur, sorphirða, vatnsveita, hitaveita, viðhald vega, snjómokstur, tæming rotþróa ásamt annarri þjónustu og gæslu samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins. Á Selfossi eru bæði grunnskólar og Fjölbrautaskóli Suðurlands. Þar er einnig heilbrigðisþjónusta. Sjá nánar undir **www.arborg.is** Vatnsveita Árborgar hefur umsjón með hönnun, lagningu og rekstri vatnsveitu á svæðinu. Selfossveitur annast hönnun, lagningu og rekstur hitaveitu að Byggðarhorni.




**FASTEIGNASÖLURNAR VEITA ALLAR UPPLÝSINGAR**

MIKLABORG
**FASTEIGNASALAN MIKLABORG**
Tengiliður: Guðmundur Sveinsson
Sími: 8986826
Netfang: gudmundur@miklaborg.is

**FASTEIGNASALAN BAKKI**
Tengiliður: Þröstur Árnason
Sími: 8995466
Netfang: throstur@bakki.com

BERG FASTEIGNASALA
**FASTEIGNASALAN BERG**
Tengiliður: Grétar Stephensen
Sími: 8611639
Netfang: gretar@berg.is

LANDFORM

## Frábær lausn fyrir hrífandi lífsstíl

Atvinnusvæði höfuðborgarsvæðissins hefur á síðustu árum teygt út anga sína og á síðastliðnum árum hefur suðurlandið verið fjölsótt sem byggðarlag.

**Arkitektastofan ARKITEÓ hefur unnið hugmyndavinnu í samstarfi við Byggðarhorn.**
Niðurstaða þeirrar vinnu er framandi og glæsileg í senn. Nánari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við ARKITEO www.arkiteo.is og netfang arkiteo@arkiteo.is eða söluaðila Byggðarhorns.is



KÍKTU Á HEIMASÍÐUNA OKKAR !!!
WWW.BYGGDARHORN.IS

## Sveitasetur í nánd við þéttbýli

Í 2,5 km fjarlægð frá Selfossi í suðvesturátt býðst nú áhugaverður valkostur fyrir þá sem kjósa að búa í sérbýlum við ró og næði.





**Gæðaplast sem endist**

# Býr þinn hestur vel...?

**Nótuð og afar sterk plastborð í innréttingar og klæðningar.**

GOVAplast QUALITY RECYCLING

### Gæðaplast sem endist

Govaplast borðin eru góð lausn í innréttingum hesthúsa. Borðin eru hátækniþróuð, örugg og mjög sterk, en um leið afar auðveld í meðhöndlun og auðveld í uppsetningu. Govaplast borðin hafa sannað sig rækilega við íslenskar aðstæður í þau átta ár sem þau hafa verið hér á markaði.



Stærðir:
Lengd og þykkt
118 cm x 32 mm

Sérpöntum aðrar lengdir eftir óskum.
Einnig fáanlegt í 28 mm þykkt



- Gæðaplast
- Frábær ending
- Brotnar ekki
- Ekkert viðhald
- Einangrandi
- Fallegt útlit
- Auðvelt að þrífa
- Umhverfisvænt

**GOVAPLAST ER GÆÐAPLAST VARIST EFTIRLÍKINGAR!**

stofnað 1968
**Ragnar Valsson**
**Bílaklæðningar**
**S. 554 0040**
**Bílaklæðningar ehf.** - Kársnesbraut 100 - 200 Kóp.
S. 554 0040 - 892 1315 - Netfang: bkl@bkl.is




Pitstop – *góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta*

## ÓNEGLD VETRARDEKK
## HEILSÁRSDEKK

# TRIANGLE
*Winter Lion*

**Góð dekk á frábæru verði**

Heilsársmunstur sem gefur gott grip. Hentar undir allar gerðir fólksbíla og smájeppa.

TILBOÐ – VERÐDÆMI:
155/70 R13 aðeins kr. 4.990
175/65 R14 aðeins kr. 5.990
205/70 R15 aðeins kr. 8.700

**Þú færð varla jafngóð ný dekk á betra verði!**



## MICHELIN
MICHELIN FÓLKSBÍLA- OG JEPPADEKK

**Michelin-dekkin færð þú á betra verði hjá okkur!**



MICHELIN BFGoodrich Tires Kleber

*Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi*

HELIX

*Við notum Shell Helix smurolíur*

| pitstop | pitstop | pitstop | pitstop |
|---|---|---|---|
| Dugguvogi 10 | Skeifunni 5 | Hjallahrauni 4 Hfj. | Rauðhellu 11 Hfj. |
| Sími: 568 2020 | Sími: 568 2025 | Sími: 565 2121 | Sími: 568 2035 |

Opnar 22. nóvember!

*Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira*

# bílaland B&L

bíla land B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Tilboðsbílar



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 06/2001, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Brúnn / Grár,
Ekinn 120.000 þ. Verð: 1.490.000
Tilboðsverð 1.180.000



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 08/2004, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár / Grár,
Ekinn 56.000 þ. Verð: 2.380.000
Tilboðsverð 2.020.000



**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 07/2000, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 144.000 þ. Verð: 750.000
Tilboðsverð 490.000



**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr: 10/2003, 3500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár / Grár,
Ekinn 51.000 þ. Verð: 2.460.000
Tilboðsverð 2.050.000



**OPEL ZAFIRA-A**
Nýskr: 07/2002, 1800cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 124.000 þ. Verð: 1.090.000
Tilboðsverð 760.000



**RENAULT SCENIC II**
Nýskr: 06/2004, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður
Ekinn 272.000 þ. Verð: 1.250.000
Tilboðsverð 880.000

## Verð frá 500.000 til 1.500.000



**CITROEN XSARA**
Nýskr: 09/2004, 1700cc
5 dyra, Beinskiptur, Brúnn,
Ekinn 52.000 þ.
Verð: 1.390.000



**FORD FOCUS**
Nýskr: 10/1999, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grænn,
Ekinn 65.000 þ.
Verð: 690.000



**HYUNDAI MATRIX**
Nýskr: 07/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Blár, Ekinn
41.000 þ.
Verð: 1.190.000



**HYUNDAI TRAJET**
Nýskr: 06/2001, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 124.000 þ.
Verð: 920.000



**NISSAN ALMERA**
Nýskr: 07/2004, 1800cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 58.000 þ.
Verð: 1.090.000



**RENAULT CLIO**
Nýskr: 10/2003, 1100cc
3 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 58.000 þ.
Verð: 850.000

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000



**BMW 116I**
Nýskr: 04/2007, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 10.000 þ.
Verð: 2.700.000



**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 06/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur - tvílitur,
Ekinn 50.000 þ.
Verð: 2.670.000



**LAND ROVER RANGE ROVER**
Nýskr: 03/2000, 2500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár,
Ekinn 158.000 þ.
Verð: 1.760.000



**MITSUBISHI PAJERO SPORT**
Nýskr: 11/2002, 3000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 67.143 þ.
Verð: 1.950.000



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 11/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 32.000 þ.
Verð: 1.590.000



**VOLVO V70**
Nýskr: 03/2001, 2400cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grænn,
Ekinn 133.000 þ.
Verð: 1.890.000

## 3.000.000 +



**BMW 318I**
Nýskr: 05/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 4.000 þ.
Verð: 3.500.000



**BMW X5**
Nýskr: 05/2006, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 27.000 þ.
Verð: 5.900.000



**BMW Z4**
Nýskr: , 3200cc
3 dyra, Beinskiptur, Blár,
Ekinn 9.000 þ.
Verð: 7.900.000



**HUMMER H3**
Nýskr: 07/2005, 2500cc 4x4
5 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 38.000 þ.
Verð: 4.380.000



**HYUNDAI SANTA FE II**
Nýskr: 11/2006, 2200cc disel
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 31.000 þ.
Verð: 4.180.000



**MERCEDES C350**
Nýskr: 06/2006, 3500cc 4x4
4 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 5.500 þ.
Verð: 5.700.000

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Allt að 100% lán í boði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**
**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu mjög vel búið 4. herb raðhús á Spáni, staðsett í La Florida sem er ca 10 km frá Torrevieja, er á einni hæð í barnvænu hverfi og stutt í alla þjónustu. Uppl í S. 897 0691.

Risherb í 101,aðeins kvk. Baðh.m/sturtu, eldaðst m/ísskáp. Uppl.e.kl. 17:00:698-7389.

Einstaklínsíbúð til langtímaleigu 2. herb. 40 fm íbúð við lækjagötu í Rvk. 3 hæð. Svör sendist Fbl. Merkt. E44

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast til leigu sem fyrst.**
**Sölu og Markaðstjóri leitar að snyrtilegri 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Árs leigusamningur Öruggar greiðslur með ábyrgð fyrirtækis. Reglusemi og Snyrtimennska. ATH! Kjallaraíbúðir eða bílskúrar koma ekki til greina.**
**Þeir húseigendur sem hafa áhuga, vinsamlega hringið í Gsm 860 5418 eða 520 1220, Kristinn.**

**Reyklaus og Reglusöm**
Par óskar eftir stúdíóíbúð/2 herb. íbúð sem fyrst, erum reglusöm, reyklaus og skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 70-80 þús. áhugasamir hafið samband við Karen í síma 616 2917.

Hjón með eitt barn óska eftir íbúð til leigu í Garðabæ eða Hafnarfirði. Skilvísum greiðslum heitið. Reyklaus. Uppl. í síma 894-9142 eða thorsigurdsson@yahoo.com

Erlend par óskar eftir stúdíó/2 herb íbúð, erum reglusöm,skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 70-90 þús. S.8484853

Sos er einstæð móðir og bráð vantar íbúð verður að vera á 1 hæð greiðslu geta 45 til 60 þúsund Reglusöm og skilvirkar greiðslur. Upplýsingar í síma 857 7812.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Fellihýsi - Fornbílar!**
Eigum nokkur pláss eftir í upphituðu fyrsta flokks húsnæði á Eyrarbakka. Vefmyndavélar. S. 564 6500.

## TIL SÖLU


**Frábærir skór í jólapakkann !!**
Allar týpur; Stærðir 30-36, Verð 3990 kr.
Gull og silfur strigaskór



Lelli Kelly
Uppl. gefur Guðbjörg í síma 698 0697.



**Jóli.is**
Syngjandi kátir jólasveinar með nikku og gítar.
Álfar og tröll, Grýla og leppalúði og fjöldinn allur af þekktum söngvurum, tónlistarfólki og skemmtikröftum..
Allir með bros á vör, tilbúnir að skemmta þér og þínum.
Hafið samband við eina elstu og reyndustu jólasveina og skemmtanaþjónustu landsins.
S. 824 3677 & 659 0485, joli@joli.is
Geymið auglýsinguna









## FASTEIGNIR




Erlendur Davíðsson Lögg. fasteignasali | Elfa Bergsteinsd. sölufulltrúi | Erla Viggosdóttir, ritari | Páll Guðjónsson sölufulltrúi | Sigurlaug Ásta Sigvaldadóttir sölufulltrúi | Bragi Valgeirsson sölufulltrúi

Síðumúli 27, 108 R www.remax.is eignastyring@remax.is

RE/MAX
EIGNASTÝRING S: 534 4040



**NJÁLSGATA, REYKJAVÍK**
Mjög falleg algjörlega endurnýjuð 75 fm. 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi. Góðar svalir sem snúa inn í garðinn. Toppeign.
**Verð kr. 22,5 millj.**



**STEKKJARHVAMMUR, HF.**
Fallegt, vandað og vel umgengið raðhús á tveimur hæðum ásamt risi og bílskúr alls 186,5 fm. Vandaðar innréttingar, fjögur svefnherbergi, stór stofa og borðstofa, stór verönd. Mjög gott hús.
**Verð kr. 39,5 millj.**



**GOÐASALIR, KÓPAVOGI**
Glæsilegt og vandað parhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðurm bílskúr alls ca. 250 fm. Sérsmíðaðar innréttingar, parket og náttúrusteinn á gólfi. Frábært útsýni.



**BÓLSTAÐARHLÍÐ, R.VÍK**
Góð 4 herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílskúr á þessum rólega stað. Þrjú svefnherbergi. Björt og rúmgóð stofa/borðstofa. Nýleg innrétting í eldhúsi.
**Verð kr. 30,9 millj.**



**ENGJASEL, REYKJAVÍK**
Mjög góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílskýli. Húsið ný viðgert og málað, nýlegt þak. Frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu.
**Verð kr. 21,9 millj.**



**DAGGARVELLIR, HAFNARFJÖRÐUR**
Falleg 4 herbergja íbúð á jarðhæð í fallegu litlu fjölbýli. Sér inngangur og sér garður með 38 fm timburverönd. Góð leikaðstaða er fyrir börn við húsið.
**Verð kr. 29,9 millj.**



**LANGAMÝRI 8-14, ÁRBORG**
Sökklar auk steyptrar platna með tilheyrandi lögnum undir 8 raðhús á 1.566 fm. eignarlóð Samþykktar teikningar fylgja. Stærð hvers húss er áætlað 160 fm. á tveimur hæðum. Möguleiki á fjármögnum að stærstum hluta.
**Verð kr. 11 millj. á hvert hús eða samtals kr. 88 millj.**



**KEILUFELL, REYKJAVÍK**
Gott tveggja hæða eimbúlishúraug skérbyggðs bílskúrs/bílskýlis, samtals 176 fm. Fimm svefnherbergi. Eldhús hefur verið endurn+yjað. Húsið stendur á hornlóða á afar rólegurm stað. Fallegur garður.
**Verð kr. 40,9 millj.**


Frum

## Gisting

Langtíma gisting Long term rental Gistihús/Guesthouse Flóki Inn Sími:552 1155, netf:info@innsoficeland.is, www.innsoficeland.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**We are hiring cleaning staff**
**for full time work in Reykjavik and neigbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for.**
**Call Sherry or Axel at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.**

**Bakari**
**Mosfellsbakarí óskar eftir að ráða bakara til starfa í nýju og glæsilegu bakaríi í Mosfellsbæ. Allar nánari upplýsingar veitir Hafliði í síma 660 2151.**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn auglýsir eftir afgreiðslufólki í glæsileg kaffihús sín. Lausar stöður á virkum dögum í Húsgagnahöll 6-13 og 12-19 Smáratorg 12-19 Mjódd 7-15 og 12-19**
**Áhugasamir hafi samband í 897 5470 milli 9-16 eða sæki um á www.bakarameistarinn.is**

**Kringlukráin**
**Viljum bæta við þjónustufólki í fullt starf og auka vinnu. Lágmarksaldur 18 ára. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is & Uppl. í s. 893 2323.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Poszukujemy osoby do przygotowywania kanapek. Praca od 6 do 15. Codziennie i co drugi weekend. Wiecei informacji od 9 do 14 na miejscu BAKARÍ HJÁ JÓA FEL, HOLTAGARÐAR 104-REYKJAVÍK**

**Ræsting - Þrif**
**Góð vinna fyrir heimavinnandi 50-60% starf. Viljum bæta við starfsfólki í þrif sem fyrst. Unnið 5 morgna aðra vikuna og 2 morgna hina vikuna. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið í s. 893 2323.**

**Aukavinna bílstjóri**
**Vantar bílstjóra í hlutastarf frá 6:30 til 10 á virkum dögum. Reynsla af akstri og hæfni í mannlegum samskiptum æskileg. Góð laun í boði . Sækið um á www.bakarameistarinn.is**

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni í símasvörun milli kl. 10-17 virka daga. Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

**Tónlistarkennsla**
**Í tilefni af brúðkaupi mínu næsta sumar óska ég eftir þolinmóðum aðila til að kenna mér eitt til tvö lög á gítar eða píanó ásamt smávægilegri söngkennslu. Er frekar lagvís og kann vinnukonugripin á gítar. Svör með upplýsingum og helst verðum óskast send á Fréttablaðið, Skaftahlíð 24, 105 Rvk eða á smaar@frett.is merkt „tónlistarkennsla“**

**Pylsuvagninn Laugardal.**
Leitar að áreiðanlegu og samviskusömu fólki í hlutastarf. Lágmarksaldur 18 ára. Mjög góð laun í boði. Upplýsingar gefur Óttar í síma 898 2130.

Stundvís og reglusamur starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í matvöruverslun í austurbænum. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut, 58-60. S. 553 8844.

Rizzo Pizzeria. Óskar eftir vönum Pizzabökurum, og afgreiðslufólki. Í boði er fullt starf og hlutastarf. Nánari upplýs. gefur Diddi í s. 840 6670.

Múlakaffi leitar að bílstjóra á bíl Múlakaffis. Mikil vinna í boði. uppl í síma 553 6737 og 660 7889.

Vantar vant fólk í fiskvinnslu, snyrting og pökkun. Upplýsingar í síma 660-5454

**HENDUR.IS**
Þarft þú eða þitt fyrirtæki aðstoð í jólavertíðinni. Erum með hundruð manna á skrá. Fáðu tilboð. uppl. www.hendur.is

## Atvinna óskast

**HENDUR.IS**
Hönnun, veislur, þrif, barnagæsla, þjónusta, iðnaðarmenn, afleysingar o.fl. Fáðu tilboð. Finnum rétta fólkið í verkið. Uppl. www.hendur.is

2-4-6-8 manna vinnuhópar til lausna á tímabundnum álagstoppum eða á áríðandi verkefni - tímavinna eða föst verðtilboð. Klettur Verktakar ehf - svarist á - klettur@kletturverktakar.is

## FASTEIGNIR

**EIGNAMIÐLUN**
Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**ENGJASEL - GLÆSILEG - LAUS 1. DES.**




4ra-5 herbergja glæsileg íbúð á 3. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist m.a. í rúmgott hol, stofu, eldhús, baðherbergi og 3 svefnherbergi. Íbúðin er sjálf 113 fm með geymslunni sem er 7,4 fm en henni fylgir einnig 24,5 fm sérherbergi í kjallara. Mjög góð lóð fyrir framan húsið sem er með leiktækjum o.fl. Blokkin hefur verið klædd með Steni. Verð 27,5 millj.

**EIGNAMIÐLUN**
Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**RÁNARGATA – GLÆSILEG, HÁTT TIL LOFTS**





Mjög falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mikið uppgerð á flottan hátt og skiptist í hol, eldhús, tvö svefnherbergi og tvær stofur. Parket á öllum gólfum nema baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf. Verð 29,9 millj.

*Upplýsingar veitir Gunnar Helgi í síma 824 9097 eða Magnea í síma 861 8511.*

**EIGNAMIÐLUN**
Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**BJALLAVAÐ – NORÐLINGAHOLTI**






Glæsileg 95,8 fm 3ja herb fullbúin endaíbúð með stæði í bílageymslu. Íbúðin er til afhendingar strax. Íbúðin er með sérinngangi af svölum. Þvottahús inní íbúð.
Efsta hæðin er inndregin með stórum svölum og glæsilegu útsýni.
Eigum eftir nokkrar 3ja herb íbúðir.

*Sölumenn á Eignamiðlun sýna. Bókið tíma sími 588 9090.*

## TILKYNNINGAR



Er komin aftur til starfa hjá Jóa&Félögum.
Allir velkomnir!
Sími 552 3425 Jóhanna Katrín

## ATVINNA

**EJS**

# Sérfræðingur

**Vegna aukinna umsvifa á Akureyri, óskar EJS eftir að ráða sérfræðing**

**Starfssvið:**
- Umsjón og rekstur á miðlægum búnaði viðskiptavina
- Þjónusta við rekstur Internetveitu EJS Akureyri
- Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavini á sviði víðnetslausna
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Tæknimenntun er æskileg
- Góð þekking á vélbúnaði og hugbúnaði/stýrikerfum (Unix, Linux, Microsoft)
- Samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar**
Nánari upplýsingar um störfin veitir Reynir Stefánsson svæðisstjóri EJS á Akureyri, reynirs@ejs.is. og Unnur Flygenring starfsmannastjóri unnurf@ejs.is. Umsóknarfrestur er til 20. nóvember. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

Í dag eru 22 starfsmenn hjá EJS á Akureyri þar rekur EJS öflugt útibú. Þjónusta EJS nær til allra hliða nútíma upplýsinga- og samskiptatækni s.s. sölu og þjónustu á heimsþekktum vél- og hugbúnaði, ráðgjöf, rekstrarþjónustu og hýsingu og nær þjónustan til Norður- og Austurlands.

EJS er rótgróið og framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Það leggur metnað sinn í að þjóna íslensku atvinnulífi með því að bjóða fyrsta flokks tækniþjónustu og upplýsingatækni frá heimsþekktum framleiðendum eins og DELL. EMC, SUN, Microsoft, NCR, Cisco,Trend Micro, Alcatel-Lucent og Pointsec. Hjá EJS starfa helstu sérfræðingar landsins í upplýsingatækni.

Leiðarljós EJS er *"það er til lausn á öllu"*

**50+**
Verkefnisstjórn til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði

# Sveigjanleg starfslok, ávinningur allra

Er eftirsóknarvert fyrir einstaklinga að vera í starfi fram eftir ævi?

Af hverju er langtímaatvinnuleysi meira meðal eldra fólks en þess yngra?

Hvernig hafa breytingar í lífshlaupi fólks áhrif á atvinnuþátttöku þess og þarfir á vinnumarkaði?

Er sveigjanleiki ákjósanlegur eða getur hann verið íþyngjandi?

Atvinnurekendur, stjórnendur, rannsakendur, stjórnmálamenn og áhugafólk um íslenskan vinnumarkað athugið!

Verkefnisstjórn 50 + efnir til fundaraðar um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Síðasti fundurinn af þremur verður á Grand hótel, Háteigi (salur á 4. hæð) þann 15. nóvember n.k. kl. 8:30-10:00

**Dagskrá:**
1. Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Starfsafls fjallar um Evrópuverkefni sem Starfsafl tekur þátt í, sem miðar að því að styrkja stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

2. Séra Bernharður Guðmundsson fulltrúi Öldrunarráðs Íslands í norrænni nefnd - Ældre i arbejdslivet - fjallar um breytilegar þarfir og aðstæður fólks á vinnumarkaði.

3. Halldóra Friðjónsdóttir formaður BHM og nefndarmaður í Verkefnisstjórn 50+ fjallar um erlend verkefni sem unnin hafa verið með þennan aldurshóp í fyrirtækjum.

*Fundarstjóri: Gunnar Kristjánsson formaður Verkefnisstjórnar 50+*

**Nánari upplýsingar um starf verkefnisstjórnarinnar og fundaröðina er að finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is**
Morgunverður verður framreiddur frá kl. 08:00

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Ungt fólk 2007 grunnskólanemar

Menntamálaráðuneyti boðar til kynningarfundar, miðvikudaginn 14. nóvember 2007, þar sem starfsfólk Rannsóknar & greiningar, dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti Kennslufræða- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík, Álfgeir Logi Kristjánsson, aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík og Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsóknar & greiningar, munu kynna helstu niðurstöður rannsóknarinnar „Ungt fólk 2007 grunnskólanemar" er viðkemur líðan, menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra barna. Rannsóknin var lögð fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk í öllum grunnskólum landsins í lok febrúar 2007.

**Kynningarfundurinn verður haldinn miðvikudaginn 14. nóvember 2007 í félagsheimili KFUM og KFUK við Holtaveg 28, Reykjavík og hefst hann kl. 13:15. Gert er ráð fyrir að fundinum ljúki eigi síðar en kl. 16:00. Fundarmenn fá tækifæri til að bera fram spurningar um niðurstöður úr rannsókninni að kynningu lokinni.**

Fundurinn er öllum opinn og boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfangið:asta.ingolfsdottir@mrn.stjr.is.

Menntamálaráðuneyti, 12. nóvember 2007.
menntamalaraduneyti.is

## Við vinnum saman!

Starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu veitir stuðning til sjálfshjálpar með það að markmiði að fólk geti sem lengst búið með reisn á eigin heimili þrátt fyrir heilsubrest og/eða færniskerðingu.

Við hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis óskum eftir að ráða gott starfsfólk til að vinna með öflugum hópi starfsmanna í þróunarverkefni sem miðar að því að efla félagslega þjónustu við öryrkja og eldri borgara á Sléttuvegi. Sveigjanlegur vinnutími og hlutastörf koma til greina.

**Helstu verkefni:**
- Aðstoð við verkefni daglegs lífs og almenn heimilisstörf
- Stuðningur til sjálfshjálpar og samfélagslegrar þátttöku
- Samráð og upplýsingagjöf

**Hæfniskröfur:**
- Félagsliðamenntun æskileg
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og jákvæðni

**Boðið er upp á:**
- Fræðslu, handleiðslu og stuðning í starfi
- Góðan starfsanda og félagslíf
- Fjölbreytt starf

Áhugasamir hafi samband við Elfu B. Ellertsdóttur verkefnisstjóra á Sléttuvegi í síma: 535 2720 eða í tölvupósti: elfa.ellertsdottir@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Vottun verkefnastjóra

Kynningarfundur um IPMA vottun verkefnastjóra verður haldinn á vegum Verkefnastjórnunarfélags Íslands miðvikudaginn 14. nóvember n.k.
Fundurinn verður í húsi Verkfræðingafélagsins að Engjateig 9 og verður frá kl. 13:00 til kl. 14:00. Allir eru velkomnir, vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfang: vottun@vsf.is

Verkefnastjórnunarfélag Íslands

## Sölumaður óskast

Sölumaður óskast í húsgagnaverslun sem opnar um mánaðarmótin.

**Hæfniskröfur:**
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil þjónustulund
- Stundvísi
- Reynsla í sölumennsku æskileg
- Lágmarksaldur 25 ár

Þarf að geta hafið störf sem fyrst
Upplýsingar í s. 587 2010

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

### Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

**Leitað er eftir:**
- Leikskólakennurum
- Þroskaþjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjórar**
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199.
Njálsborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
Árborg, Hlaðbæ 17, sími 587-4150
Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099.
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

**Leikskólasérkennari /þroskaþjálfi/atferlisþjálfi**
Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040

**Aðstoðarmaður í eldhús**
Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995. Um er að ræða 50 % stöðu.

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.
Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is.
Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Kennarar, skólaliðar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar

**Álftamýrarskóli, Álftamýri 79, sími 570-8100**
- Íþróttakennari frá 1. janúar 2008

**Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 567-2555**
- Smíðakennari í hlutastarf

**Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 577-2900**
- Umsjónarkennari á yngsta stigi frá 1. febrúar 2008
- Kennari á unglingastigi frá 1. febrúar 2008

**Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600**
- Umsjónarkennari í 6. bekk
- Umsjónarkennari í 10. bekk, kennslugrein íslenska
- Umsjónarkennari í 8. bekk, kennslugreinar danska og enska, frá 1. janúar 2008
- Þroskaþjálfi í 80-100% stöðu frá 1. janúar 2008
- Stuðningsfulltrúi í 70-100% starf frá 1. janúar 2008

**Fossvogsskóli, Haðalandi 26, sími 568-0200**
- Verk- eða listgreinakennari í 50% stöðu

**Grandaskóli, v/Keilugranda, sími 561-1400**
- Þroskaþjálfi í 70-100% stöðu
- Skólaliði í kaffistofu starfsfólks í 75-80% starf

**Hamraskóli, Dyrhömrum 9, sími 567-6300**
- Þroskaþjálfi / atferlisþjálfi

**Hólabrekkuskóli, Suðurhólum 10, sími 557-4466**
- Skólaliði

**Ingunnarskóli, Maríubaugi 1, sími 411-7828**
- Stuðningsfulltrúi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Stigstjóri í 4. - 5. bekk

**Klébergsskóli, Kjalarnesi, sími 566-6083**
- Umsjónarkennari á miðstigi

**Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411-7880**
- Umsjónarkennarar á miðstigi
- Dönskukennari í 50% stöðu
- Dönskukennari í 50% stöðu

**Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553-3188**
- Stuðningsfulltrúi
- Skólaliði
- Þroskaþjálfi frá 1. janúar 2008

**Rimaskóli, Rósarima 11, sími 411-7720**
- Íslenskukennari á unglingastigi

**Seljaskóli, Kleifarseli 28, sími 411-7500**
- Skólaliðar

**Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168, sími 411-7848**
- Stuðningsfulltrúi í 75% starf

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.




# 47.993 fleiri lesa Fréttablaðið

## Rúmlega 56.000 fleiri lesa Fréttablaðið en 24 stundir

Fréttablaðið er langmest lesna dagblað landsins, það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinargóðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsumræðu. Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja á hverjum degi, um menningu, viðskipti, íþróttir og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

**Allt sem þú þarft...**




**...alla daga**



Miðað við meðallestur á tölublað, þriðjudag til laugardags, 12–80 ára fyrir allt landið.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.325 **+1,42%**

**Fjöldi viðskipta:** 651
**Velta:** 7.471 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIK BANKI** | +3,00% | **NÝHERJI** | -2,11% |
| **FLAGA** | +2,70% | **ICELANDIC GROUP** | -0,89% |
| **ATLANTIC PET.** | +2,66% | **365** | -0,84% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,73 +0,75 ... Bakkavör 63,30 +0,50% ... Eimskipafélagið 39,00 -0,38% ... Exista 29,30 +1,91% ... FL Group 22,15 +0,45% ... Glitnir 25,60 +1,79% ... Icelandair 23,40 +1,08% ... Kaupþing 980 +2,51% ... Landsbankinn 40,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,10 +1,18% ... Össur 102,75 +0,24% ... Teymi 6,51 +0,31%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Verðbólga mælist nú 5,2 prósent

**Þyngst vegur hækkun á íbúðarhúsnæði og eldsneyti. Auknar líkur eru á stýrivaxtahækkun.**

Verðbólga mælist 5,2 prósent miðað við síðustu tólf mánuði. Samkvæmt mælingu Hagstofunnar hækkaði vísitala neysluverðs um 0,65 prósent milli október og nóvember. Sé húsnæðisliðurinn tekinn út nemur verðbólgan undanfarið ár hins vegar 1,9 prósentum.

Verðbólga er heldur meiri en greiningardeildir banka höfðu gert ráð fyrir og segir í sérefni greiningardeildar Kaupþings að líkur hafi heldur aukist á að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti enn frekar á aukavaxtaákvörðunardegi 20. desember næstkomandi.

Aukin verðbólga er að mestu rakin til hækkunar á verði íbúðarhúsnæðis og á verði eldsneytis. Litið fram hjá skattalækkun fyrr á árinu nemur ársverðbólga 7,0 prósentum samkvæmt fastskattavísitölu. „Við eigum von á að ársverðbólgan aukist enn frekar í desember og muni vera yfir 5 prósentum á fyrstu mánuðum næsta árs,“ segir í umfjöllun greiningardeildar Glitnis.



**Á BENSÍNSTÖÐ** Verð á 95 oktana bensíni hækkaði að jafnaði um 2,09 prósent milli október og nóvember samkvæmt mælingu Hagstofunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fram kemur að húsnæðisverð hafi hækkað um 1,5 prósent milli mánaða, þar af íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni mest um 2,53 prósent og eignir í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu 1,37 prósent. Greiningardeild Glitnis telur að hækkun vaxta húsnæðislána komi til með að ná að slá á húsnæðismarkaðinn. „Sú vaxtahækkun á íbúðarhúsnæðislánum sem þegar hefur komið til er á lánum viðskiptabankanna en vextir á erlendum lánum hafa einnig hækkað töluvert vegna aukins áhættuálags vaxta á heimsvísu og erfiðleika á erlendum fjármálamörkuðum.“ **- óká**



**FORSTJÓRAFUNDUR Í TÉKKLANDI** Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group, og Roman Vík, forstjóri Travel Service. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

# Kaup Icelandair fá græna ljósið

Samkeppnisyfirvöld í Tékklandi hafa samþykkt án fyrirvara kaup Icelandair Group á tékkneska flugfélaginu Travel Service. Í tilkynningu Icelandair til Kauphallar Íslands kemur fram að ákvörðunin hafi tekið gildi fimmta þessa mánaðar.

Travel Service er stærsta einkarekna flugfélag Tékklands og eignast Icelandair 80 prósent í félaginu. Auk eigin flugstarfsemi á Travel Service og rekur lággjaldaflugfélagið Smart Wings. Icelandair Group birtir árshlutauppgjör eftir þriðja ársfjórðung eftir lokun markaða í dag. **- óká**

# Nýr forstjóri ráðinn til OKG

Elín Þórðardóttir hefur verið ráðin forstjóri Opinna kerfa Group hf. Hún tekur við starfinu af Gylfa Árnasyni. Ráðningin gildir frá fyrsta þessa mánaðar.

Í tilkynningu félagsins kemur fram að Elín muni jafnframt gegna störfum stjórnarformanns í dótturfélögum Opinna kerfa Group, hjá Kerfi AB í Svíþjóð og Kerfi AS í Danmörku. Fyrir situr Elín í stjórn ýmissa fyrirtækja, svo sem Landic property og Nikita. Hún er rekstrarhagfræðingur að mennt frá háskólanum í Álaborg í Danmörku og lauk Cand Merc frá sama skóla. Elín er gift Alberti Jónssyni og eiga þau tvö börn. **- óká**








**EYSTEINN JÓNSSON, FYRRVERANDI RÁÐHERRA, FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1906.**

*„Lítil þjóð kemur ekki í framkvæmd stórum verkum nema hún sé frjáls.“*

***Eysteinn Jónsson var einn af áhrifamestu stjórnmálamönnum Íslands á 20. öld. Þegar hann gerðist ráðherra í fyrsta sinn var hann einungis 27 ára gamall og var hann einn af helstu forystumönnum Framsóknarflokksins. Hann lést árið 1993.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. NÓVEMBER 1939

## *Þýsku skipi sökkt við Patreksfjörð*

Þennan dag fyrir sextíu og átta árum var þýska flutningaskipinu Parana sökkt úti af Patreksfirði og áhöfnin tekin til fanga af breska herskipinu Newcastle. Þetta var fyrsta þýska skipið sem sökkt var við strendur Íslands í seinni heimsstyrjöldinni.

Hitler og flotaráð þýska flotans töldu yfirráð yfir Íslandi mikilvæg fyrir framtíð þýska ríkisins og óheftan aðgang að Atlantshafinu. Fljótlega eftir að stríðið hófst lét Hitler í ljós áhuga á að hernema Ísland. Hitler varð æfur þegar hann frétti að Bretar hefðu hernumið Ísland hinn 10. maí 1940 og í kjölfarið gaf hann foringjum sínum í þýska herflotanum fyrirskipun um að undirbúa innrás. Stuttu síðar kynntu þeir fyrir honum hernaðaráætlunina Íkarus sem byggðist á því að innrásarfloti myndi laumast fram hjá herskipum Konunglega breska flotans á Norður-Atlantshafi til að koma innrásarliði á vesturströnd Íslands.



Yfirmenn flota og flughers Þjóðverja lögðust hins vegar eindregið gegn innrás sem þeir töldu illfæra og sóun á liðsstyrk sem nýta þyrfti til að ráðast inn í Bretland. Rök herforingjanna auk áætlana um innrás í Bretland virðast hafa orðið til þess að Hitler lét áætlanir um hernám Íslands niður falla.

## MERKISATBURÐIR

**1789** Benjamin Franklin ritar „Ekkert er öruggt nema dauðinn og skattar“.

**1940** Fantasía Walts Disney gefin út.

**1946** Vestmannaeyjaflugvöllur formlega tekinn í notkun.

**1973** Samningur við Breta vegna landhelgisdeilunnar samþykktur á Alþingi ári eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 sjómílur.

**1985** Eldfjallið Nevado del Ruiz gýs í Kólumbíu. Um 25.000 farast.

**1986** Ronald Reagan, þáverandi Bandaríkjaforseti, viðurkennir vopnasölu til Írans.

**1994** Svíþjóð gengur í Evrópusambandið.

**1997** Sameinuðu þjóðirnar kalla heim vopnaeftirlitssveitir frá Írak.

# Draugasögur á baðstofukvöldi

Þjóðlegar draugasögur verða sagðar á Baðstofukvöldi í Gamla bænum í Laufási fimmtudagskvöldið 15. nóvember klukkan 20.00. Minjasafn Akureyrar stendur fyrir uppákomunni þar sem fólk leggur við hlustir sitjandi í rúmum við dauft ljós eftir að hafa gengið löng göng milli baðstofu og útidyra.

Draugasögur voru oft og tíðum sagðar í baðstofum þegar fólkið safnaðist saman að kvöldi eftir verk dagsins.

Á fimmtudagskvöldið mun Þór Sigurðsson, bassi og safnvörður Minjasafnsins á Akureyri, segja draugasögur sem gerðust



**LAUFÁS** Sagðar verða draugasögur í gamla bænum í Laufási.

innan torfbæja þar sem gjarnan mátti finna löng göng og rangala, en þar gat ýmislegt leynst í hverju skúmaskoti.

Takmarkað sætarými er í baðstofunni og er fólk því hvatt til þess að panta sér sæti í síma 463-3104.

Aðgangseyrir er 500 krónur.




## 99 ára afmæli

Hjartans þakkir til allra sem glöddust með mér á 99 ára afmælisdegi mínum 5. nóvember 2007.
Guð blessi ykkur öll.

**Sigríður Gísladóttir,**

Hornbrekku, Ólafsfirði.




MYND/EGILL BJARNASON

**KENNARINN** Þorsteinn skoðar óleyst morðmál í fyrstu bók sinni.

ÞORSTEINN BERGMANN EINARSSON GEFUR ÚT SÍNA FYRSTU BÓK

# Kennari kryfur morðmál

Nýlega leit dagsins ljós fyrsta bók Þorsteins Bergmanns Einarssonar, verkfræðings og framhaldsskólakennara á Selfossi. Bókin ber heitið „Morðið á Laugalæk“ og fjallar um eitt af umsvifameiri og dularfyllri morðmálum Íslands.

„Rithöfundurinn í mér hefur hingað til verið fremur fyrirferðarlítill en einstaka sinnum hvarflar að manni að gera eitthvað og úr varð að ég skrifaði þessa bók,“ segir Þorsteinn hógvær. Bókin fjallar um morðið á Gunnari Sigurði Tryggvasyni leigubílstjóra sem myrtur var 18. janúar árið 1968. Í bókinni er sérstaklega varpað ljósi á rannsókn málsins og gefið til kynna að strax í upphafi hafi afdrifarík mistök verið gerð sem urðu þess valdandi að dýrmætur tími tapaðist. Þýðingarmiklum vísbendingum var ekki fylgt eftir og vitni voru ekki yfirheyrð um mikilvæg atriði.

„Á þeim tíma sem morðið var framið var ég ungur maður og vann á Alþýðublaðinu og man ég vel eftir þessu máli sem var mjög dramatískt. Morðið var framið á Laugalæk í Laugarnesi og var þetta mjög einkennilegt morð. Það var framið snemma um morgun og var Gunnar skotinn í höfuðið af stuttu færi. Síðan missti ég af öllum eftirleiknum þar sem ég flutti út og bjó erlendis í tíu ár þar sem ég var í námi. Svo liðu árin og ég var alltaf að hugsa um þetta mál öðru hvoru og settist svo niður og byrjaði að skoða það,“ útskýrir Þorsteinn sem þótti málið ætíð skrítið og óhugnanlegt og langaði að vita meira. „Fyrir það fyrsta var maður handtekinn ári seinna af því að það fannst skammbyssa í bílnum hans sem var morðvopnið. Honum var haldið í einangrun og yfirheyrður mánuðum saman án þess að nokkur sönnunargögn væru fyrir hendi og að lokum sýknuðu dómstólar hinn ákærða. Þetta þótti mér mjög athyglisvert og byrjaði ég á að skoða rannsóknina sem er minn flötur á málinu,“ segir Þorsteinn sem skrifar um tæknilegar útfærslur enda hefur hann sem verkfræðingur einna mestan áhuga á rannsóknarvinnu lögreglu.

„Ég reyni að skýra hvað kom fyrir í rannsókninni og greinilegt er að lögreglunni verður á í messunni í byrjun. Síðan fer ég yfir í að velta fyrir mér af hverju kerfið gekk svona hart fram gegn þessum manni. Þegar maður fer síðan að skoða gögn málsins kemur í ljós af hverju það er. Ég rek sem sagt atburðarás rannsóknarinnar og velti gögnum fyrir mér og tengi saman það sem ég finn,“ segir Þorsteinn sem sótti heimildir meðal annars í gamlar blaðagreinar, dómsskjöl og samtöl við lögreglumenn.

„Gunnar Sigurður var góður drengur og vel liðinn. Það sem alltaf truflaði mig var að það gengu sögur um Gunnar eftir morðið. Þær snerust um að hann hefði stundað einhverja okurlánastarfsemi og morðið hefði tengst því. En sú var ekki raunin og sýndu lögreglurannsóknir fram á það,“ segir Þorsteinn einlægur.

Þorsteinn byrjaði að skrifa bókina í fyrra og gekk vinnan við hana því vel fyrir sig. Ýmislegt nýtt í málinu er gert opinbert og rannsóknin skoðuð ofan í kjölinn. Morðinginn er þó ófundinn og er morðið því enn sveipað dulúð þó að Þorsteinn varpi ljósi á áður óþekkt atriði.

**hrefna@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Reynis Ástvaldar Jakobssonar,**

Maríubakka 32, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar Karítas.

Valgerður Guðmundsdóttir
Ómar Reynisson — Aðalheiður Björgvinsdóttir
Ásta Kristín Reynisdóttir — Tómas Sveinsson
Hafþór Reynisson
Guðmundur Haukur Reynisson — Kolbrún Franzdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Ólafía (Lóa) Jónsdóttir,**

frá Þverhamri, Breiðdal,

lést laugardaginn 10. nóvember á hjartadeild Landspítalans. Jarðarför auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hermann Guðmundsson.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Páll Ívarsson,**

Norðurfelli 7,

lést laugardaginn 10. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Jónína Ragnarsdóttir
Andrea Margrét Gunnarsdóttir
Katrín Sylvía Gunnarsdóttir — Gunnþór Jónsson
Gunnar Páll Torfason
Heimir Páll Ragnarsson.



*Ástkær eiginkona mín, dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Klara Sigurgeirsdóttir,**

Kríuási 47, Hafnarfirði,

lést á Borgarspítalanum miðvikudaginn 7. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 14. nóvember kl. 11.00.

Sigurður L. Jónsson
Guðrún Karlsdóttir
Sigurgeir Sigurðsson — Nana Mardiana
Fanney Sigurðardóttir — Ágúst Þórðarson
Guðrún Halla Sigurðardóttir — Zophanías Eggertsson
barnabörn.





Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.













## STUÐ MILLI STRÍÐA Góðæris-Jói og -Gugga

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** KEMUR AUGA Á NÝJA FÍKLA



Margir muna eflaust eftir kontalgín-fíklunum Jóa og Guggu sem birtust áhorfendum Stöðvar 2 í Kompási. Svo föst voru þau í viðjum fíknarinnar að líf þeirra helgaðist af því hvenær og hvernig væri hægt að nálgast næsta skammt. Þjóðin fylgdist með lífi þessa ógæfufólks og saup hveljur, hugsaði með sjálfri sér að svona vildi hún aldrei verða. En stundum taka örlögin svo kröftuglega í taumana að fólk hrasar á grýttri lífsleiðinni. Og áður en það veit af er líf þeirra háð vítamínum skrattans. Jóa og Guggu tókst sem betur fer að finna tilganginn í lífi sínu með hjálp Guðs og hins heilaga orðs en Kleppur er víða eins og Rögnvaldur tannlæknir komst að orði.

Að undanförnu hefur nefnilega sprottið upp ný kynslóð fíkla sem þarf þó ekki að húka í illa lyktandi húsnæði heldur keyrir um á svörtum glæsibifreiðum og þyrstir í allt sem er nýtt og dýrt. Eiginlega góðæris-Gugga og góðæris-Jói. Þau liggja andvaka yfir nýjum flatskjám nágrannans eða pallbílnum sem kemst upp í þrjú hundruð. Og þau una sér varla hvíldar fyrr en ámóta stórt farartæki er komið í hlaðið og helst breiðtjald yfir allan mjólkurhvíta vegginn með fullkomnu dolby digital-hljóðkerfi.

En þetta er ekkert nýtt fyrirbæri á Íslandi þótt bankarnir finni auðvitað greinileg merki þess að vandamálið fari ört vaxandi. Yfirdráttarvextirnir tala sínu máli. Bítlavinafélagið söng um manninn sem lá á sólarbekk þrisvar í viku, fór í Hollywood um helgar og var með mynd af bílnum í vasanum. Þá þótti auðvitað nokkuð fínt að eiga hvítan sportbíl en í dag geta allir átt einn slíkan með aðstoð Lýsingar og SP-fjármögnunar. Og varla fer nokkur maður í ljós á tímum útfjólublárra geisla heldur lætur miklu frekar sprauta sig kúkabrúnan. Hvað skemmtistaðinn varðar þá lætur hvorki góðæris-Jói né góðæris-Gugga sjá sig á stað þar sem ekki eru kristalkúlur í loftinu.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Draugar, hestar og vitfirring

**Píanóleikarinn Guðrún Dalía Salómónsdóttir og barítónsöngvarinn Jón Svavar Jósefsson halda tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld. Þau hafa bæði vakið athygli fyrir tónlistarflutning sinn undanfarin misseri og því er þetta kærkomið tækifæri til að sjá þau koma fram saman.**



Guðrún Dalía og Jón Svavar koma fram í Salnum í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á tónleikunum munu þau flytja sönglög sem tengjast draugum, hestum og vitfirringu, en einnig verða fluttar nokkrar vel valdar óperuaríur. „Þetta lagaval er tilkomið vegna þess að ég hef áður haldið tónleika þar sem ég syng hesta- og draugalög. Í fyrra hélt ég tvenna tónleika sem kölluðust Draughestar og heppnuðust þeir mjög vel, þannig að efnisskrá kvöldsins er í beinu framhaldi af þeim. Ég vinn stundum við járningar og því hef ég nokkurn áhuga á lögum sem tengjast hestamennsku. Svo þykir mér gaman að syngja draugalög og vitfirringarlög, ekki síst þar sem þetta er tónlist sem heyrist ekki sérlega oft á söngtónleikum. En við flytjum líka nokkur lög sem allir kannast við, þannig að lagavalið er hæfilega fjölbreytt,“ segir Jón þegar hann er spurður út í efnisskrá tónleikanna.

Jón Svavar og Guðrún Dalía kynntust þegar þau hlutu bæði styrk úr menningarsjóði Glitnis fyrr á árinu. Við það tækifæri stakk Jón upp á því við Guðrúnu að þau hæfu samstarf. „Við þekktumst ekkert fyrir enda höfum við bæði verið við nám hvort í sínu landinu í nokkurn tíma, en ég vissi samt af Guðrúnu. Hún tók vel í það að við færum að vinna saman og samstarfið hefur gengið vonum framar. Við höfum svipaðan tónlistarsmekk og höfum lært vel hvort á annað og stefnum að því að halda samstarfinu áfram þar sem það gengur svo vel. Á tónleikunum í kvöld mæðir meira á mér en Guðrúnu, en okkur langar til að þróa dagskrá í framtíðinni þar sem við fáum bæði að njóta okkar,“ segir Jón.

Ungt tónlistarfólk getur átt erfitt með að koma sér á framfæri en Jón er á því að fólk þurfi að skapa sér sín eigin tækifæri. „Tónleikarnir í kvöld eru að öllu leyti mitt eigið hugarfóstur og hef ég séð um skipulagningu þeirra og framkvæmd nokkurn veginn frá a til ö, enda lít ég svo á að fólk verði að taka málin í sínar eigin hendur ef það vill vekja á sér athygli.“

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er miðaverð 2.000 kr. **vigdis@frettabladid.is**





*Tónleikadagskrá*
*í tilefni 20 ára afmælis Nýrrar dögunar*
*í Neskirkju*
*15. nóvember 2007 kl. 20.00*

Fram koma:
Guðrún Ásmundsdóttir leikkona
Kór Neskirkju í Reykjavík,
stjórnandi Steingrímur Þórhallsson organisti
Sólveig Unnur Ragnarsdóttir sópran
Pamela De Sensi þverflautuleikari
Stefán Helgi Stefánsson tenór
Davíð Ólafsson bassi
Erna Blöndal söngkona
Örn Arnarson tónlistarmaður

*Allir velkomnir!*




**RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR** Fræðir fyrirlestrargesti um dægurlagatexta í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Dægurlagatextar og þjóðarsálin

Mannfræðifélag Íslands stendur í vetur fyrir fyrirlestraröðinni Frásögn – Túlkun – Tengsl. Næsti fyrirlestur fer fram í kvöld kl. 20 á efri hæð kaffihússins Kaffi Sólon, Bankastræti 7a.

Yfirskrift fyrirlestrarins er „Þau minna á fjallavötnin fagurblá – Um dægurlagatexta og samfélag á seinni hluta tuttugustu aldar.“ Þær Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur og Ragnheiður Eiríksdóttir tónlistarmaður fjalla þar um áhrif dægurlagatexta frá ýmsum sjónarhornum.

Dægurlög og textar sem þjóðin gerir að sínum og syngur á böllum, í rútuferðum, í útilegum og fjallaskálum, eru í raun hinn rétti skáldskapur þjóðarinnar. Það er fólkið í landinu sem ákveður hvað fellur þjóðarsálinni í geð, hitt hverfur; jarðvegurinn hafnar því og það nær ekki að skjóta niður rótum. Vinsældir dægurlaga og dægurlagatexta gefa þannig til kynna að þessi verk eigi erindi í sinn samtíma.

Í fyrirlestrinum er leitast við að skilja hvaða samfélag það er sem birtist í vinsælum dægurlagatextum. Hverjar eru hetjurnar, hver er staða konunnar, hverjar eru vonir og þrár þeirra sem sungið er um eða sungið er til?

Kristín Einarsdóttir er með meistarapróf í þjóðfræði frá HÍ og starfar hún nú sem stundakennari við þá stofnun. Ragnheiður Eiríksdóttir er landsþekktur tónlistarmaður og er líkast til betur þekkt sem Heiða Eiríks.

Fyrirlesturinn er öllum opinn.

**- vþ**




„ÞAR SEM HÁIR HÓLAR”
HÁTÍÐARSAMKOMA Í TILEFNI AF 200 ÁRA FÆÐINGARAFMÆLI JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

Þann 16. nóvember verða 200 ár liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, þjóðskáldsins góða og eins fyrsta náttúrufræðings Íslendinga.

Af því tilefni verður haldin hátíðarsamkoma í Þjóðleikhúsinu undir yfirskriftinni „Þar sem háir hólar”. Í dagskrá hátíðarsamkomunnar verða flutt verk Jónasar í bundnu máli og lausu og tónlist tengd kvæðum hans, og minning hans heiðruð með ýmsum hætti. Meðal þátttakenda verða landsþekkt skáld, leikarar og hljómlistarmenn, svo og þrír kórar ungmenna.

Samkoman er ókeypis og öllum opin meðan húsrúm leyfir, en gestir þurfa að nálgast aðgöngumiða í Þjóðleikhúsinu fyrir miðvikudagskvöld.

Menntamálaráðherra flytur ávarp og afhendir verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu.
Dagskráin verður sýnd beint í Ríkissjónvarpinu föstudaginn 16. nóvember kl. 19:15.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ



# Kynnum okkar frábæru jólatilboð

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 525.000,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 45.439



Hlífðardýnur og lök fylgja

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218



Hlífðardýna og lak fylgja

Infinity: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 309.000,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 26.805



SuperZ Bed: Rammi gafl og náttborð
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 123.800,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 10.677



## Ný sending af teppasettum og sængurverum!

www.betrabak.is

Jólatilboð 2007



# Vaxtalaus tilboð í nóvember

Canto: Hornsófi, borð og skemill
Áklæði: Leður hvítt eða svart
Jólatilboð: Kr. 359.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 31.041



Swing: Snúningsstóll
Áklæði: Leður hvítt eða svart
Jólatilboð: Kr. 74.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 6.460



Porto: Lyftistóll
Áklæði: Microfiber
Jólatilboð: Kr. 149.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 13.300



Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 179.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 15.516



## Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# Zilfur fram á sjónarsviðið

**Vinkonurnar Birta Líf Þórudóttir og Helen Sól Fannarsdóttir, sem eru ellefu ára nemendur í Hlíðaskóla, hafa stofnað hljómsveitina Zilfur.**



**ZILFUR** Dúettinn Zilfur er skipaður Birtu Líf Þórudóttur (til vinstri) og Helen Sól Fannarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Við vorum alltaf að leika okkur að syngja og búa til lög þannig að við ákváðum bara að búa til hljómsveit," segja þær. „Það voru líka allir að segja við okkur hvað við værum góðar og voru að hvetja okkur áfram."

**Dóttir Ruth Reginalds**

Helen Sól á ekki langt að sækja hæfileika sína því hún er dóttir hinnar landsfrægu söngkonu Ruth Reginalds sem sló eimitt í gegn ung að aldri með undurfagurri rödd sinni. „Hún sagði bara við mig „gott hjá þér" og að ég ætti ekki að fara í slúðurblöðin," segir Helen um afskipti móður sinnar af tónlistarferli sínum.

Af helstu áhrifavöldum þá segjast þær hlusta mikið á Pussycat Dolls auk þess sem Nylon sé í uppáhaldi. „Við eigum sama Nylon-diskinn og höfum oft gert dansa við lögin þeirra."

**Langar í Stundina okkar**

Dúettinn Zilfur hefur komið fram nokkrum sinnum, þar á meðal á markaði í miðbæ Reykjavíkur og á Kaffi París þar sem þær vinkonur fengu góð viðbrögð.

Til að koma sér betur áleiðis ákváðu þær að tala við Fréttablaðið en þær hafa einnig reynt að komast að hjá Stöð 2 og Ríkissjónvarpinu við heldur dræmar undirtektir. „Við ætluðum að reyna að komast í Stundina okkar en þeir sögðu að við þyrftum að senda inn myndband og við kunnum það ekkert," segja þær. Engu að síður hafa þær ekki gefið þann draum upp á bátinn, enda þurfa þær á allri athygli að halda ætli þær sér að öðlast álíka frægð og átrúnaðargoð sín.

freyr@frettabladid.is

# Miðarnir rjúka út

Miðar á tónleika Frostrósa í Laugardalshöllinni 15. desember næstkomandi seldust upp í lokaðri forsölu og komust því aldrei í almenna sölu. Til að koma til móts við eftirspurn verður efnt til aukatónleika í höllinni sunnudaginn 16. desember klukkan 20.

Á tónleikunum, sem bera yfirskriftina Dívurnar og tenórarnir, koma margir helstu söngvarar landsins fram. Þar leiða saman hesta sína þær Margrét Eir, Hera Björk, Heiða Ólafs og Regína Ósk ásamt tenórunum Jóhanni Friðgeiri, Kolbeini Ketils og Gunnari Guðbjörns. Fram koma einnig 30 manna stórhljómsveit, Karlakórinn Fóstbræður, Skólakór Kársness, Íslenski gospelkórinn og fleiri góðir gestir.

Í tilefni af fimm ára afmæli Frostrósa leggja söngkonurnar upp í tónleikaferð um landið dagana 5.-8. desember, með viðkomu í Stykkishólmi, á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum.



**UPPSELT Á FYRRI TÓNLEIKA** Miðar á tónleika Frostrósa 15. desember seldust upp í forsölu, og hefur því verið efnt til aukatónleika 16. des. Myndin er frá tónleikum Frostrósa í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Miðasala á aukatónleikana og tónleikana á landsbyggðinni hófst í gær á midi.is. Um helmingur miða á aukatónleikana var seldur á hádegi, og því fer hver að verða síðastur að næla sér í miða.

# Móðir Kanye látin

Donda West, móðir rapparans Kanye, lést á sjúkrahúsi í Los Angeles aðfaranótt sunnudags, 58 ára gömul. Hún veiktist eftir að hafa gengist undir lýtaaðgerð.

Mæðginin voru afar náin og mætti Donda oft með syni sínum í veislur og á verðlaunaafhendingar. Söng Kanye um móður sína í laginu Hey Mama á plötu sinni Late Registration sem kom út 2005.

Donda ól Kanye upp ein eftir að faðir hans stakk af þegar hann var þriggja ára. Hún var fyrrverandi yfirmaður enskudeildar háskólans í Chicago en hætti árið 2004 til að aðstoða son sinn við sólóferil hans. Í maí síðastliðnum gaf Donda út bókina Raising Kanye: Life Lessons from the Mother of a Hip-Hop Star þar sem hún fjallaði um samband sitt við soninn. Hún var einnig formaður Kanye West-stofnunarinnar sem hefur barist gegn ólæsi og því að fólk hætti snemma í skóla.

# Féll á lyfjaprófi og braut lög

Britney Spears féll á lyfjaprófi í síðustu viku, samkvæmt fréttum að utan. Dómari hafði skipað söngkonunni að gangast undir regluleg lyfjapróf, en hún á, eins og margir vita, í forræðisdeilu við fyrrverandi eiginmann sinn, Kevin Federline.

Í herbúðum Britney er því haldið fram að um mistök hafi verið að ræða, og hún hafi ekki neytt eiturlyfja. Því til stuðnings hafa sumir fréttamiðlar sagt frá því að um hafi verið að ræða lyfseðilsskyld lyf, og því ekki um eiginlegt brot að ræða. Enn á eftir að koma í ljós um hvaða lyf er að ræða, en Britney er þó langt því frá laus allra mála.

Í síðustu viku náðust myndir af Spears þar sem hún fór yfir gatnamót á rauðu ljósi með drengina sína tvo í aftursætinu. Hún var þar að auki með farsíma í hendi. Þetta er enn eitt brotið sem Federline getur notað máli sínu til framdráttar, og samkvæmt heimildum Tmz.com vill Federline nú kalla Britney fyrir rétt strax á morgun í ljósi atburða síðustu daga.



**FALLIN** Samkvæmt fréttum að vestan féll söngkonan Britney Spears á lyfjaprófi í síðustu viku.

**BRITNEY FYRIR RÉTT** Kevin Federline vill að Britney komi fyrir rétt á morgun í ljósi atburða síðustu daga.


**Norðfirðingar**

Menningarkvöld verður í Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 15 nóv. kl 20:00

Norðfirsk tónlist, upplestur o.fl.

*Kaffi og meðlæti í boði félagsins*

**Norðfirðingafélagið**




**HÁTÍÐ Í BÆ** Á meðal gesta á hátíðarkvöldverðinum á föstudagskvöldið voru þau Dröfn Teitsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir og Gunnlaugur I. Grétarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# 17 milljónir söfnuðust hjá Barnaheillum

Barnaheill stóðu fyrir árlegum fjáröflunarkvöldverði sínum, Hátíð trjánna – list í þágu barna, á Hilton Reykjavík Nordica á föstudag. Boðin voru upp ellefu listaverk eftir jafn marga listamenn og nam ágóði kvöldsins 17 milljónum króna. Féð rennur óskipt til verkefna Barnaheilla hér á landi og erlendis.

Barnaheill leggja áherslu á réttindi barna, baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum, geðheilbrigðismál og málefni barna innflytjenda hér á landi. Utan landssteina leggja Barnaheill áherslu á grunnmenntun barna, fyrst og fremst í stríðshrjáðum löndum.



**GÓÐIR GESTIR** Birna Berndsen og Páll Benediktsson voru glöð að sjá á Hilton Reykjavík Nordica. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR




## > Steinþór framlengir við Val

Bakvörðurinn Steinþór Gíslason hefur framlengt samningi sínum við Val til ársins 2009. Steinþór átti fast sæti í liði Vals 2005 og 2006 en meiddist snemma síðasta sumar og fór í kjölfarið utan til náms. Hann spilaði því ekki leik síðasta sumar í Landsbankadeildinni. Um tíma var talið að Steinþór myndi leggja skóna á hilluna en af því verður ekki og hann verður því í eldlínunni með Íslandsmeisturunum næsta sumar.



# sport

sport@frettabladid.is

**KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON, LEIKMAÐUR BRANN:** VAR VALINN Í LIÐ ÁRSINS HJÁ NORSKA ÍÞRÓTTASAMBANDINU

## *Þetta segir mér bara að ég sé að gera eitthvað rétt*



Kristján Örn Sigurðsson átti frábært tímabil með meistaraliði Brann í norsku deildinni í ár og hefur almennt verið talinn einn mikilvægasti hlekkur í velgengni liðsins í fjölmiðlaumfjöllun undanfarið og menn keppast hreinlega um að ausa lofi yfir hann. Því til enn frekari staðfestingar var hann valinn í lið ársins hjá norska íþróttasambandinu sem tilkynnt var síðastliðið sunnudagskvöld. Í liðinu eru ásamt Kristjáni Erni fjórir liðsfélagar hans hjá Brann og stórstjörnurnar John Arne Riise, leikmaður Liverpool, og John Carew, leikmaður Aston Villa, úr ensku úrvalsdeildinni.

„Þetta er flott lið og það er alltaf gaman að fá svona viðurkenningu. Þetta segir mér bara að ég sé að gera eitthvað rétt og það er auðvitað jákvætt," sagði Kristján Örn og kvaðst vera mjög sáttur í herbúðum norska liðsins.

„Ég er mjög ánægður með veruna hjá Brann og er með tveggja ára samning við liðið og er spenntur fyrir framtíð minni þar. Það eru krefjandi verkefni fram undan hjá félaginu, bæði erum við núna að spila í Evrópukeppni félagsliða og síðan á næsta tímabili er það titilvörnin í norsku deildinni og svo undankeppni Meistaradeildar Evrópu," sagði Kristján Örn og lét sér fátt um finnast um orðróm um að stærri lið í Evrópu væru með hann á innkaupalista sínum. „Það er alltaf eitthvert slúður í gangi eins og gengur og gerist og það er bara hluti af þessu, en ég hef persónulega ekki heyrt neitt og er ekkert að kippa mér upp yfir svoleiðis löguðu," sagði Kristján Örn sem bíður einnig spenntur eftir komandi verkefnum með landsliðinu.

„Það er mjög spennandi og erfiður leikur fram undan gegn Danmörku og ég bíð bara spenntur eftir því að sjá hvernig það þróast allt saman. Gengið hefur náttúrulega ekki verið neitt æðislegt undanfarið hjá landsliðinu og það má því sjálfsagt búast við einhverjum breytingum á hópnum hjá nýráðnum landsliðsþjálfara, en við sjáum bara til hvað gerist."

### *Iceland Express-deild karla:*

**KR-Stjarnan** **70-63**
**Stig KR:** Joshua Helm 17 (12 fráköst), Helgi Már Magnússon 12, Avi Fogel 12, Darri Hilmarsson 9, Fannar Ólafsson 9, Brynjar Þór Björnsson 4, Jovan Zdravevski 4, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3.
**Stig Stjörnunnar:** Dimitar Karadzovski 21, Maurice Ingram 14 (23 fráköst), Kjartan Kjartansson 11, Sigurjón Örn Lárusson 8, Sævar Haraldsson 5, Fannar Helgason 4.

### *Enska úrvalsdeildin:*

**Reading-Arsenal** **1-3**
0-1 Mathieu Flamini (44.), 0-2 Emmanuel Adebayor (52.), 0-3 Alexander Hleb (78.), 1-3 Nicky Shorey (87.)

EIMSKIPS BIKARINN
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA
Eimskipsbikarinn í handbolta kvenna í kvöld!
VALUR – FRAM
kl. 20.00 í Vodafone-höllinni
*Þú skorar með okkur! Eimskip*

# KR í vandræðum með Stjörnuna

**Íslandsmeistarar KR sýndu engan glansleik gegn nýliðum Stjörnunnar í gær. Stjarnan beit hressilega frá sér, leiddi lengi vel en meistararnir tóku sig á undir lokin og lönduðu tveimur mikilvægum stigum.**

**KÖRFUBOLTI** Hann var ekki merkilegur körfuboltinn sem leikmenn KR og Stjörnunnar buðu upp á þegar liðin mættust í DHL-höllinni í gær. Leikurinn var þó jafn og spennandi og meistarar KR unnu að lokum frekar nauman sigur, 70-63.

Það voru kaldir KR-ingar sem mættu til leiks í gær. Þeir byrjuðu leikinn hreint herfilega og skoruðu ekki utan af velli fyrr en eftir tæpar sjö mínútur. KR hafði þá klúðrað 14 fyrstu skotum sínum í leiknum og Stjarnan yfir 0-9. Meistararnir hresstust í kjölfarið og munurinn eftir fyrsta leikhluta 3 stig, 8-11.

KR-ingum óx aðeins ásmegin í öðrum leikhluta þökk sé fínum leik Darra og Helga Más. Karadzovski var aftur á móti í fínu formi hinum megin og hélt Stjörnunni á floti lengi vel með góðum körfum.

Hinn íturvaxni og úthaldslausi Maurice Ingram var einnig seigur en hann skoraði 12 stig í hálfleiknum og reif niður 20 fráköst þar af 11 sóknarfráköst. Það sem er aðdáunarverðast við þá tölfræði er sú staðreynd að hann var sprunginn í fyrsta leikhluta og hafði það varla af að mæta í sumar sóknirnar. Munurinn í leikhléi eitt stig, 29-30.

Stjarnan hélt áfram að bíta frá sér í þriðja leikhluta með Karadzovski fremstan í flokki en hann hélt áfram að raða niður þriggja stiga körfum.Gestirnir leiddu með fjórum stigum fyrir síðasta leikhlutann, 47-51.

Meistararnir hertu sig í lokafjórðungnum og sigu rólega fram úr og unnu með sjö stiga mun, 70-63. Sigurinn var ekki fallegur en að því er ekki spurt þegar upp er staðið. Leikur KR var hægur og leikmenn værukærir og klúðruðu oft á tíðum hreint ótrúlega úr góðum færum. Stjörnumenn spiluðu aftur á móti skynsamlega, hægðu vel á leiknum og voru þolinmóðir í sínum sóknaraðgerðum. Ingram er þeim mikill liðsstyrkur og á aðeins eftir að batna þegar hann kemst í betra líkamlegt form.

„Við vinnum þennan leik þrátt fyrir mikil mistök og lélega hittni. Þetta var svo sannarlega ekki fallegur leikur. Ég tek samt frekar sigur í svona leik en tapi í fallegum leik eins og gegn Grindavík," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR.

„Við ætluðum okkur mikið í þessum leik og vorum staðráðnir í að leggja tapið fyrir Keflavík til hliðar. Ég er ánægður með varnarleikinn en skotin voru skelfileg. Það hefur vantað að finna jafnvægi í okkar leik enn sem komið er. Ég er að bíða eftir að allt smelli og það hlýtur að fara að koma," sagði Benedikt.

henry@frettabladid.is



**MIKILL AÐ BURÐUM** KR-ingar lentu í miklum vandræðum með Maurice Ingram í gær. Hann reif niður 20 fráköst í fyrri hálfleik og 23 fráköst í heildina en það dró heldur af honum í síðari hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Einn leikur í ensku úrvalsdeildinni:

# Öruggt hjá Arsenal gegn Reading

**FÓTBOLTI** Arsenal lenti ekki í neinum vandræðum þegar liðið sótti Ívar Ingimarsson, Brynjar Björn Gunnarsson og félaga í Reading heim. Arsenal var talsvert betra liðið í leiknum og vann örugglega, 3-1. Ívar og Brynjar Björn voru báðir í byrjunarliði Reading og voru inn á allan tímann.

Það var Mathieu Flamini sem kom Arsenal yfir rétt fyrir hálfleik og Emmanuel Adebayor bætti öðru marki við í upphafi þess síðari.

Alexander Hleb bætti síðan þriðja markinu við þegar stundarfjórðungur var eftir af leiknum og gulltryggði sigur Lundúnaliðsins. Nicky Shorey klóraði í bakkann undir lokin en það var of lítið og of seint.



**BARÁTTA** Brynjar Björn Gunnarsson á hér í harðri baráttu við Emmanuel Adebayor í leiknum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Arsenal er þar með jafnt Man. Utd á toppi deildarinnar með 30 stig og á að auki leik til góða.

- hbg


VIÐ ÞÖKKUM
Stöð 2 mun áfram vera leiðandi
í framleiðslu á skemmtilegu
og vönduðu íslensku sjónvarpsefni.
FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!
Stöð 2 hlaut þrenn Edduverðlaun
NÆTURVAKTIN
Besti leikni sjónvarpsþáttur ársins
Vinsælasti þáttur ársins
KOMPÁS
Fréttaþáttur ársins
EDDA 2007
skemmtilegri

# Guðjón á förum frá Gummersbach

**Guðjón Valur Sigurðsson er á förum frá Íslendingaliðinu Gummersbach en hann hefur samið við Rhein-Neckar Löwen til ársins 2012. Guðjón er samningsbundinn Gummersbach til ársins 2009 en Rhein-Neckar Löwen freistar þess að kaupa upp samning hornamannsins svo hann geti komið til liðsins næsta sumar.**

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson er búinn að semja við Rhein-Neckar Löwen til ársins 2012. Rhein-Neckar Löwen er eitt stærsta félag Þýskalands og eitt af þrem ríkustu félögum þýsku Bundesligunnar en það ætlar sér mjög stóra hluti á komandi árum.

„Ég skrifaði undir samning frá og með árinu 2009 þegar samningur minn rennur út en ég veit að félagið er að reyna að kaupa mig svo ég geti komið næsta sumar,“ sagði Guðjón Valur við Fréttablaðið í gær en hann er klárlega einn af bestu handboltamönnum heims um þessar mundir og því líklegt að Gummersbach vilji fá umtalsverða upphæð fyrir leikmanninn.

Það er mikil uppbygging í gangi hjá Rhein-Neckar Löwen og liðið ætlar sér að komast í fremstu röð í heiminum. Liðið er þegar mjög vel mannað en verður með einn besta mannskapinn í heiminum á næstu leiktíð. Þá koma Pólverjarnir Karol Bielecki og Grzegorz Tkaczyk frá Magdeburg og hugsanlega Guðjón Valur. Fyrir síðustu leiktíð fékk félagið meðal annars þýska landsliðsmarkvörðinn Henning Fritz og þýska landsliðslínumanninn Christian Schwarzer. Fyrir hjá félaginu núna eru stjörnur á borð við Mariusz Jurasik og hinn magnaði Oleg Velyky.

„Það er augljóslega mikil uppbygging í gangi og ég tel að liðið verði á meðal sex bestu í heiminum þegar allur þessi mannskapur kemur saman,“ sagði Guðjón.

Hjá Rhein-Neckar Löwen hittir Guðjón Valur þjálfarann Iouri Chevtsov, sem fékk hann til Þýskalands á sínum tíma og þjálfaði hann í fjögur ár hjá Tusem Essen.



**Á FÖRUM** Guðjón Valur Sigurðsson sést hér í leik með Gummersbach fyrr í vetur gegn Rhein-Neckar Löwen sem hann hefur nú samið við til ársins 2012.

„Ég hef alltaf sagt að ég færi til Alfreðs og Iouri nánast blindandi. Ég veit fyrir hvað þeir standa og hvað þeir ætlast til af mér. Frábærir þjálfarar báðir tveir,“ sagði Guðjón, en af hverju ákvað hann að stíga þetta skref og yfirgefa Gummersbach?

„Draumurinn er að sjálfsögðu að ná árangri og vinna titla. Ég á kannski ekki nema svona 5-7 ár eftir í boltanum og mig langar að vinna eitthvað. Hér eru hlutirnir á uppleið en ég sé ekki að Gummersbach verði í titlabaráttu eins og staðan er í dag. Hlutirnir líta vel út hjá þessu félagi og því ákvað ég að stökkva á tilboðið. Gummersbach gerði mér samt mjög flott tilboð áður en ég tók ákvörðunina en ég taldi þetta það rétta í stöðunni. Ég get ekki neitað því að ég er að gera mjög fínan samning og þetta er minn stærsti samningur hingað til.“

Guðjón Valur segir að sér hafi liðið vel hjá Gummersbach þar sem hann hafi átt frábært samstarf við Alfreð Gíslason sem hafi haft skilning á ákvörðun hans.

„Alfreð sýndi mér ótrúlega mikinn skilning og ég var þakklátur fyrir það. Hann reyndi auðvitað að halda mér en sagðist samt vel skilja mína ákvörðun. Ég er alls ekki að fara af því ég sé eitthvað ósáttur við hann. Því fer víðs fjarri. Mig langar bara að prófa eitthvað nýtt og þarna býðst mér spennandi tækifæri sem ég ákvað að taka,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson.

**henry@frettabladid.is**



**Á HEIMLEIÐ** Ólafur Páll er hér ásamt Ásmundi Arnarssyni, þjálfara Fjölnis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsbankadeild karla:

## Ólafur Páll til Fjölnis

**FÓTBOLTI** Ólafur Páll Snorrason, leikmaður FH, staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hafi hug á því að ganga til liðs við uppeldisfélag sitt Fjölni og liðin tvö væru búin að komast að samkomulagi um félagsskiptin.

„Að ganga til liðs við Fjölni var það eina sem kom til greina í stöðunni hjá mér og það eru virkilega spennandi tímar fram undan þar. Það er líka frábært að góðir leikmenn eins og Óli Stefán Flóventsson og Ágúst Gylfason vilji ólmir spila fyrir Fjölnis-liðið og er frekar til marks um uppganginn hjá liðinu á síðustu árum. Ég veit líka alveg hvað ég er að fara út í og kann vitanlega mjög vel við mig hjá liðinu og hef alltaf gert,“ sagði Ólafur Páll.

Ólafur Páll lék með Fjölni til sextán ára aldurs þegar hann fór yfir í Val og þaðan til Bolton þar sem hann dvaldi í þrjú ár. Ólafur hefur verið í herbúðum FH síðustu þrjú keppnistímabil, en lék sem lánsmaður hjá Fjölni í sumar og spilaði sex leiki með liðinu í 1. deildinni áður en hann var kallaður til baka í FH úr láninu.

**- óþ**




Jónas Guðni Sævarsson skrifaði í gærdag undir þriggja ára samning við KR:

## Þarf á nýrri áskorun að halda

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Jónas Guðni Sævarssson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við KR eftir að félagið náði samkomulagi við Keflavík um kaupverðið. Jónas Guðni er fjórði leikmaðurinn sem gengur í raðir Vesturbæjarliðsins á stuttum tíma.

Jónas Guðni hefur spilað 79 leiki í efstu deild með Keflavík og kvað ákvörðunina um að breyta til hafa verið erfiða.

„Það var mjög erfitt að yfirgefa Keflavík, sem er frábært félag og mitt uppeldisfélag og ég tók mér því góðan tíma til umhugsunar. Þegar allt kemur til alls þá fannst- mér ég vera kominn á þann tímapunkt á mínum ferli þar sem ég þufti á breytingu og nýrri áskorun að halda,“ sagði Jónas Guðni og útskýrði af hverju KR hafi orðið fyrir valinu.

„KR er náttúrulega stór klúbbur, með góðan leikmannahóp og frábært þjálfarateymi þannig að ég vonast til þess að geta hjálpað liðinu að ná markmiðum sínum og ég stefni á að bæta mig sem leikmaður,“ sagði Jónas Guðni en Logi Ólafsson, þjálfari KR, kvað Jónas Guðna passa vel inn í sín plön með KR liðið.

„Við misstum miðjumenn núna eftir tímabilið og því settum við Jónas Guðna efstan á óskalista yfir menn sem við vildum fá til okkur fyrir næsta sumar og ég er mjög ánægður með að hann sé genginn til liðs við KR. Eins og ég hef sagt þá ætlum við að reyna að spila leikkerfið 4-4-2 næsta sumar og það byggist á því að vera með leikmenn sem hafa mikla hreyfigetu og hraða, geti haldið bolta hjá sér og varist og við sjáum Jónas Guðna fyrir okkur í þessari stöðu,“ sagði Logi og Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála, tók í sama streng.



**EFTIRSÓTTUR** Jónas Guðni ákvað að ganga til liðs við KR, en talið er að bæði Valur og FH hafi verið á eftir honum. Hann sést hér með Rúnari Kristinssyni, yfirmanni knattspyrnumála hjá KR, og Loga Ólafssyni þjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Logi fór fram á að ákveðnar týpur af leikmönnum yrðu fengnar inn í liðið og við höfum verið að leita að þeim og leitin hefur borið góðan árangur eins og sannar sig með Jónasi Guðna,“ sagði Rúnar og vildi ekki meina að leikmannahópur KR væri orðinn of stór.

„Við höfum náttúrulega misst leikmenn og fengið aðra í staðinn og bætt í hópinn, en við þurfum og viljum vera með stóran hóp, minnst tvo menn í hverja stöðu, til þess að bregðast við fjölgun leikja. Aukið leikjaálag getur haft í för með sér meiri meiðsl og ef einhver dettur út viljum við geta fengið annan jafngóðan inn í liðið,“ sagði Rúnar.

**- óþ**



BYLGJAN 989 KYNNIR

# FROSTRÓSIR 2007

*Dívurnar & Tenórarnir*

## DÍVURNAR SNÚA AFTUR Á GLÆSILEGUSTU FROSTRÓSATÓNLEIKANA TIL ÞESSA

KYNNUM EINNIG MEÐ STOLTI ÍSLENSKU TENÓRANA ÞRJÁ




## LAUGARDALSHÖLL 15. DESEMBER – UPPSELT!

## LAUGARDALSHÖLL 16. DESEMBER – AUKATÓNLEIKAR

### LAUGARDALSHÖLL 16. DESEMBER

Íslensku dívurnar ásamt tenórunum þremur á Stór-jólatónleikum Frostrósa. Einnig koma fram 30 manna stórhljómsveit Frostrósa, Karlakórinn Fóstbræður, Íslenski gospelkórinn, Skólakór Kársness og fjöldi góðra gesta – alls um 200 manns á risasviði.



**Glæsilegustu jólatónleikar allra tíma í jólaskreyttri Laugardalshöllinni.**

Miðaverð: Salur A: 7.990,- UPPSELT | Salur B: 6.990,- ÖRFÁ SÆTI | Stúka: 5.900,-

### Í KIRKJUM LANDSINS 5.-8. DESEMBER

Í tilefni fimm ára afmælis Frostrósa ferðast Frostrósir um landið fyrsta sinni. Dívurnar Margrét Eir, Hera Björk, Heiða Ólafs og Regína Ósk munu syngja inn jólin ásamt strengjakvartett og öðrum hljómlistarmönnum auk góðra gesta í fjórum af fegurstu kirkjum landsins.



5. desember: **Stykkishólmskirkja**
6. desember: **Glerárkirkja Akureyri**
7. desember: **Ísafjarðarkirkja**
8. desember: **Egilsstaðakirkja**

Miðaverð: 2.990,-

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ...flytur Frostrósir um landið

ASKJA Mercedes-Benz

STOLTUR STUÐNINGSAÐILI FROSTRÓSA

MIÐASALA HAFIN Á ***midi.is*** OG SÖLUSTÖÐUM SKÍFUNNAR OG BT UM LANDIÐ

FROSTRÓSIR ...FÆRA ÞÉR JÓLIN

Við erum íslenskt fjölskyldufyrirtæki sem í fimm ár hefur fært Íslendingum vinsælustu jólatónleika og útgáfur landsins. Því höldum við áfram um leið og við færum heimsbyggðinni jólin frá Íslandi með hinu alþjóðlega Frostroses verkefni.

WWW.FROSTROSIR.IS

> **Liv Tyler**

„Fólk hefur sagt mér að ég fengi fleiri hlutverk ef ég grennti mig en ég neita að láta undan þessum þrýstingi. Afganginum af heiminum finnst ég grönn og mér líkar við líkamann minn,“ sagði Liv um þrýstinginn sem leikkonur í Hollywood verða fyrir til að uppfylla staðalímyndina. Hún leikur í Jersey Girl á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR Á BARNAEFNI

# Fróðleikur og ódýr framleiðsla



Þegar ég var námsmaður í Kaupmannahöfn var sjónvarpsstöðin DR1 minn traustasti félagi frá morgni til kvölds. Sunnudagsmorgnar voru sérleg hátíðarstund á mínu heimili. Þá var á dagskrá sá albesti sjónvarpsþáttur sem Danir hafa þróað og framleitt: sjálfur Lille nørd, sem á íslensku útleggst litli njörðurinn. Nafnið og tímasetningin gefa sterklega til kynna að hér sé á ferðinni barnaþáttur og það er alveg rétt. En það þýðir ekki að sjálfkrafa beri að afskrifa þáttinn sem léttvæga vitleysu; barnaefni getur verið misjafnt að gæðum rétt eins og annað sjónvarpsefni. Litli njörðurinn er klárlega það frumlegasta sjónvarpsefni sem ég hef augum litið í mörg herrans ár og er framleiðsla þáttanna í alla staði til fyrirmyndar.

Njörðurinn fullnægir tveimur hvötum sem eru afar ráðandi í lífi allra barna: annars vegar hvötinni til að fræðast um heiminn og hins vegar hvötinni til að leika sér. Í hverjum þætti er þannig tekin fyrir einhver dýrategund og um hana fjallað með bæði fræðslu og leik.

Þáttastjórnendurnir hefja þáttinn á að fræðast um tiltekið dýr og skoða það í sínu náttúrulega umhverfi. Að því loknu búa stjórnendurnir til leikþátt um lífsbaráttu dýrsins og eru þar gjarnan viðhöfð mikil tilþrif. Þetta er í raun alveg ótrúlega einföld sjónvarpsþáttauppskrift, en hún virkar og það ítrekað.

Þættirnir eru bersýnilega ekki dýrir í framleiðslu. Þeir eiga sér ekki einu sinni eigin leikmynd heldur gerast þeir að mestu leyti á vettvangi. Stjórnendur klæðast heimatilbúnum búningum, oft samsettum úr sundgleraugum, höttum, furðufötum, klósettpappír og öðru sem finna má á flestum heimilum, og bregða sér þannig í hlutverk dýranna.

Litli njörðurinn miðlar sem sagt fróðleik til barna á þeirra eigin forsendum og er sú nálgun til eftirbreytni. Einnig hefði ég haldið að ódýrt framleiðsluform þáttanna höfðaði sérlega til fjársveltra íslenskra dagskrárgerðarmanna.

Annars má benda á að Lille nørd er enn á dagskrá DR1, fyrir þá sem hafa aðgang að þeirri merkilegu stöð.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Jersey Girl STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.05** NCIS STÖÐ 2



▶ **21.15** Windfall SIRKUS



▶ **22.00** State of Mind SKJÁREINN



▶ **22.25** Ríki í ríkinu SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (35:52)
**17.50 Sögurnar okkar** (13:13) e.
**18.00 Geirharður bojng bojng (22:26)**
**18.25 Nægtaborð Nigellu** (9:13) e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Mæðgurnar** (16:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.
**21.05 Söngvaskáld** Dúettinn Súkkat flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Ríki í ríkinu** (4:7) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Meðal leikenda eru Jason Isaacs og Ben Daniels.
**23.20 Glæpurinn** (5:20) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós. e.
**00.15 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 I, Robot**
**08:00 Grace of My Heart**
**10:00 The Perfect Man**
**12:00 Jersey Girl**
**14:00 Grace of My Heart**
**16:00 The Perfect Man**
▶**18:00 Jersey Girl**
**20:00 I, Robot** Hörkuspennandi framtíðartryllir með Will Smith í aðalhlutverki. Myndin gerist árið 2035 þegar algengt er orðið að menn noti vélmenni.
**22:00 Around the Fire**
**00:00 Bulletproof**
**02:00 Paid in Full**
**04:00 Around the Fire**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (62:120)
**10.15 Numbers** (13:24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 America´s Got Talent** (10:15)
**14.35 America´s Got Talent** (11:15)
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 Simpsons** (8:21)
**19.50 Friends 4** (3:24)
**20.15 Amazing Race NÝTT** (1:13) Kapphlaupið mikla er hafið í tíunda skiptið. Að þessu sinni eiga Íslendingar smáhlut í einum keppandanum. Nánar tiltekið gervifæti hans, sem smíðaður var af stoðtækjagerð Össurar.
▶**21.05 NCIS** (11:24) Rannsóknarverkefni á vegum varnarmálaráðuneytisins hefur skelfilegar afleiðingar þegar sjóliði lætur lífið við vinnuna. 2006.
**21.50 Kompás**
**22.25 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk. 2007.
**23.10 Prison Break NÝTT** (1:22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Nýtt fangelsi og ný flóttatilraun. Í lok síðustu þáttaraðar lentu flóttamennirnir í klóm laganna varða í Mexíkó og hafa nú verið lokaðir inni í skelfilegasta fangelsi Mexíkó og þótt víðar væri leitað. Það þýðir aðeins eitt; hefja þarf nýja flóttatilraun. Bönnuð börnum.
**23.55 Big Love** (11:12) Bönnuð börnum.
**00.45 The Last Samurai**
**03.15 Medium** (9:22)
**04.00 Amazing Race NÝTT** (1:13)
**04.50 NCIS** (11:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**18.00 Meistaradeild Evrópu - Fréttaþáttur**
**18.30 Þýski handboltinn** (Þýski handboltinn 2007-2008 - Highlights)
**19.10 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Magdeburg og RN Löwen í þýska handboltanum.
**20.40 King of Clubs** Vandaður þáttur þar sem fjallað er um öll helstu stórlið Evrópu. Að þessu sinni er komið að stórliði Chelsea.
**21.10 Augusta Masters Official Film** Þáttur um Masters mótið árið 2004 en Masters er fyrsta risamótið af fjórum í golfinu. Árið 2004 voru þeir Phil Mickelson og Chris DiMarco í síðasta ráshópnum en þegar þarna var komið sögu hafði Mickelson aldrei sigrað á risamóti. Á síðari níu holunum léku margir fanta gott golf á lokadeginum. Má þar nefna Ernie Els, KJ Choi, Sergio Garcia Bernard Langer og Fred Couples, auk Michelsons.
**22.10 Meistaradeild Evrópu** (Slavia Prag - Arsenal) Útsending frá leik Slavia Prag og Arsenal í 4. umferð Meistaradeildar Evrópu.
**23.50 Þýski handboltinn** (Magdeburg - RN Löwen)

## SÝN 2

**07.00 Reading - Arsenal**
**14.40 Bolton - Middlesbrough**
**16.20 Sunderland - Newcastle** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)
**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola-mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 Birmingham - Aston Villa**
**20.40 Man. Utd. - Blackburn** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)
**22.20 English Premier League 2007/08** (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**2315 Chelsea - Everton**

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 How to Look Good Naked** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)
**20.00 According to Jim** (9:18) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi. Dana og Cheryl ákveða að treysta Jim og Ryan fyrir börnunum á meðan þær fara út á lífið en það hefðu þær betur látið ógert.
**20.30 Allt í drasli** (8:13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Núna heimsækja þær 34 ára ræstitækni í Reykjavík sem nennir ekki að þrífa heima hjá sér þegar hún er búin að þrífa hjá öðrum allan daginn.
**21.00 Innlit / útlit** (8:13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess.
▶**22.00 State of Mind** (2:8) Bandarísk þáttaröð um sálfræðing sem á sjálfur í miklum sálarflækjum. Ann fær ótrúa eiginmanninn til að snúa aftur heim til að reyna að sannfæra mömmu hennar um að allt sé í lukkunnar velstandi í hjónabandinu.
**22.50 Fyrstu skrefin** Frábær þáttaröð um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverkum foreldra og annarra aðstandenda.
**23.15 Silvía Nótt**
**23.40 C.S.I: New York** (e)
**00.40 Charmed** (e)
**01.40 C.S.I.**
**02.25 Vörutorg**
**03.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


EKKI TRÚA OKKUR!
Trúðu þeim.
PENTAX K10D var valin besta myndavélin í sínum flokki af öllum helstu fagmönnum 2007
TIPA 2007
EISA AWARD Best Product 2007-2008 CAMERA Pentax K10D
FOTO-VIDEO PLATZ 1
fotoDIGITAL SEHR GUT

K10D
DSLR
10.2M dílar
Hristivörn
Vatnsvarin
Frábært notendaviðmót
Frábær myndgæði
Aukahlutir á sanngjörnu verði
Aðeins kr. 89.900,-
Pentax K10D – ómótstæðilegur pakki fyrir þá sem vilja taka betri myndir
PENTAX
LJÓSMYNDAVÖRUR
Skipholti 31, sími 568-0450 ljosmyndavorur.is
BETRI MYNDIR!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.50
**Kompás**

Tólf einstaklingar hafa greinst með HIV-veiruna það sem af er árinu. Þessi illvígi sjúkdómur er ekki lengur dauðadómur. En hugsar ungt fólk um sjúkdóminn í dag? Lifa unglingar öruggu kynlífi? Fimm einstaklingar smitast af klamydíu á hverjum degi og enn fleiri smitast af kynfæravörtum og Herpes. Kompás kynnist viðhorfum ungs fólks til kynlífs, kynsjúkdóma og kynfræðslu.



### ▶ CROSSING JORDAN
**Sirkus kl. 22.45**

Einn lífseigasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Haldið er áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavanaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Í kvöld fer Jordan í ferðalag til að sanna sakleysi sitt í morðmáli J.D. Hún rannsakar á örvæntingarfullan hátt allt sem gæti hjálpað henni að leysa gátuna um hvað gerðist nóttina sem J.D. var myrtur.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**15.30** Dr. RÚV
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Ættland í norðri
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (56:260)
**19.30 Hollyoaks** (57:260)
**20.00 The George Lopez Show** (16:22)
**20.30 Johnny Zero** (2:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrverandi fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
▶**21.15 Windfall** (9:13) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki föl og vandræðin eru rétt að hefjast.
**22.00 Side Order of Life** (5:13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey´s Anatomy og Ally McBeal og fjallar um Jenny sem er á þrítugsaldri. Hún vaknar upp við þann vonda draum að hafa aldrei látið verða að því að lifa lífinu til fulls. En þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf. (5:13) Jenny nýtur þess að vera einhleyp og er ekki viss um að hún vilji fara í annað samband. Hún samþykkir engu að síður að fara á stefnumót með manni sem gengið hefur á eftir henni lengi. 2007.
**22.45 Crossing Jordan NÝTT** (1:17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Bönnuð börnum.
**23.30 Janice Dickinson Modelling Agency**
**00.15 E-Ring** (15:22)
**01.00 Kenny vs. Spenny**
**01.20 Ren & Stimpy**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson er í Flórída. Hann ræðir mál líðandi stundar yfir hafið við gesti í myndveri ÍNN
**20.30 Vigtarráðgjafarnir** Íslensku vigtarráðgjafarnir mæta aðra hverja viku í myndver ÍNN stútfullar af góðum næringarráðum.
**21.00 Kötturinn í sekknum** Lilja Þórisdóttir bregður sér í hlutverk ofurneytandans.
**21.30 Þórhildur** Þórhildur Þorleifsdóttir viðrar sína skoðun á menningu okkar Íslendinga.

### DR 1

**12.50** Matiné: På dessa skuldror **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Türkisch für Anfänger **16.25** Flag Stories - en français **16.30** Krokomax **17.00** BoliBompa **17.10** Småkryp **17.20** Tippe **17.30** Seaside hotell **17.45** Rekordbyrån **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Simning: Världscupen **21.30** Kate & Leopold **23.25** Rapport **23.35** Kulturnyheterna **23.45** Grotesco **0.15** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige

### NRK 1

**16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **17.00** Dyrlege Due **17.10** Småspøkelsene **17.20** Angelina Ballerina **17.35** Kl¢nete kl¢ner **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Det skriker fra Juvlijuvet **18.55** Drømmerollen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Heroes **23.00** Filmplaneten **23.30** Why Democracy? **0.25** Kulturnytt **0.35** Autofil jukeboks.

### SVT 1

**11.15** Aftenshowet **11.30** Aftenshowet **12.00** Valg07 - TV Avisen Ekstra **12.15** Livet på Sprog¢ **13.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **13.20** Har vi travlt mor? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.20** Hans og Edith **15.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **15.15** Brutalis er et næsehorn **16.00** Valg 07 - TV Avisen Ekstra **16.20** Valg N¢rd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Valg 07 - Valgaften **23.00** Forbrydelsen **5.30** Valg 07 - Morgen

HIMNARÍKI OG HELVÍTI EFTIR JÓN KALMAN
ÞAÐ ER STUTT Á MILLI LÍFS OG DAUÐA



Jón Kalman hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu skáldsögu sína, Sumarljós, og svo kemur nóttin. Þessi saga gerist fyrir meira en hundrað árum, fyrir vestan, inni í firði, á milli hárra fjalla, eiginlega á botni heimsins, þar sem sjórinn verður stundum svo gæfur að það er hægt að fara niður í fjöru til að strjúka honum.

JÓN KALMAN

BJARTUR

★★★★★ JÓN KALMAN ER KOMINN Í RÖÐ OKKAR MESTU OG MIKILVÆGUSTU HÖFUNDA
PÁLL BALDVIN, FRÉTTABLAÐIÐ




★★★★ „ÞETTA ER FRÁBÆR SKÁLDSAGA ... ÞAÐ ERU KAFLAR Í ÞESSARI BÓK SEM ERU MEÐ MAGNAÐRI PRÓSA SEM SKRIFAÐUR HEFUR VERIÐ Á ÍSLENSKU UNDANFARNA ÁRATUGI.“
JÓN YNGVI, ÍSLAND Í DAG

DYNAMO REYKJAVÍK

## MORGUNMATURINN



*„Þessa dagana fæ ég mér helst lífrænt kornflex sem fæst í öllum heilsubúðum. Út á set ég sojamjólk, fersk epli og þurrkaðar apríkósur. Svolítið vesen að útbúa en alveg þess virði, er alveg rosalega gott."*

Alma Guðmundsdóttir, söngkona í Nylon.

# 210 þúsund krónur fyrir gítar Bubba Morthens

„Við vitum nafnið en sá sem bauð vill ekki að það komi fram strax," segir Atli Þór Albertsson, annar umsjónarmanna útvarpsþáttarins A til J á Rás 2, en að þessu sinni hefur Bubbi Morthens gefið áritaðan gítar til styrktar unglingadeild SÁÁ. Atli var að vonum ákaflega ánægður með gjöf kóngsins og bætti því við að fólk væri með kaupum sínum á hlutunum að styrkja gott málefni. A til J hefur að undanförnu vakið mikla athygli fyrir hluti sem hafa verið boðnir upp en meðal þeirra eru gleraugu Jóns Gnarr sem fóru á hundrað þúsund krónur, geisladiskasafn Rúnars Júl og fágætt rússneskt plakat af 101 frá Baltasar Kormáki.

Og menn sem hafa mikinn áhuga á gítnum Bubba Morthens ættu ekki að láta þetta happ úr hendi sleppa því tónlistarmaðurinn er ekki mikið fyrir að gefa frá sér hljóðfæri. Marga rámar eflaust í þegar Bubbi gaf eitt af sínum eftirlætishljóðfærum í Neyðarhjálp úr norðri sem seldist fyrir ágætis pening. „Mér finnst það alls ekki þægilegt að gefa frá mér gítar og ég á í raun mjög erfitt með að ganga fram hjá hljóðfærabúðum án þess að fara inn, prófa gítar og kaupa hann," segir Bubbi sem hélt að hann ætti annaðhvort tíu eða tólf slík hljóðfæri. „Og ég vil helst eiga sem flesta," bætir hann við. „En mér rennur blóð til skyldunnar, SÁÁ hefur verið lífgjafi minn eins langt og það nær og samtökin bjóða upp á fagmannlegustu þjónustuna fyrir ungt fólk með áfengis-og vímuefnavandamál," útskýrir Bubbi og segir unglingadeildina ásamt BUGL og Samtök krabbameinssjúkra barna vera þær þrjár stofnanir sem hann reynir alltaf að styrkja. - fgg



**ILLA VIÐ AÐ MISSA HLJÓÐFÆRI** Bubba segist alls ekki líða vel með að gefa frá sér gítar en honum renni blóð til skyldunnar þegar SÁÁ er annars vegar.



**ÁNÆGÐUR MEÐ GJÖFINA** Atli Þór var að vonum ánægður með gítarinn frá Bubba en kaupverðið rennur til styrktar unglingadeild SÁÁ.



**LÁRÉTT**
**2.** lofttegund **6.** frá **8.** ái **9.** eldsneyti **11.** verslun **12.** vanvirðing **14.** korr **16.** í röð **17.** pota **18.** rekkja **20.** tvíhljóði **21.** skynsemi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** drykkur **3.** átt **4.** glýja **5.** lúsaegg **7.** vættur **10.** hylur **13.** skammst. **15.** kaup **16.** tímabils **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** óson, **6.** af, **8.** afi, **9.** kol, **11.** bt, **12.** ósómi, **14.** snörl, **16.** áb, **17.** ota, **18.** rúm, **20.** au, **21.** sinn.

**LÓÐRÉTT: 1.** kakó, **3.** sa, **4.** ofbirta, **5.** nit, **7.** fossbúi, **10.** lón, **13.** möo, **15.** laun, **16.** árs, **19.** mn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Forseti Íslands, **Ólafur Ragnar Grímsson,** hitaði upp fyrir Edduna því á laugardagskvöldinu skellti hann sér í Smárabíó ásamt dóttur sinni. Forsetinn pantaði í gegnum síma tvo miða í lúxussal á Lions for lambs sem fjallar um baráttuna gegn hryðjuverkum. Starfsfólk Smárabíós var víst upp með sér yfir heimsókninni þótt ekki fylgi sögunni hvernig Ólafi fannst myndin.





FIMMTA EDDAN Í HÚS Ingvar E. Sigurðsson segist ekki vera kominn í áskrift að Eddunni, þetta sé stundum bara spurning um að vera réttur maður á réttum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### INGVAR E. SIGURÐSSON: Á SEX EDDUR HEIMA HJÁ SÉR

# Ingvar verður aftur Erlendur

„Ég veit ekki hvort ég er kominn í áskrift, stundum er það bara þannig að maður er réttur maður á réttum stað í bland við annað," segir Ingvar E. Sigurðsson, sem fékk á sunnudagskvöldið sína fimmtu Eddu. Þá fyrstu fékk hann fyrir leik sinn í stuttmyndinni Slurpinn & Co eftir Katrínu Ólafsdóttur og í gær var það hlutverk hans sem Óskar Sveinn í kvikmyndinni Foreldrar. Ingvar á þó eiginlega sex Eddur enda kvæntur Eddu Arnljótsdóttur.

Leikarinn segist eiga þær allar enn þá en þær séu ekki uppi á hillu á áberandi stað heldur hér og þar. Þau hjónin séu nýbúin að flytja og því engin röð og regla komin á hlutina enn þá. „Auk þess er ég ekkert mikið fyrir að skreyta heimilið mitt með verðlaunum," segir Ingvar.

Leikarinn staðfesti jafnframt að hann myndi endurtaka leikinn sem Erlendur rannsóknarlögreglumaður í kvikmyndinni Grafarþögn eftir sögu Arnaldar Indriðasonar en eins og kom fram ísjónvarpsþættinum Laugardagslögin ætlar Baltasar Kormákur að gera kvikmynd eftir bókinni. Og Ingvar fékk einmitt einnig Edduna fyrir leik sinn sem rannsóknarlögreglumaðurinn sérlundaði í fyrra. Mýrin, sem einnig var byggð á sögu Arnaldar, sló í gegn á síðasta ári og náði áður óþekktum áhorfendatölum. Björn Hlynur og Ólafía Hrönn munu að öllum líkindum einnig snúa aftur sem Sigurður Óli og Elínborg.

Ingvar segist eiga erfitt með að gera upp á milli barnanna sinna, segir að fyrstu verðlaunin hafi komið honum gjörsamlega í opna skjöldu en getur ekki leynt því að verðlaunin á sunnudagskvöld hafi staðið honum nærri en önnur. „Sú persóna varð eiginlega til í kollinum á mér frá upphafi og ég á það margar blaðsíður með þessum gaur að það væri hægt að gera heila bíómynd bara með honum," segir Ingvar og bætir því við að hann hafi ekki lagt það í vana sinn að búast við verðlaunum þrátt fyrir þessa miklu velgengni á Eddunni. „Maður getur ekkert verið að velta svoleiðis hlutum fyrir sér," útskýrir hann.

freyrgigja@frettabladid.is

### SIGRAR INGVARS E.

Slurpinn & CO-1999
Englar alheimsins-2000
Kaldaljós-2004
Mýrin-2006
Foreldrar-2007

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þrátt fyrir að margar stjörnurnar hafi eflaust velt því mikið fyrir sér í hverju þær ættu að vera á Hilton-hótelinu á Eddunni á sunnudagskvöldinu stal **Baltasar Kormákur** óneitanlega senunni þegar hann afhenti verðlaun fyrir bestu myndina ásamt Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Baltasar upplýsti að þetta væri sú múndering sem hann þyrfti að klæðast fyrir kvikmyndina Reykjavík-Rotterdam en það sem vakti örugglega mestu athyglina var forláta eyrnalokkur sem Baltasar bar. Sá er víst einnig fyrir myndina en leikarinn þurfti þó ekki að láta stinga sig að nýju, því fyrir var gat frá þeim tíma þegar Baltasar lék Óþellu í uppfærslu Nemendaleikhússins og skartaði slíkri eyrnaprýði.

Mörgum þótti Veðramót hljóta heldur rýra uppskeru á Eddunni en þrátt fyrir ellefu tilnefningar var það einungis Jörundur Ragnarsson sem fékk styttuna fyrir bestan leik í aukahlutverki. **Guðný Halldórsdóttir**, leikstjóri myndarinnar, lá heldur ekkert á skoðunum sínum í samtali við vefsíðuna vísir.is og sagði þar að þótt hún hefði hjá flestum gagnrýnendum hlotið afbragðsdóma hefðu samstarfsfélagar hennar í kvikmyndagerð ekki verið þeim sammála. „Jú, jú, gagnrýnendum þótti myndin góð en bransanum fannst þetta vont," sagði Guðný við Vísi. - fgg


















# Milljarður króna í niðurhal

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, segir að verðmæti þeirra skráa sem skipti um eigendur við ólöglegt niðurhal geti numið yfir einum milljarði íslenskra króna á hverju ári. Hann segir til að mynda að meðalvirðið af hverri torrentskrá sé metið á 1.500 krónur og ef miðað sé við að fimmtán til sextán þúsund notendur sæki efnið fáist þessi upphæð út. „Ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því hversu mikil verðmæti er hér um að ræða," segir Snæbjörn og bendir til að mynda á finnska dómsmálið í garð vefsíðunnar Finn Reactor. Þar voru þeim alls 21, sem komu nálægt svipaðri síðu og torrent er, dæmdir til að greiða fimmtíu milljóna króna sekt af ríkinu.

Vefsíðan Torrent.is hefur nú brugðist við mikilli umfjöllun um niðurhal af síðunni og sett upp bannlista. Sjónvarpsþáttaröðin Næturvaktin hefur verið vinsælust þar en nú er bannað að setja inn skrár með henni. Netverjar hafa þó brugðist við þessu banni og á piratebay.org hafði notandi að nafni The Cola-kid setti inn átta síðustu þætti. Og hlotið mikið lof fyrir í athugasemdakerfinu.

„Við erum að berjast af fullum krafti í þessu máli og þetta tekur sífellt meiri tíma og aukinn fókus," segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, þegar hann var inntur eftir viðbrögðum sínum við Næturvaktinni á piratebay. Sjónvarpsstjórinn sagði erfitt að meta nákvæmlega hversu mikið tjón hlytist af slíku ólöglegu niðurhali á Næturvaktinni. „En það gæti hlupið á tugum milljóna," segir Pálmi. Undir það tekur Snæbjörn. - fgg



**MEIRI VERÐMÆTI EN MARGAN GRUNAR** Snæbjörn segir að meðalvirðið af hverri torrent-skrá sé metið á 1500 krónur.


EDDA 2007
TIL HAMINGJU!
4 EDDUVERÐLAUN TIL SJÓNVARPSINS
SJÓNVARPIÐ
Út og suður
ÚT OG SUÐUR
Frétta- og/eða viðtalsþáttur ársins
KILJAN
Menningar- og/eða lífsstílsþáttur ársins
GETTU BETUR
Skemmtiþáttur ársins
EGILL HELGASON
Sjónvarpsmaður ársins

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Út í sjoppu*

**HVER** æjar? Hver veinar? Hver á í deilum? Hver kvartar? Hver fær sár að þarflausu? Hver rauð augu? Þeir sem sitja við vín fram á nætur, þeir sem koma saman til að bergja á krydduðum drykkjum.

**SPAKMANNLEG** og skemmtileg þykja mér orðin hér að ofan enda koma þau úr kjarnyrtri lífsspeki Salómons sem finna má í Orðskviðum Gamla testamentisins.

**LÍKLEGA** er drukkið fólk það allra leiðinlegasta sem hægt er að hugsa sér. Þegar byrjað var að ræða um að banna reykingar á veitingahúsum og skemmtistöðum vegna þess hve ægilega óhollar þær eru, kinkaði ég kolli samþykkjandi. Hins vegar furðaði ég mig á að enginn legði til að banna áfengisdrykkju á slíkum stöðum. Slík drykkja er afar óholl. Skýtur ekki skökku við að hér á landi sé umræðan um áfengi nær eingöngu í þá átt að það sé hægt að kaupa nær alls staðar og á öllum tímum sólarhringsins? Sérstaklega þegar við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að slíkt hefur í för með sér aukna neyslu, hærra verð og langtum minna úrval. Hvaða matvörubúð vill taka pláss fyrir heilt ríki í sinni verslun? Þá hljótum við einnig að gera okkur grein fyrir því að aukin neysla hefur í för með sér frekari heilbrigðisvandamál og þar með hærri skatta.

**VÍNBÚÐIR** hafa gegnt hlutverki sínu vel og lagt sig fram um að bæta vínmenningu á landinu. Mikið efast ég um að matvöruverslanir fari að sinna því hlutverki jafn vel. Hafa þær auk þess bolmagn til að sinna sölu á þessu í allri manneklunni og með alla sína táninga að störfum? Er þetta réttindamál sem vert er að berjast fyrir?

**ÉG** hef grun um að Salómon hafi verið þurrkaður alki ef marka má Orðskviðina, að minnsta kosti hefur áfengisvandamál verið alveg jafn viðloðandi á tímum Gamla testamentisins ef marka má þessi orð sem finna má í þeim: „Horf þú ekki á vínið, hve rautt það er, hversu það glóir í bikarnum og rennur ljúflega niður. Að síðustu bítur það sem höggormur og spýtir eitri sem naðra.“ Ég hef aldrei fundið til trúarþarfar. Varnaðarorð um vímuefni þykja mér þó alltaf viðeigandi, jafnvel þótt mér þyki gaman að fá mér smá lögg með félögum. Sem betur fer hef ég prýðilegar vínbúðir til að sjá mér fyrir áfengum drykkjum og þakka ég mínu sæla fyrir að hafa aldrei fundið þörf til að stökkva eftir slíkum vökva út í næstu sjoppu seint um kvöld.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 13. nóvember, 317. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.48 | 13.12 | 16.35 |
| Akureyri | 9.47 | 12.57 | 16.05 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1914

Við getum nú boðið takmarkað magn af Passat Variant með geysiöflugri 140 hestafla 2,0 TDI® dísilvél sem eyðir aðeins 6,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Sítengt aldrif (4Motion) gerir vetraraksturinn að magnaðri upplifun.

**Innifalinn 285.000 kr. aukahlutapakki**

- 16” álfelgur
- Skyggðar rúður
- Aftengjanlegt dráttarbeisli
- Akstursstölva
- Leðurklætt stýri
- Fjarlægðarskynjarar að aftan og framan
- Silfurlitir þakbogar
- Hiti í framsætum
- 230V tengi í farþegarými

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi